

16

18

24-25

Þorir þú að
smakka?

Gestum fjölgað jafnt og
þétt ári frá ári

Klappar vélunum
stundum á húddið

Bændablaðið

18. tölublað 2014 ● Fimmtudagur 25. september ● Blað nr. 427 ● 20. árg. ● Upplag 32.000

588 þúsund fjár verður slátrað á þessu hausti

– Svipaður fjöldi og í fyrra en féð er heldur vænna

Fé kemur nokkuð vænt af fjalli þetta haustið og fallþungi í flestum tilfellum meiri en í fyrra.

Þannig er hann 0,1 kg meiri nú en á sama tíma í fyrra hjá Sláturfélagi Suðurlands, en heilu kíló meiri hjá Fjallalambi – svo dæmi séu tekin.

Skrokkaþjöldi er svipaður á milli ára og sömuleiðis magnið sem fer í heimtöku, þótt á heildina litið fari það magn vaxandi sem bændur taka heim.

Kaupfélag Skagfirðinga (KS) og Norðenska munu hvort um sig slátra nálægt 115 þúsund fjár þetta haustið.

Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri hjá Norðenska, segir að á síðasta ári hafi fjöldinn verið 114.600 og honum sýnist það verði aðeins fleira nú en í fyrra.

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, telur að sláturfjöldinn verði um 105 þúsund á þessari vertíð – sem er svipað magn og í fyrra.

Gunnar Tryggvi Halldórsson, framkvæmdastjóri SAH, segir að sambærilegum fjölda verði nú slátrað og á undanföllum árum, eða um 100 þúsund fjár.

Magnús Freyr Jónsson, forstöðumaður Sláturhúss KVH á Hvammstanga, telur svipuðum fjölda verða slátrað nú og á síðasta hausti, eða um 91 þúsund.

Hjá Birni Víkingi Björnssyni, framkvæmdastjóra Fjallalambs, fengust þær upplýsingar að dilkar væru þar mjög vænir og vel á sig komnir. Slátrað verður um 30 þúsund fjár hjá Fjallalambi, sem er örlitil fækkun frá því í fyrra.

Skúli Þórðarson, sláturhússtjóri hjá Sláturhúsi Vopnfirðinga, segir að slátrað verði 32 þúsund fjár, en það er um 1.500 fleira en í fyrra.

/smh

– Sjá samantekt á bls. 2

Útflutningur á svínakjöti að hefjast til Rússlands

– Leyfi væntanlegt í vikunni

Allt bendir til að útflutningur á svínakjöti til Rússlands hefjist fljótlega. Í fyrstu verða flutt út milli 100 og 200 tonn, sambærilegt verð fæst fyrir kjötið í Rússlandi og hér.

Geir Gunnar Geirsson, framkvæmdastjóri Stjörnugríss, segir að það ráðist í vikunni hvort leyfi fáiast til að flytja íslenskt svínakjöt til Rússlands. „Við erum búnir að vinna lengi í þessu og ég á ekki von á öðru en að leyfið fáiast. Magnið sem um ræðir er milli 100 og 200 tonn að lágmarki og verðið er ásettanlegt og litlu lægra en fæst fyrir kjötið hér.“

Að sögn Geirs hefur innflutningur á svínakjöti gert framleiðendum hér



erfitt um vik að losna við ákveðna vöruflokka og hluta svínakjötsins og því gott að fá aðgang að öðrum mörkuðum með þá. „Rússarnir kaupa skepnuna eins og hún leggur sig og taka því allt nema hrínið. Fáist leyfið munu við hefja útflutning við fyrsta tækifæri enda talsvert magn tilbúið í frystigeymslum.“

/VH



„Við erum rétt aðeins að byrja að taka upp og uppskera lofar góðu. Mér sýnist að hún muni verða álíka mikil og í fyrrahaust en þá fengum við mjög góða uppskeru.“ segir Friðjón Þórarinnsson, bóndi á Flúðum á Fljótsdalshéraði, en bærinn er skammt norðan Egilsstaða. – Sjá nánar bls. 22

Mynd / MÍP

Samkeppniseftirlitið sektar MS um 370 milljónir fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu:

Krafa um endurskoðun á búvörulögum

– Mjólkursamsalan áfrýjar og formaður LK segir að fara verði að lögum en íhuga verði vandlega afleiðingarnar ef breyti eigi lögum

Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að sekta Mjólkursamsöluna um 370 milljónir króna vegna meintrar misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og að hafa beitt smærri keppinauta mismunun. Mjólkursamsalan ætlar að áfrýja úrskurðinum en málið virðist ætla að draga dilk á eftir sér.

Framkvæmdastjóri Mjólkurbúsins Kú telur að tjón fyrirtækisins vegna

viðskiptahátta MS nemi um 200 milljónum króna. Hörð krafa hefur komið fram í kjölfarið að MS verði gert að fara að samkeppnislögum og að lög númer 99 frá 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum verði endurskoðuð.

Samkeppniseftirlitið telur að með því að selja samkeppnisaðilum hrámjólk á 17% herra verði en til fyrirtækja tengdum

MS hafi fyrirtækið valdið samkeppnisaðilunum talsverðum skaða. Brotið er talið alvarlegt þar sem það tengist mikilvægum neysluvörum og hefur varað í langan tíma, eða að minnsta kosti frá árinu 2008 og til ársloka 2013.

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra segir of snemmt fyrir hann að segja nokkuð um málið. „Við erum með ákveðinn

lagagrunn í landinu og hann gildir en mér sýnist við fyrstu sýn að Samkeppniseftirlitið sé að láta reyna á búvörulögin. Ég vil því ekki tjá mig um málið fyrr en ég er búinn að fá greiningu á úrskurði Samkeppniseftirlitsins.“

Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda (LK), segir að að sjálfsögðu eigi MS að fara að lögum.

„Það hlýtur að vera okkar krafa að þessir aðilar sem starfa á markaðnum innan ramma búvörulaganna fari eftir þeim lögum og reglum sem þeim eru ætluð. Mér virðist þó að í áliti Samkeppniseftirlitsins sé komið fram lögfræðilegt álitamál um hvað þeir mega og mega ekki.“ Hann segir að í gangi sé vinna við að skoða reynsluna af þessu fyrirkomulagi hjá Hagfræðistofnun. – Sjá bls. 4

Fréttir



Landbúnaðarsafn Íslands:

Flytur í nýtt húsnæði

Landbúnaðarsafn Íslands verður opnað í nýju húsnæði 2. október næstkomandi klukkan 16.00.

Nýja húsnæðið sem um ræðir er gamla fjósið á Hvanneyri sem var byggt árið 1928.

Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri og verkefnisstjóri safnsins, segir að flutningi muna í nýja húsnæðið sé lokið og uppröðun langt á veg komin. „Hér verður því allt klárt á opnunardegi. Gamla fjósið sem hýsir sýninguna núna er sýningargripur út af fyrir sig og að öllu leyti hentugra húsnæði en þar sem sýningin var áður. Sýningarrýmið er líka stærra og því hægt að gera sögunni betri skil. Sýningarsvæðið mun svo stækka enn meira á næstu tíu árum.

Landbúnaðarsafnið var sett á laggirnar árið 1940 og hét þá Verkfærasafn ríkisins, nafninu var seinna breytt í Búvélasafnið og heitir nú Landbúnaðarsafn Íslands. Í safninu er að finna sýnishorn af búvélum og þar er rakin saga tækniþróunar og vélvæðingar landbúnaðarins. /VH

Stóðréttir á Norðurlandi

Stóðréttir verða í Árhólarétt í Unadal í Skagafirði á morgun, föstudaginn 26. september.

Á laugardag, 27. september, verður svo réttað í Laufskálarétt í Hjaltadal í Skagafirði. Það eru jafnframt síðustu stóðréttirnar í þessum mánuði. Næstu stóðréttir þar á eftir verða laugardaginn 4. október. Þann dag verður réttað í Deildardalsrétt í Deildardal í Skagafirði, líka í Flókadalsrétt í Fljótum, Undirfellsrétt í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu, Víðidalstungurétt í Víðidal í Vestur-Húnavatnssýslu og í Tungurétt í Svarfæðardal í Eyjafirði.

Stóðréttir verða einnig í Eyjafjarðarsveit laugardaginn 4. október. Réttað verður í Þverárrett kl. 10 og í Melgerðismelarétt kl. 14.

Sjóður til eflingar byggðarannsóknum

Á Byggðaráðstefnu Íslands 2014, sem haldin var á Patreksfirði 19. og 20. september síðastliðinn, kynnti Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra byggðamála, sérstakan byggðarannsóknasjóð sem verður settur á laggirnar.

Sjóðurinn mun hafa til ráðstöfunar allt að 10 milljónum króna á ári, næstu þrjú árin að minnsta kosti.

Er vonast til þess að með rannsóknum, sem hægt verður að stunda með stuðningi úr sjóðnum, verði hægt að leggja mikilsverðan grunn við mótun byggðastefnu. Ljóst þykir að gögn hefur vantað fyrir fræðilegan grunn og erfiðlega hefur gengið að fjármagna byggðarannsóknir í gegnum samkeppnissjóðina sem til staðar eru. /smh

Yfirferð um afurðastöðvar í sláturtíðinni:

Fé vænna en í fyrra

– Heimtaka á kjöti fer heldur vaxandi

Afurðasalar eru sammála um að fé kemur nokkuð vænt af fjalli þetta haustið og fallþungi í flestum tilfellum meiri en í fyrra. Þannig er hann 0,1 kg meiri nú en á sama tíma í fyrra hjá Sláturfélagi Suðurlands, en heilu kíló meiri hjá Fjallalambi – svo dæmi séu tekin.

Skrokkafjöldi er svipaður á milli ára og sömuleiðis magnið sem fer í heimtöku, þó á heildina litið fari það magn vaxandi sem bændur taka heim.

Flestu fé slátrað hjá KS og Norðlenska

Kaupfélag Skagfirðinga (KS) og Norðlenska munu hvort um sig slátra nálægt 115 þúsund fjár þetta haustið. Samkvæmt upplýsingum frá Ágústi Andréssyni, forstöðumanni KS, er áætlað að um 115 þúsund dilkum verði slátrað hjá þeim, en það er svipað því sem verið hefur á undanförnum árum. Eftir fyrstu 10 þúsund lömbin er fallþunginn hálfu kíló meiri en í fyrra.

Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri hjá Norðlenska, segir að í fyrra hafi fjöldinn verið 114.600 og honum sýnist að það verði aðeins fleira nú en í fyrra. Fallþungi hjá Norðlenska er um hálfu kíló meiri en í fyrra.

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands (SS), telur að sláturfjöldinn verði um 105 þúsund á þessari vertíð – sem er svipað magn og í fyrra – og fallþunginn er svipaður, eins og áður segir.

Gunnar Tryggvi Halldórsson, framkvæmdastjóri SAH, segir að sambærilegum fjölda verði nú slátrað og á undanförnum árum, eða um 100 þúsund fjár. Fallþungi lofar góðu og er um hálfu kíló meiri en í fyrra.

Magnús Freyr Jónsson, forstöðumaður Sláturhúss KVH á Hvammstanga, telur svipuðum fjölda verða slátrað nú og á síðasta hausti, eða um 91 þúsund. Vel lítur út með fallþunga.

Hjá Birni Víkingi Björnssyni, framkvæmdastjóra Fjallalambs, fengust þær upplýsingar að dilkar væru þar mjög vænir og vel á sig komnir. Í fyrstu viku sláturtíðar voru dilkar einu kíló þyngri en eftir jafnmarga daga á síðasta ári. Slátrað verður um 30 þúsund fjár hjá Fjallalambi, sem er örlítill fækkun.

Skúli Þórðarson, sláturhússtjóri hjá Sláturhúsi Vopnfirðinga, segir lömbin vera 180 g þyngri miðað við sömu daga í fyrra. Slátrað verður 32 þúsund fjár, en það er um 1.500 fleira en í fyrra.

Heimtaka eykst hjá þremur afurðasölum

Nokkuð breytilegt er hvernig fyrirkomulag er á heimtöku meðal afurðasala. Hjá KS, SS og SAH afurðum hefur heimtaka heldur verið að aukast, en annars staðar er hún á svipuðu róli á milli ára.

Hjá SS er heimtaka talin vera um sjö prósent af slátrun. Ekki er hámark á heimtöku, en þó er stórfelld heimtaka verðlögð sem verktakaslátrun á hærra verði en „venjuleg“ heimtaka. Að sögn Steinþórs hafa ekki verið gefin út hrein mörk í þessu en hann segir ljóst að ef heimtaka fer yfir 35–40 stykki þá sé hún umfram „venjulega“ heimtöku sem nægi flestum og kosti þá 4.310 kr. á stykkið. Hann segir fínsögun kosta aukalega 690 kr. á stykkið og gjald fyrir heimtöku og sjö parta sögun sé 2.950 kr. á stykkið fyrir dilka og 3.090 kr. fyrir fullorðið. Ekki er hámark á heimtöku hjá KS. Fyrir fullorðið og veturgamalt



Um 588 þúsund fjár verður slátrað á þessu hausti.

kostar stykkið 3.050 kr. og 180 kr. fyrir hvert kíló á dilk. Innifalið er sjö parta sögun og fyrir fínsögun er rúkað aukalega 33 kr. á kílóíð.

Hjá Norðlenska er miðað við 240 kg hámark á heimtöku og verða aðilar að hafa samband og semja um gjald fyrir heimtöku ef það fer yfir þá þyngd.

Tekið er 2.850 kr., fyrir utan vsk., fyrir lambið, en ekki er greitt fyrir sjö parta sögun. Verð fyrir fullorðið er 3.120 kr. á stykkið. Fyrir fínsögun er tekið 505 kr. gjald á stykkið.

Gunnar Tryggvi segir að heimtaka sé talsverð hjá SAH og var nálægt 90 tonnum haustin 2012 og 2013. Gert sé ráð fyrir sambærilegu magni nú þótt aukning sé alltaf einhver. Telur hann jákvætt að innleggjendur séu að vinna í markaðsmálum sjálfir. Ekki er hámark á heimtöku og segir Gunnar að sumir taki allt heim. Eitt heimtökugjald er hjá SAH, sem er 2.942 kr. á stykkið. Inni í því gjaldi er gróf- og fínsögun, þannig að viðskiptavinirnir velja sjálfir hvernig kjötið er sagað án aukakostnaðar. Ekki eru neinir aðrir skilmálar varðandi heimtöku frá SAH, nema þeir að geymslur þurfa að vera tæmdar fyrir næstu sláturtíð – eða 15. september.

Skúli segir heimtöku ekki hafa breyst hjá Sláturhúsi Vopnfirðinga á síðustu árum – og hún sé til heimanota, fyrir utan fjóra aðila sem selja beint eða í gegnum Austurlamb. Ekki er beinlínis um hámark að ræða, en semja þarf um verð á magni umfram eðlileg heimanot – þar sem verð fyrir heimtekið er undir kostnaðarverði. Ekki er sérverð á sjö parta sögun. Fínsögun kostar 220 kr. á stykkið og 200 kr. þar sem annað lærið er sneitt og hluti af framparti er í sneiðum. Æskileg er að bóndi geti tekið heimtöku innan þriggja daga, en bændur geta líka tekið heim úr birgðum hússins og geta þá tekið kjötið þegar þeim hentar.

Magnús hjá Sláturhúsi KVH á Hvammstanga segir að ekki sé hámark á heimtöku hjá þeim. Hún hafi verið 3,9 prósent síðustu þrjú ár og sé svipuð núna. Sláturkostnaður fyrir heimtöku sé 180 kr. á kílóíð og takmarkast við eðlilega heimanotkun og heimasölu bænda. Fyrir heimtöku umfram 200 kg er verðið 220 kr. á kílóíð. Gjald fyrir fullorðið og veturgamalt er kr. 3.050 á stykkið.

Skrokkar sem teknir eru heim skulu sóttir eigi síðar en tveimur dögum eftir slátrun, en daginn eftir ef það á ekki að frysta þá.



Magnús segir mikilvægt að það komi fram, þegar fé er afhent til slátrunar, hvort og hvað eigi að taka heim og hvort viðkomandi vilji fá kjötið fryst og/eða sagað – og hvernig eigi að saga.

Ekki er tekið sérstakt gjald fyrir sjö parta sögun en 33 kr. á kílóíð fyrir fínsögun. Innmatur fylgir ekki heimtöku.

Björn Víkingur segir að ekki sé hámark hjá Fjallalambi. Heimtaka sé svipuð á milli ára, yfirleitt um 30 tonn. Um tvenns konar heimtöku sé að ræða. Eigin birgðir og Fjallalambsbirgðir. Eigin birgðir er heimtaka eigin lamba og er þá sérmerkt viðkomandi bónda í slátrun og eftir það. Við geymum þær birgðir svo fyrir bændur þangað til þeir óska eftir því að fá hann sagaðan.

Innifalið í sláturkosnaði er sjö parta sögun sett í kassa. Sláturkostnaður eigin birgða fyrir lömb er 232 kr. á kílóíð. Sláturkostnaður Fjallalambsbirgða fyrir lömb er 187 kr. á kílóíð.

Sláturkostnaður eigin birgða fyrir fullorðið er 198 kr. á kílóíð, en 169 kr. kílóíð fyrir Fjallalambsbirgðir.

Fjallalambsbirgðir velja bændur á vigtarseðli eftir slátrun. Sú heimtaka er í kílóum. Bændur taka þau kíló út þegar þeim hentar. Grófhlutun er inni í sláturkostnaði á heimtöku, en gjald er tekið ef beðið er um meiri sögun. Ekki fengust nákvæmari upplýsingar um verðlagningu vegna heimtöku hjá Fjallalambi.

Einn afurðasali þjónustar bændur með lífrænt vottað fé

Meðal afurðasalanna var einnig kannað hvort þjónusta væri við bændur með lífrænt vottað fé og hvort þeir hefðu fundið fyrir eftirspurn eftir slíki þjónustu.

Í ljós kemur að einungis SAH tekur að sér slátrun á lífrænt vottuðu fé. SS, Norðlenska og Sláturhús KVH þjónustuðu þessa bændur en hafa nú hætt því. Steinþór segir það ekki hafa borgað sig og Magnús segir að þar sem ekki hafi litið út fyrir neitt innlegg í ár hafi þeir hætt. Reynir segir að kostnaðurinn hafi verið mikill og einungis einn aðili hafi sóst eftir þessari þjónustu – og þá ekki á hverju ári.

Björn Víkingur segir þá hafa velt möguleikanum fyrir sér en ekki hafi enn orðið af því. Reyndar hafi hann ekki orðið var við mikla eftirspurn, en aukist hún séu þeir tilbúnir að skoða málið. Hjá KS og Sláturfélagi Vopnfirðinga hefur ekki komið til tals að bjóða upp á þjónustuna, enda sé ekki eftirspurn.

Gunnar Tryggvi segir þá hafa vottun til að slátra og vinna lífrænt lambakjöt. Það sé hlutverk þeirra sem þjónustuaðila við bændur og sauðfjárrækt. Hann segir að markaðurinn fyrir þetta kjöt sé ekki sterkur en þeir vilji vinna með framleiðendum. Þeir hafi alltaf borgað með lífrænni vottun og vilja ekki loka á framleiðendur í uppbyggingu á þessum markaði.

Margir af lífrænum framleiðendum nýta sér heimtöku hjá SAH og selja kjöt sjálfir. Gunnar segir að það hangi saman að hafa vottun fyrir slátrun á lífrænu og hagstæð þjónustugjöld í heimtöku. Sláturhús séu í grunninn byggð upp af bændum sem þjónustufyrirtæki og það sé fyrst og fremst hlutverk sláturhúsa að þjónusta bændur. Þess vegna ættu sláturhús ekki að skera af eða gjaldsetja alla þjónustuþætti sem skila ekki beinhörðum peningum inn í kassann. /smh

McHale fusion3



„Það er engin leið til baka!“

Guðmundur Geir Jónsson
Stærri Árskógi, Dalvík
Eigandi Fusion 3 plús

„Plús búnaðurinn er stórt skref
inn í framtíðina!“

Páll Bjarki Pálsson
Flugumýri
Eigandi Fusion 3 plús



Ferð til McHale, Írlandi. Á myndinni standa nokkrir áhugasamir fyrir framan Fusion vél í vélasölufyriræki McHale sem er búin að rúlla um 120.000 rúllur en slíkt magn er ekkert einsdæmi og í portinu mátti sjá fleiri vélar sem voru búnar að rúlla á bilinu 80-110.000 rúllur og biðu eftir að komast til nýrra eigenda.

McHale fusion3

	Afsláttur	Verð án/vsk.	Verð m/vsk.
Listaverð 2015 árg.		11.490.000,-	14.419.950,-
Til 10. okt. 2014	8% - 919.200,-	10.570.800,-	13.266.354,-
Til áramóta 14/15	5% - 574.500,-	10.915.500,-	13.698.952,-

McHale fusion3 plus

	Afsláttur	Verð án/vsk.	Verð m/vsk.
Listaverð 2015 árg.		12.780.000,-	16.038.900,-
Til 10. okt. 2014	8% - 1.022.400,-	11.757.600,-	14.755.788,-
Til áramóta 14/15	5% - 639.000,-	12.141.000,-	15.236.955,-

Plastfilma í stað rúllunets, áhugaverður valkostur

McHale er brautryðjandi í innleiðingu á nýrri tækni við innpökkun á rúllum með breiðri plastfilmu í stað nets á úthringinn. Fyrstu vélarnar með þessum búnaði voru seldar hérlandis í ár og hafa reynst mjög vel. Helstu kostir þess að nota plastfilmu utanum um rúlluna í stað netsins eru:

- Þéttari pökkun stuðlar að betri verkun rúllunar.
- Sama heymagn en minni rúllubaggi sparar rúlluplast.
- Meira plast á úthringnum bætir pökkunina.
- Plastfilman gengur vel niður á endana sem bætir pökkunina.

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400

Fréttir

Greiðslumark mjólkur verði 140 milljónir lítra á næsta ári:

Gæti hert á kröfum um nýtt kúakyn

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) hafa lagt til við framkvæmdanefnd búvöru-samninga og landbúnaðar-ráðherra að greiðslumark kúabænda á næsta ári verði 140 milljónir lítra í stað 123 milljóna lítra eins og nú er samkvæmt reglugerð.

Þarna er um rúmlega 12% aukningu á greiðslumarki að ræða frá yfirstandandi ári og kemur þessi tillaga í kjölfar mikillar söluaukningar mjólkurafurða og þörf fyrir auknar birgðir til að mæta sveiflum, að því er fram kemur í tilkynningu frá SAM. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi kúabænda (LK) mun hækkan greiðslumarks ekki hafa áhrif á upphæð opinbers stuðnings við mjólkurframleiðsluna.

Ljóst er að greiðslur til bænda munu þynnast út á aukinn lítrafjölda en áfram er krafa um 100% framleiðsluskyldu. Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda (LK), segir að það verði að teljast líklegt að nokkur hluti bænda muni ekki ná að fylla framleiðsluskyldu sína á komandi ári með þessari miklu aukningu greiðslumarks.

Ýtir undir kröfu um nýtt kúakyn

„Við höfum hins vegar lagt til við ráðherra að gefinn verði aukinn slaki í viðskiptum með greiðslumark. Það getur hugsanlega hjálpað eitthvað til þótt viðskiptin verði væntanlega ekki mikil. Krafan um aukinn árangur í



kynbótastarfinu og þar með hærri nyt kúnna er auðvitað viðvarandi, enda ein helsta driffjöður aukinnar hagkvæmni í framleiðslunni. Öll umræða um innflutning nýs kúakyns eða innblöndun í okkar gamla stofn hafa verið drifnar áfram af þeirri hugsun. Þessi mikli vöxtur á mjólkurvörumarkaði hlýtur samt óhjákvæmilega að ýta undir þær raddir sem vilja fá afkastameiri kýr í fjósin.“

Innflutningur sennilega óþarfur

Vangaveltur eru um að ef bændur geta hugsanlega ekki framleitt upp í greiðslumarkið gæti það um leið vakið upp kröfu um innflutning á mjólk, allavega tímabundið. Um þetta segir Sigurður:

„Ég tel að umtalsverðir möguleikar séu til að bregðast við þessari framleiðsluaukningu enda enn þá talsvert mörg bú sem eiga inni vannýtta afkastagetu hjá kúnum. Verkefnið fram undan er að ná til þessara bænda og hvetja þá til dáða. Að því sögðu finnst mér afar hæpið að það komi til innflutnings á mjólk.“

/HKr.

Ný könnun Capacent um merkingar matvæla:

Íslendingar vilja betri upprunamerkingar

Það skiptir meira en fjóra af hverjum fimm Íslendingum máli að upplýsingar um upprunaland séu á umbúðum matvæla við ákvörðun um kaup.

Þar af telur tæpur helmingur (48%) að það skipti miklu máli og rúmur þriðjungur (35%) að það skipti nokkru máli. Aðeins 17% telja að það skipti litlu eða engu máli. Þetta kemur fram í nýrri könnun Capacent Gallup fyrir Bændasamtök Íslands, Neytendasamtökin, Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu sem eru í samstarfi um bætтар upprunamerkingar matvæla. Yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga telur að bæta þurfi upprunamerkingar matvæla.

70% sætta sig ekki við lélegar upprunamerkingar

Rúmlega sjö af hverjum tíu landsmönnum telja að það sé óásættanlegt að upprunalands hráefnis sé ekki getið á umbúðum unninna matvæla. Dæmi um slíkar afurðir eru t.d. innfluttar svínasiður sem eru reyktar og sniðnar í beikon, en samkvæmt gildandi reglum telst land vera upprunaland ef umtalsverð umbreyting vörunnar hefur átt sér stað. Tæpur helmingur (46%) telur slíkar merkingar algerlega óásættanlegar og fjórðungur (25%) telur þær að litlu leyti ásættanlegar. Aðeins tíundi hver (11%) telur skort á upplýsingum vera að mestu eða öllu leyti vera í lagi.

Nær 90% vilja upprunamerkja aðalinnihald í kjötvörum

Loks telja tæplega níu af hverjum

tíu (86%) það skipta miklu eða nokkru máli að fá upplýsingar um upprunaland aðalinnihaldsdefnis í kjötvörum sem eru unnar úr fleiri en einu hráefni, s.s. áleggi, pylsum og böfum. Tíundi hver telur það skipta litlu máli en aðeins 4% telja að það skipti engu máli.

Vaxandi áhersla neytenda á upprunamerkingar

Samanburður við könnun árið 2006 sýnir vaxandi áherslu á upprunamerkingar. Árið 2006 var gerð norræn könnun á viðhorfum almennings til upprunamerkinga matvæla. Úrtakið þá var 1.000 einstaklingar. Niðurstöður hennar voru að áhersla Íslendinga á upprunamerkingar var heldur minni en hinna þjóðanna. Nýja könnunin sýnir að áhersla Íslendinga á upprunamerkingar hefur aukist umtalsvert og er orðin svipuð og þá var meðal annarra Norðurlanda. Árið 2006 töldu 73% Íslendinga upprunamerkingar matvæla vera mikilvægar samanborið við 83% nú. Þar af töldu 34% árið 2006 merkingarnar vera mjög mikilvægar en 48% nú. Þá töldu 59% Íslendinga skort á upplýsingum um upprunaland hráefnis unninna vara vera óásættanlegan en 71% nú. Loks töldu fjórir af hverjum fimm (82%) árið 2006 það vera mikilvægt að upprunaland aðalhráefnis unninna kjötværa væri getið á umbúðum sem er svipuð niðurstaða og nú (86%). Könnunin var netkönnun gerð á tímabilinu 26. júní til 4. júlí 2014. Í úrtaki voru handahófsvaldir 1.400 einstaklingar á öllu landinu, 18 ára og eldri. Fjöldi svarenda var 842, þannig að þátttökuhlutfall var 60%.

Formaður stjórnar Auðhumlu reifar sektarmálið gagnvart MS í bréfi til félagsmanna:

Segir eftirlitið reyna að knýja fram breytingar á búvörulögum

Mjólkursamsalan ætlar að áfrýja úrskurði Samkeppniseftirlitsins sem ákvað að sekta Mjólkursamsöluna um 370 milljónir króna vegna meintrar misnotkunar á markaðsráðandi stöðu.

Hörð krafa hefur komið fram í kjölfar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins um að MS verði gert að fara að samkeppnislögum og að lög númer 99 frá 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum verði endurskoðuð. Þar er sér í lagi rætt um 71. grein laganna sem talin er veita MS undanþágu frá hluta samkeppnislaga og er svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða.“

Samkeppniseftirlitið telur að með því að selja samkeppnisaðilum hrámjólk á 17% hærra verði en til fyrirtækja tengdum MS hafi fyrirtækið valdið samkeppnisaðilunum talsverðum skaða. Brotið er talið alvarlegt þar sem það tengist mikilvægum neysluvörum og hefur varað í langan tíma, eða að minnsta kosti frá árinu 2008 og til ársloka 2013.

MS áfrýjar

Í yfirlýsingu frá Mjólkursamsölunni vegna úrskurðar Samkeppniseftirlitsins segir að mjólkinn hafi verið verðlögð í samræmi við opinbera verðskrá og öll framkvæmd á viðskiptum með mjólk í lausu máli var í samræmi við búvörulög og samkeppnislög.

Fyrirtækið telur sig í einu og öllu hafa farið að búvörulögum og samkeppnislögum í starfsemi sinni og telur að ekkert í gögnum málsins bendi til annars. Hér er um að ræða ólíka túlkun fyrirtækisins og Samkeppniseftirlitsins á skilmálum búvörulaga og samkeppnislaga. Niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins verður þegar í stað áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Í áliti Samkeppniseftirlitsins segir að ekki sé hins vegar unnt að fallast á það með MS að það leiði af þessari breytingu á ákvæðum búvörulaga að bann samkeppnislaga við samráði sé gert með öllu óvirk þegar um sé að ræða „viðskipti innan iðnaðarins“. Eins og fram komi í lögunum beri að skýra undantekningar frá almennum lögum þröngt.

„Hæpinn skilningur á ákvæðum búvörulaga“

Síðdegis á þriðjudag sendi Egill Sigurðsson, formaður stjórnar Auðhumlu, félagsmönnum þess bréf þar sem hann reifar málið frá sjónarhóli MS og Auðhumlu. Auðhumla er regnhlífaryfirtæki með um 90% eignarhlut í MS og er í eigu um 700 mjólkurframleiðenda um land allt. Í bréfinu hnykkir Egill á 71. grein búvörulaga og segir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins byggja á afar hæpnum skilningi á ákvæðum búvörulaga að mati MS.

„Samsæriskenning“

Egill kemur víða við í bréfi sínu og segir m.a.:

„Hvergi í úrskurði Samkeppniseftirlitsins er reynt að færa sönnur á að verðhækkun á mjólk í lausu máli haustið 2009 hafi komið til með þeim hætti sem staðhæft er í niðurstöðuskjalinu. Sett er fram nokkurs konar samsæriskenning,



Egill Sigurðsson gagnrýnir Samkeppniseftirlitið harðlega í bréfi til félagsmanna Auðhumlu. Mynd / HKr.

sem MS virðist síðan eiga að afsanna. Samkeppniseftirlitið reynir með þessum aðferðum að gera starfshætti verðlagsnefndar búvöru tortryggilega og samsæriskenningin virðist ganga út á að nefndin hafi gengið erinda Mjólkursamsölnunnar til að koma fyrirtækinu Mjólklu á kné.“

Segir eftirlitið reyna að gera MS og samstarfsfyrirtæki tortryggileg

Í niðurlagi bréfsins segir Egill: „MS telur að Samkeppniseftirlitið hafi ákveðið að láta reyna á gildi búvörulaga þar sem þau gefa fyrirtækjum í mjólkuriðnaði (öllum fyrirtækjum sem eru með innvigtunarleyfi og alls ekki bundið við MS) færi á að vinna saman og eða sameinast. Eftirlitið hafi valið og slitið úr samhengi upplýsingar í málatilbúnaði sem miðaði að því að gera MS og samstarfsfyrirtæki hennar tortryggileg. Tilgangurinn er að mati MS að reyna að knýja fram breytingar á búvörulögum. MS hyggst sýna fram á þetta í áfrýjunarferlinu.“

Þá segir Egill að félagið muni ekki ræða þessi mál frekar efnislega fyrir en niðurstaða áfrýjunarnefndar liggir fyrir, en hún hafi sex vikur til að komast að niðurstöðu eftir að hún fær málið til umfjöllunar.

„Markaðsmisnotkun er glæpur gagnvart neytendum“

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti yfir miklum áhyggjum vegna málsins úr ræðustóli Alþingis á þriðjudag og að athafnir MS vektu sér ugg í brjósti.

„Markaðsmisnotkun er glæpur gagnvart neytendum og í því getum við ekki tekið þátt.“

Sagði hann að ef úrskurður Samkeppniseftirlitsins sé réttur þá verði að stokka upp spilinn. Þá hefur Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, sagt að þetta kalli á tafarlausa endurskoðun búvörulaga.

Verið að láta reyna á búvörulögum

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra sagði, þegar Bændablaðið náði tali af honum, að hann væri enn að skoða greinargerð Samkeppnisstofnunar um málið og því of snemmt fyrir hann að segja nokkuð um það.

Mjólkursamsalan er vegna stöðu sinnar á markaði undanþegið samkeppnislögum og þegar Sigurður Ingi var spurður hvort komið hafi fram hugmyndir um að afnema þá undanþágu sagði hann svo ekki vera. „Við erum með ákveðinn lagagrunn í landinu og hann gildir en mér sýnist við fyrstu sýn að Samkeppniseftirlitið sé að láta reyna á búvörulögum. Ég vil því ekki tjá mig um málið fyrir en ég er búinn að fá greiningu á úrskurði Samkeppniseftirlitsins.“

Farið verði að lögum

Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda (LK),



Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri Kú, sem kærði MS til Samkeppniseftirlitsins. Mynd / HKr.

sem jafnfram situr í verðlagsnefnd búvara fyrir hönd bænda, segir að sjálfsögðu eigi MS að fara að lögum.

„Það hlýtur að vera okkar krafa að þessir aðilar sem starfa á markaðnum innan ramma búvörulaganna fari eftir þeim lögum og reglum sem þeim eru ætlaðar. Mér virðist þó að í áliti Samkeppnisstofnunar sé komið fram lögfræðilegt álitamál um túlkun á heimildum búvörulaga. Allavega hefur það verið viðtekin skilningur, að heimildir til viðskipta á milli þessara tengdu aðila séu býsna rúmar. Enda eru þeir bundnir af ýmsum skyldum sem lögin setja þeim og kröfum sem fylgja ákvörðunum verðlagsnefndar. Mér sýnist Samkeppniseftirlitið sé farið að túlka heimildir búvörulaga þrengra en menn hafa gert til þessa. Það þýðir þá væntanlega að úr því þarf að fá skorið og því fyrr því betra,“ segir Sigurður.

Hagfræðistofnun skoðar málið

Hann viðurkennir að málið sé þegar orðið mjög skaðlegt fyrir bændur. Því sé brýn ástæða að fara yfir forsendurnar og að það verði metið af hverju þessi undanþága sé fyrir hendi í lögunum og hverju hún hafi skilað. Sigurður segir að hugsun laganna felist fyrst og fremst í því að jafna aðgengi allra landsmanna að vörumum, tryggja jafnvægi í verði til neytenda og tryggja bændum um leið lágmarksverð. „Það er í gangi vinna við að skoða reynsluna af þessu fyrirkomulagi hjá Hagfræðistofnun.“ Segir Sigurður að ef menn vilji ráðast í breytingar á þessu fyrirkomulagi, þá sé mikilvægt að það verði einungis gert á forsendum vandaðrar úttektar.

Ríkar kröfur gerðar um haggræðingu

Sigurður segir að í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar frá 1998 hafi verið samið um að verðlagningu á heildsölustigi yrði hætt.

„Því var síðan breytt með núverandi samningi frá 2004, á þeirri forsendu m.a. að það komu fram miklar áhyggjur frá smærri verslunum um stöðu sína gagnvart stóru verslanakeðjunum um aðgengi að mjólkurafurðum. Í búvörulögum voru á sama tíma settar mjög ríkar heimildir fyrir mjólkuriðnaðinn til að sameiningar í því skyni að draga úr vinnslu- og dreifingarkostnaði. Í skýrslu sem gefin var út í aðdraganda núverandi samnings var beinlínis lagt til að dregið yrði úr kostnaði með sérhæfingu og samvinnu eða samruna. Á þeirri forsendu fór af stað vinna við sameiningu í mjólkuriðnaði.

Á þessu tímabili voru teknar ákvarðanir bæði innan stjórnkerfisins og í verðlagsnefnd sem leiddu mjög stíft áfram haggræðingu í greininni. Ef menn eru samála að þetta hafi skilað árangri þá verða menn að hugsa það til enda hvort ganga eigi til baka með tilheyrandi uppskiptingu fyrirtækisins.“

/VH/HKr.

Hausttilboð á KUHN rúllusamstæðum

Vegna hagstæðra samninga við KUHN verksmiðjurnar í Hollandi getum við nú boðið rúlluvélar og samstæður á frábærum verðum til áramóta

KUHN i-BIO - rúllusamstæðan sem slegið hefur í gegn hjá íslenskum bændum



- ✓ Aflþörf frá 85 hestöflum
- ✓ 14 hnífa söxun (einnig fáanleg með 23ja hnífa söxun)
- ✓ Ný hönnun á söxunarrótor tryggir hraðari innmötun og jafnari söxun óháð grasgerð
- ✓ 2,3 metra breið sópvinda á pendúlið sem fylgir landinu einstaklega vel
- ✓ Intelliwrap pökkunarbúnaður. Háhraða pökkun þar sem velja má skörun á pökkunarfilmu og fjölda á filmulögum
- ✓ Vökvastíflulosun með niðurfellanlegu gólfi
- ✓ Allar aðgerðir framkvæmdar á stórum litaskjá
- ✓ Skipanir og upplýsingar handbærar með einföldum hætti
- ✓ Þyngd aðeins 3495 kg

	Verð án vsk.	Verð með vsk.
Verðlisti árgæð 2015	8.830.000	11.081.650
Verð til 31. okt. 2014	8.250.000	10.353.750
Verð til 5. jan. 2015	8.390.000	10.529.450

- ✓ Aflþörf aðeins 110 hestöfl
- ✓ 14 hnífa söxun (einnig fáanleg með 23ja hnífa söxun)
- ✓ 18 kefli sem eykur þjöppun og minnkar álag á hvert kefli
- ✓ Ný hönnun á söxunarrótor tryggir hraðari innmötun og jafnari söxun óháð grasgerð
- ✓ 2,3 metra breið sópvinda á pendúlið sem fylgir landinu einstaklega vel
- ✓ Ný hönnun á netbindibúnaði
- ✓ Intelliwrap pökkunarbúnaður. Háhraða pökkun þar sem velja má skörun á pökkunarfilmu og fjölda á filmulögum
- ✓ Vökvastíflulosun með niðurfellanlegu gólfi
- ✓ Allar aðgerðir framkvæmdar á stórum litaskjá. Skipanir og upplýsingar handbærar með einföldum hætti
- ✓ Tveggja hásinga 500/45-22,5 flotdekk

	Verð án vsk.	Verð með vsk.
Verðlisti árgæð 2015	10.198.000	12.798.490
Verð til 31. okt. 2014	9.490.000	11.909.950
Verð til 5. jan. 2015	9.690.000	12.160.950

KUHN FBP 2135 rúllusamstæða



FBP 2130 rúlluvél



- ✓ Rotormötun
- ✓ Netbindibúnaður
- ✓ 2,3 metra breið sópvinda á pendúlið sem fylgir landinu einstaklega vel

	Verð án vsk.	Verð með vsk.
Verðlisti árgæð 2015	4.578.000	5.745.390
Verð til 31. okt. 2014	4.150.000	5.208.250
Verð til 5. jan. 2015	4.390.000	5.509.450



VÉLFANG

VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 2 • 600 Akureyri

Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.200 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.600. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Freyr Rögnvaldsson fr@bondi.is – Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is
– Sigurður M. Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Myndvinnsla og frágangur: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LOKAORÐIN

Skrattanum skemmt

Sláurtíð stendur nú sem hæst hjá sauðfjárbændum. Sumarið hefur í heild komið vel út og virðist sem fallþungi dilka í ár verði að jafnaði heldur meiri en í fyrra.

Nú stefnir í að sláurtvertíðin skili 588 þúsund skrokkum. Í þessum skrokkum, innmat og gærum felast mikil verðmæti, ef vel tekst til með markaðssetningu.

Mikið hefur verið talað um að fyrir þessa sláurtíð hafi afurðastöðvarnar „setið uppi með“ mikið af lambakjöti. Fjargviðrast er yfir því í blöðum og á blogg síðum að ríkið sé að styrkja bændur til að offramleiða kjöt sem sé nú að verða að heilu fjallasölunum. Ef lítið er hins vegar til umræðna síðustu þriggja ára spyr maður sig hvort það geti verið að Ragnar Reykás sé hönnuður þessarar umræðu. Allavega virkar þetta stórunderlega á mig.

Sumarið 2011 og 2012 hömuðust ákveðnar stórverslanir við að bera það á borð fyrir landsmenn að það væri gríðarlegur kjötskortur í landinu. Þá var bent á þá svakalegu „staðreynd“ að ríkið væri að styrkja bændur með stórfé til að framleiða kjöt ofan í landsmenn sem bændur gæti síðan ekki staðið við að framleiða. Best væri því að hætta þessari vitleysu og flytja inn allt kjöt, t.d. lambakjöt, frá Nýja-Sjálandi. Eðalbloggarar landsins gripu þetta auðvitað á lofti enda íslenskir bændur upp til hópa hið voðalegasta fólk. Þetta sama fólk hefur hamast í samfélagsmiðlum nú síðsumars og úthrópað bændur fyrir að framleiða allt of mikið kjöt. – Ragnar Reykás hvað...?

Vissulega er full þörf á að ræða landbúnaðarkerfið sem slíkt og þá styrkjaþólitik sem beitt er hér á landi sem og í flestum löndum heims í skjóli hagstjórnar. Það hlýtur líka að vera markmið hverrar þjóðar að allir atvinnuvegir séu sjálfbærir, einnig sjávarútvegur og landbúnaður. Um leið þarf að koma í veg fyrir að hagstjórnarputtar pólitíkusa séu ekki sífellt að skekkja grunn heilbrigðs rekstrar til hagsbóta fyrir fjármálaþraskara.

Það hlýtur þó að vera lágmarks krafa að það sé heil brú í því sem fólk er að tala um þegar því þykir bara allt í lagi að drulla yfir bændur landsins eins og þeir séu rétttráp úrhök. Bændur þurfa þá um leið að hysja upp um sig buxurnar og fara að beita áhrifum í sínum afurðastöðvum. Þær hafa einmitt verið ansi iðnar við kolann undanfarin misseri við að brjóta niður þá góðu ímynd sem bændur hafa þó enn í augum meginþorra landsmanna. Nú er það MS sem virðist ólmast við að skemmta skrattanum. /HKR.

LEIÐARINN

Samkeppni í mjólkuriðnaði

Mjólkursamsalan hefur verið sektuð um 370 milljónir króna fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu samkvæmt 11. grein samkeppnislaga á tímabilinu 2008–2013. MS er talin hafa brotið gegn tveimur fyrirtækjum sem keyptu hrámjólk af henni, en mjólkinn var ekki verðlögð á sama hátt til þeirra og til dóttur- og samstarfsfyrirtækja MS. Fyrirtæki tengd MS fengu mjólkina á sama verði og greitt er til bænda, en önnur greiddu verð í samræmi við ákvörðun verðlagsnefndar búvöru um heildsöluverð á mjólk í lausu.

Ætla verður að MS samkeppniseftirlitið hafi grandskoðað að ekki væru aðrir skilmálar um réttindi eða skyldur sem gætu skýrt þennan mun. Bændur munu kalla eftir skýringum þar að lútandi frá MS.

Gildandi lög ber að virða

11. grein samkeppnislaga veitir Samkeppniseftirlitinu afar víðtækar heimildir. Ekki þarf að sanna skaðsemi eða ásetning til að leggja á sekt. Nægilegt er að færa rök fyrir því að brot sé til þess fallið að raska samkeppni. Það eru einstakar valdheimildir sem nauðsynlegt er að beita af hófsemi. Þarna gildir ekki að vera saklaus uns sekt er sönnuð, heldur sekur uns sakleysi er sannað. En það breytir því ekki að þetta eru gildandi lög í málinu og þau ber að virða. Nú er það þekkt og hefur margoft komið fram að forstjóri Samkeppniseftirlitsins er á móti gildandi lögum og samningum sem varða landbúnaðarstefnuna, en ætla verður að það hafi ekki haft áhrif á rannsókn málsins eða niðurstöðu eftirlitsins.

Hvaða undanþágur eru nauðsynlegar?

Samkeppniseftirlitið fellst ekki á að undanþágur sem finna má í búvörulögum veiti Mjólkursamsölunni heimild til að mismuna í verðlagningu á hrámjólk, þó að hún veiti heimild til samráðs og verkaskiptinga. Samkeppnislög

gildi um allt sem ekki er sérstaklega undanþegið í búvörulögum og þetta sé ekki þar á meðal. Ákvæði búvörulaga séu ekki almenn undanþága frá samkeppnislögum, heldur bara heimildir til hagræðingar samkvæmt ákveðnum forsendum. Staðfestir Samkeppniseftirlitið þá ekki að mjólkuriðnaður er ekki með öllu undanþeginn samkeppnislögum – eins og oft er haldið fram í umræðunni? Þessi deila kallar þá á það að afmarkað verði betur hvaða undanþágur frá samkeppnislögum eru nauðsynlegar mjólkuriðnaðinum miðað við alla þá hagræðingu sem þegar er orðin í geiranum.

Þáttur verðlagsnefndar búvöru

Samkeppniseftirlitið telur að Mjólkursamsalan hafi ekki lagastöð til að miðla hrámjólk á milli eigin fyrirtækja á bændaverði, en fyrirtækið geti heldur ekki vísað til ákvarðana verðlagsnefndar búvöru í málinu. Ákvörðun nefndarinnar um verð á gerilsneyddri mjólk í lausu hafi ekkert gildi þegar verið er að selja ógerilsneydda mjólk, eins og var í þessu tilviki.

Verðlagsnefnd búvara ákvað fyrst verð á ógerilsneyddri mjólk í lausu fyrri hluta árs 2014 en hefur nú bæði gefið út verð á geril- og ógerilsneyddri mjólk í lausu. Var það gert til að tryggja betur stöðu þeirra fyrirtækja sem vilja keppa í markaðssetningu á mjólkurvörum. Sem er reyndar athyglisvert miðað við hve Samkeppniseftirlitið telur að verðlagsnefnd og fulltrúar bænda hafi verið eftirlátssamir við MS í störfum nefndarinnar. Í úrskurðinum er því ekki vegið að fyrirkomulagi verðlagningar á mjólk yfirleitt, en eins og fram hefur komið þá ákveður nefndin verð á mjólk til bænda og heildsöluverð nokkurra helstu mjólkurafurða. Smásöluverð er hins vegar frjálst.

MS er ósammála úrskurðinum

Þessi úrskurður Samkeppniseftirlitsins um samkeppnisbrot Mjólkursamsölnnar er

grafalvarlegt mál. Ljóst er að MS taldi sig starfa innan ramma laganna með því að selja hrámjólk á einu verði til samstarfsfyrirtækja sinna en öðru til óskyldra aðila. MS er ósammála úrskurðinum og ætlar að áfrýja honum. Það er nauðsynlegt að gefa MS tækifæri til að skýra sína hlið áður en felldir eru miklir og þungir dómar. Verði ákvörðun SKE staðfest þá mun MS auðvitað þurfa að bera þær sektir sem á það verða lagðar. Úrskurður Samkeppniseftirlitsins er þegar þungbær og hefur valdið verulegum skaða á sambandi bænda og neytenda.

Jafnframt verður að halda því til haga að Mjólkursamsalan býr við sérstakar aðstæður. Hún ber ábyrgð á að safna mjólk í landinu, hvar sem hún er framleidd, og hún er skuldbundin til að kaupa alla framleiðslu þeirra sem eru í viðskiptum við hana. Á sama tíma ræður hún ekki nema að litlu leyti á hvaða verði hún er keypt og ekki heildsöluverði á sínum helstu framleiðsluvörum.

Fjölbreytt framleiðsla er öllum í hag

Eftir sem áður eru engin rök fyrir því að leggja gegn því að fleiri fyrirtæki vinni úr afurðum bænda, hvort sem þar er um að ræða mjólkur-eða aðrar afurðir. Fjölbreyttara vöruframboð er einfaldlega líklegt til að stækka markaðinn fyrir afurðirnar og skjóta fleiri stöðum undir landbúnaðarframleiðsluna. Eðlilegt er að þeir sem vilja kaupa hrámjólk til frekari vinnslu fái að gera það á gagnsæjum og sanngjörnum forsendum.

Starfskilyrði landbúnaðarins eru ekki yfir gagnrýni hafin fremur en önnur mannanna verk, en menn verða að geta rætt þau á málefnalegum grunni. Það er alltof algengt að vaðið sé fram með rakalausum fullyrðingum sem eiga lítið skylt við raunveruleikann. Það kunna að vera til betri aðferðir til að stýra mjólkurframleiðslu en þær sem við notum, en við skulum þá setja fram tillögur, horfa á hlutina í heild og skoða hvaða áhrif breytingar gætu haft. Annað er ekki til framfara fallið. /SSS

Líf og fjör í endurbættri Tungurétt í Svarfaðardal

Réttardagur var í Svarfaðardal síðastliðinn sunnudag og við það tilefni fór fram vígsla á Tungurétt en hún hefur verið í mikilli endurgerð síðustu vikur. Veðrið á vígsludaginn var eins og best verður á kosið, hlýtt og sólríkt, og fjöldi manns lagði leið sína í Tungurétt.

Sylvía Ósk Ómarsdóttir fjallskilastjóri stýrði dagskránni og sagði nokkur orð um sögu réttarinnar. Magnús G. Gunnarsson sóknarprestur blessaði réttina og að lokum sungu gangnamenn úr Gangnamannafélagi Sveinsstaðar-afreftar, með Þórarín Hjartarson í fararbroddi, brag sem saminn var sérstaklega af þessu tilefni. Þetta kemur fram á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.

Í ræðu Sylvíu kom fram að réttin var byggð árið 1923 og er

því 91 árs núna í haust. Réttin var steipt ofan á melinn, þar sem hún stendur í dag, án járnabindingar í steypunni og því í raun ótrúlegt að hún hafi ekki verið verr farin en raun bar vitni.

Endurbygging réttarinnar fór fram í tveimur áföngum. Sá fyrri 2011 þegar almenningurinn var lagaður, steipt utan um gömlu veggina og ný hlið sett í dilkana. Kapp var lagt á það að eitthvað sæist af vinnu forfeðranna við þá endurbyggingu og því má sjá gömlu vegg réttarinnar inni í dilkunum.

Nú í sumar var svo ráðist í að klára uppbygginguna. Þá voru gömlu dilkarnir jafnaðir við jörðu og nýir steiptir upp. Einnig var undirlag dilka og almennings lagað. /MÞ



Myndir / Dalvíkurbyggð



Líf og starf

Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi:

Veðrið lék við fé og fólk

„Smalamennska gekk mjög vel, þetta er fremur létt dagsverk hér á okkar svæði og veðrið lék við okkur. Þannig að allt var eins og best verður á kosið,“ segir Andrés Kristinsson, réttarstjóri í Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi í Hörgársveit.

Féð kom vænt af fjalli eftir gott og grösugt sumar, en ríflega eitt þúsund fjár eru í eigu fjárbænda sem rétta í Þórustaðarétt. Einkum eru þeir búsettir í Kræklingahlíð og niður í „skotti“ eins og heimamenn nefna svæðið frá Hlíðarbæ að Gásum og upp að Hlöðum.

Enginn sérstakur afréttur er á svæðinu að sögn Andrésar, féð heldur sig í Hlíðarfjalli og Laugalandsheiði.

„Þetta er auðvelt viðureignar hjá okkur og alls ekki margt fé heldur, flestir hér á svæðinu halda kindur sér til gamans og eru með þetta tvö til þrjú hundruð ær þeir sem mest eiga,“ segir Andrés. /MÞÞ



MÆLT AF MUNNI FRAM

Fram skal haldið með kveðskap frá hagyrðingasamkomu „Kátra daga“ á Þórshöfn. Jóhannes á Gunnarsstöðum lauk sínu máli í síðasta þætti. Þessi þáttur er helgaður **Hjálmar Freysteinssyni** og framlagi hans. Hjálmar hefur sýnilega sinnt kveðskaparefnum sínum betur en Jóhannes og því hugsanlegt að helga honum rausnarlegra rými en heimamanninum á Gunnarsstöðum. Um sig sjálfan orti Hjálmar í upphafi samkomunnar:

Leikur mér allt í lyndi, léttvægar mínar syndir. Svo er ég augnayndi allra – sem eru blindir.

Að horfa á mig er hörmung sönn, hér þyrfti margt að laga, enda hefur tímans tönn tuggið mig ár og daga.

Um sessunauta sína orti **Hjálmar**:

Þótt hugsun mín sé fjarska frjó og fæðist vísur enn, er ég búinn að yrkja nóg um alla þessa menn.

Stjórnandinn, **Birgir Sveinbjörns-son**, fékk smá völu. Birgir hafði nýverið lokið mikilli sólþallasmíði við sumarhús sitt í Krossavík:

Sæll er Birgir í seinni tíð síðan hann fékk pallinn, sá er mikil meistarasmið og miklu stærri en skallinn.

Næstu tvær vísur **Hjálmars** tengjast ekki beint efnistöfum samkomunnar, en ortar samt á árinu. Látum lesendum eftir að álykta um tilefni vísanna:

Fer mér hægt og forðast slys fallett er í góðri tíð, og útsýnið fæst ókeypis alla leið í Reykjahlíð.

Við fjallavötnin fagurblá er ferðamönnum vistin blíð, þótt fæstir hafi efni á útsýninu í Reykjahlíð.

Þétting var ort um barnaskólann á Svalbarði sem hefur nú verið aflagður. Þrátt fyrir að „**Vigfús**“ gerði sitt til þess að viðhalda nemendafjölda við skólann, þá fór sem fór. Hjálmar orti limru um lokun skólans:

Frægur er „Vigfús“ að vonum, virðingar aflagði honum að í 5 ára törn átt‘ann 20 börn með 28 konum.

Þá skyldi ort um flutning opinberra stofnana út á land, þ.m.t. flutning Fiskistofu til Akureyrar. **Hjálmar** orti:

Sigurð ei setur ofan, sumir prís‘ann og lof‘ann og málsháttinn þann mætavel kann: „Flýgur fiskistofan“.

Óbeðinn fer svo **Hjálmar** að huga að frekari flutningi opinberra starfa út á land:

Stjórnin er að ráðum rík, rétt er hana að lofa. Í haust verður flutt á Húsavík Höfuðborgarstofa.

Að trúarlífi hér skal hlúð; hef ég fundið leið til þess. Það má flytja Þorláksbúð til Þórshafnar eða Sauðaness.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir


Sala á innlendu kjöti hefur dregist saman um 4,3% á ársgrundvelli

Sala á kindakjöti í ágúst síðastliðinn var 642 tonn, en í sama mánuði 2013 var salan 621 tonn. Miðað við sama ársfjórðung og 2013, júní-ágúst, var salan 3,4% meiri en 2,4% minni miðað við 12 mánaða tímabil.

Markaðshlutdeild kjöts á tólf mánaða tímabili, ágúst til september, skiptist þannig að alifuglakjöt er í 1. sæti (32,1%), kindakjöt í 2. sæti (26,7%), svínakjöt í þriðja (24,3%), nautakjöt í fjórða (14,7%) og hrossakjöt í fimmta (2,3%). Heildarsala á innlendu kjöti dróst saman um 4,3% á tímabilinu.

Allar ofangreindar tölur miðast við heildsölu afurðastöðva á innlendu kjöti. Innflutt kjöt er ekki talið með, en ekki var flutt inn neitt lamba- eða kindakjöt fyrstu sjö mánuði ársins 2014. Hins vegar er verulega aukinn innflutningur á öðru kjöti, einkanlega nautakjöti.

Útflutningur var 73 tonn í ágúst, samanborið við 131 tonn í ágúst 2013. Með útflutningi er heildarafsetning lamba- og kindakjöts 2% minni fyrstu átta mánuði ársins 2014 miðað við sömu mánuði 2013.



Birgðir í ágústlok, við upphaf sláturtíðar, voru 1.304 tonn, eða 239 tonnum meira en í lok ágúst 2013. Þar af eru 1.140 tonn af framleiðslu ársins 2013. /VH



Slöngumaðkar eru grannir og stinnir. Þeir slengjast til með snöggum hnykkjum, hlykkjast, hoppa og skoppa eins og skrykkdansarar. Mynd / Erling Ólafsson.

Slöngumaðkar finnast í Þingholtunum

Samkvæmt frétt á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands fundust í sumar undarlegir maðkar þegar rótað var í safnhaug í garði í Reykjavík.

Maðkarnir voru afar kvikir í hreyfingum og hreinlega stukku úr lófa og voru hálir sem álar.

Maðkarnir hafa ekki verið greindir til tegundar en um svokallaða slöngumaðka er að ræða. Þótt maðkar séu þarfadýr í jarðvegi er ekki víst að það gildi um þá nýju. Slöngumaðkar tilheyra ættinni Megascotocidae og eru því ekki af sama toga og ánamaðkar sem eru af ættinni Lumbricidae. Upprunaleg heimkynni slöngumaðka ná frá Austur-Asíu suður til Eyjaálfa og einhverra tegunda í Norður-Ameríku. Af slöngumaðköm er fjöldi tegunda. Þekktust er risavaxni maðkurinn í Ástralíu, „Gigant Gippsland earthworm“ sem getur orðið allt að þriggja metra langur.

Slengjast til með hnykkjum

Slöngumaðkarnir fundust í Þingholtunum í Reykjavík, fyrst einn og síðar fleiri. Atferli maðkanna reyndist einstakt og afar frábrugðið því sem við eigum að venjast hjá ánamöðköm. Þeir eru grannir og stinnir, slengjast til með snöggum S-formuðum hnykkjum, hlykkjast, hoppa og skoppa eins og skrykkdansarar. Þegar þeim er sleppt lausum eru þeir fljótir að hverfa niður í svörðinn.

Þótt enn hafi ekki tekist að greina slöngumaðkana til tegundar er nokkuð ljóst að um er að ræða tegund

af ættkvíslinni Amyntas sem rakin er til Austur-Asíu. Fjórar tegundir eru skráðar fundnar í Evrópu, taldar hafa borist þangað með innfluttum plöntum frá Asíulöndum og jafnvel náð festu í gróðurhúsum sums staðar.

Brjóta hratt niður plöntuleifar

Slöngumaðkar hafa einnig borist til austanverðrar Norður-Ameríku og valda þar áhyggjum því þeir geta sett allt á annan endann í vistkerfum. Þeir þykja einkar öflugir við að brjóta niður rotnandi plöntuleifar og losa þannig um næringarefnin í jarðveginum. Slíkur hraði niðurbrots er ekki æskilegur í öllum vistkerfum því margar plöntur kjósa meiri stöðugleika í jarðveginum og fá ekki þrifist við svo hraða umbyltingu. Dæmi eru um það í Ameríku að gróður hafi horfið af skógarbotnum þar sem slöngumaðkar hafa náð völdum í jarðvegi. Þá eru slöngumaðkar sagðir svo gráðugir að þeir láta ekki rotnandi plönturnar einar sér duga, heldur leggast einnig á lifandi plöntur og eyða þeim.

Á vef Náttúrufræðistofnunar segir að þetta sé enn eitt dæmið um það hvaða hættur eru fólgnar í innflutningi á pottaplöntum með rót í jarðvegi. Það er í sjálfa sér ekki vítað hvernig slöngumaðkarnir bárust hingað, heldur ekki hvernig þeim kemur til með að vegna og þá í framhaldinu haga sér. Alla vega er um að ræða kvikindi af ættkvísl maðka sem á vafasama sögu í numdum lendum vestan Atlantsála.

/VH



„Það gildir bara gamla orðtækið; að duga eða drepast, og auðvitað deyjum við ekki ráðalausir, Jökuldælingar,“ segir Sigvaldi H. Ragnarsson, bóndi á Hákonarstöðum í Jökuldal, en ríflega helmingur túna hans var kalinn á liðnu vori. Hann sótti heyskap m.a. í Jökulsárhlíð og þegar upp var staðið að honum loknum er hefyndur með mesta móti.

Mynd / MBP

Bændur í Jökuldal vel birgir af heyi eftir einstakt sumar

„Heyskapur gekk mjög vel í sumar og mun betur en nokkur maður þorði að vona í vor,“ segir Sigvaldi H. Ragnarsson, bóndi á Hákonarstöðum í Jökuldal.

Annað árið í röð var þó nokkurt kal á túnnum nokkurra bæja á Jökuldal. Útlitið var því ekki gott en annað kom á daginn, einstaklega gott sumar með góðri grastíð gerði það að verkum að hefyndur er með meira móti og fara Jökuldælingar líkt og aðrir bændur á austanverðu landinu því með góðar birgðir inn í komandi vetur.

Leit ekki vel út í vor

Sigvaldi segir að tún við Hákonarstaði hafi verið metin á liðnu vori og reyndist kal þá vera á 50 til 60% túna á jörðinni. Þar sem mest var fór hlutfallið upp í um 80%. „Bændur voru því ekki sérlega bjarsýnir í vor, en þetta er annað árið í röð sem við búum við þetta ástand, að stór hluti túna hefur kalið,“ segir hann. Klaki var yfir túnnum í hluta Jökuldals stóran part síðasta vetrar, eða frá því fyrir áramót og langt fram í mars. Kal var bundið við nokkra bæi að sögn Sigvalda, þá sem standa fremur hátt og lentu inni í veðurskilum þar sem ýmist snjóaði, rigndi eða krapaði. Á þeim svæðum



Hefyndur af túnnum í Jökuldal var mun betri í sumar en nokkur þorði að vona.

hefði svell verið yfir jörðu lengi með þeim afleiðingum að tún voru kalin á stórum parti í vor. „Það fóru nokkrir bæir hér um slóðir illa út úr þessu árferði og því var útlitið langt í frá gott,“ segir Sigvaldi sem er þakklátur góðu sumri og góðum hefynd.

Sóttu heyskap í aðrar sveitir

Sumarið aftur á móti má heita einstakt, það var sérlega gott og gras spratt sérlega vel. Uppskeran var í takt við veðurfarið, mjög góð.

Sigvaldi segir að þeir bændur sem lentu í hvað mestu kali hafi sótt heyskap lengra til, út í Jökulsárhlíð og jafnvel austur á Hérað. Þeir sem lengst sóttu stóðu í miklum hefyndingum með tilheyrandi kostnaði. Þeir sem mest hafi flutt heim á hlað óku hátt í tvö þúsund kílómetra fram og til baka með hey á flutningabílum. „En það gildir bara gamla orðtækið; að duga eða drepast, og auðvitað deyjum við ekki ráðalausir, Jökuldælingar,“ segir Sigvaldi.

/MPB

RÚV og Tómasi J. Knútssyni veitt verðlaun á Degi íslenskrar náttúru

Á Degi íslenskrar náttúru hinn 16. september síðastliðinn veitti umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, RÚV – hljóðvarpi og sjónvarpi, fjölmiðlaverðlaun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Við sama tækifæri veitti hann Tómasi J. Knútssyni, náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti.

Tómas stofnaði Bláa herinn, sem eru frjáls félagasamtök sem hafa starfað síðan árið 1995 að umhverfisvernd í hafinu. Blái herinn hefur unnið brautryðjendastarf við hreinsun í höfnum landsins með óeigingjörnu sjálfböðastarfi. Má þar nefna að yfir 1.200 tonn af rusli hafa verið hreinsuð úr náttúrunni og komið til endurvinnslu.

Til fjölmiðlaverðlaunanna voru eftirtaldir tilnefndir:

Gunnþóra Gunnarsdóttir, blaðamaður á Fréttablaðinu, fyrir greinaflokkinn Útivist og afþreying þar sem sjónum var beint að áhugaverðum náttúruperlum í öllum landshlutum á hnitmiðaðan, einfaldan og fallegan hátt.

Just.In.Iceland fyrir að nýta sér netið og gagnvirkni þess til að kynna sérstöðu Íslands fyrir umheiminum með því að skapa stafrænan vettvang til að birta og deila fagmannlega teknum ljósmyndum af íslenskri náttúru og lífríki.

RÚV, hljóðvarp og sjónvarp fyrir ítarlega og vandaða umfjöllun um almannarétt og gjaldtöku fyrir aðgang að náttúruperlum á liðnu ári.

Í rökstuðningi dómnefndar

fjölmiðlaverðlauna segir: „Umræða og umfjöllun um almannarétt og gjaldtöku fyrir aðgang að náttúruperlum hefur verið eins og rauður þráður í upplýsingamiðlun fjölmiðilsins [RÚV] á síðastliðnum tólf mánuðum, mikil að vöxtum, alhliða, upplýsandi og gagnrýnin. Öll mikilvægustu sjónarmið málanna hafa komið fram en ekki verður gert upp á milli einstakra þátta, RÚV er tilnefnt til verðlaunanna í einu lagi. Er það niðurstaða dómnefndar að sú umfjöllun samantekin verðskuldi fjölmiðlaverðlaun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins árið 2014 enda hafi mikilvægum hagsmunum og réttindum almennings hvað snertir náttúruna og umhverfið verið gerð ítarleg skil frá öllum hliðum málanna.“

/smh



Gæða kjarnfóður frá DLG sem inniheldur ekki erfðabreytt hráefni

Blöndurnar eru lystugar og með ríkulegu innihaldi af sykkurrófum til að auka fituinnihald í mjólk

Inniheldur 18-20% sykkurrófur

Byggt upp með lægri sterkju og auknum sykrum til aukinnar mjólkurfitu.
Inniheldur aukið hlutfall af pálmaolíu.

Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika

Auk hveitis, maís og byggs inniheldur það meðal annars refasmára, mask, melassa og hveitiklíð.

Inniheldur repjukökur sem aðalpróteingjafa

Repja er próteinrík afurð og inniheldur að auki talsvert af kolvetnum og er því hentugt fóður fyrir mjólkurkýr.

Innihald stein- og snefilefna í góðu jafnvægi


Ríkt af kalsíum, fosfór og magnesíum.

Fréttir

Sala á innlendu kjöti hefur dregist saman um 4,3%

Sala á kindakjöti í ágúst síðastliðinn var 642 tonn, en í sama mánuði 2013 var salan 621 tonn. Miðað við sama ársfjórðung og 2013, júní–ágúst, var salan 3,4% meiri en 2,4 % minni miðað við 12 mánaða tímabil.

Markaðshlutdeild kjöts á tólf mánaða tímabili, ágúst til september, skiptist þannig að alifuglakjöt er í 1. sæti (32,1%), kindakjöt í 2. sæti (26,7%), svínakjöt í þriðja (24,3%), nautakjöt í fjórða (14,7%)



og hrossakjöt í því fimmta (2,3%). Heildarsala á innlendu kjöti dróst saman um 4,3% á tímabilinu.

Allar ofangreindar tölur miðast við heildsölu afurðastöðva á innlendu kjöti. Innflutt kjöt er ekki talið með, en ekki var flutt inn neitt lamba- eða kindakjöt fyrstu sjö mánuði ársins 2014. Hins vegar er verulega aukinn innflutningur á öðru kjöti, einkanlega nautakjöti.

Útflutningur var 73 tonn í ágúst, samanborið við 131 tonn í ágúst 2013. Með útflutningi er heildarafsetning lamba- og kindakjöts 2% minni fyrstu átta mánuði ársins 2014 miðað við sömu mánuði 2013.

Birgðir í ágústlok, við upphaf sláturtíðar, voru 1.304 tonn, eða 239 tonnum meira en í lok ágúst 2013. Þar af eru 1.140 tonn af framleiðslu ársins 2013. /VH



Gunnar Karl á Dillinu sendir frá sér bókina North: The New Nordic Cuisine of Iceland:

Innblástur sóttur til náttúrunnar og gamalla hefða

Bókin North: The New Nordic Cuisine of Iceland eftir Gunnar Karl Gíslason, vert og matreiðslumeistara á Dill Restaurant, kom út hinn 9. september síðastliðinn.

Ekki er um hefðbundna uppskriftabók að ræða; heldur er leitast eftir því að miðla eins konar heildarupplifun á náttúru Íslands sem Gunnar Karl sækir innblástur í þegar hann fléttar saman hugmyndum í matargerð sinni.

„Ég var úti í San Fransisco þegar hún kom út. Við fögnuðum útgáfunni þarna úti og svo notuðum við tækifærið til að kynna bókina með ýmsum hætti. Ég hélt nokkra fyrirlestra í tengslum við útgáfuna; einn var í höfuðstöðvum Google og annar í fornfrægri bókabúð. Svo fór ég í nokkur útvarpsviðtöl,“ segir Gunnar Karl, nýkominn að utan.

Bókin er vegleg að vöxtum, heilar 352 blaðsíður og ríkulega myndskreytt og er á leiðinni í íslenskar bókaverslanir.

Gunnar Karl vann hana með bandarísku blaðakonunni og matarrithöfundinum Jody Eddy, en það er bandaríska bókaforlagið Ten Speed Press sem gefur verkið út. „Við fengum alveg ótrúlega góðar viðtök. Bæði var athyglin miklu meiri en við þorðum að vona og sömuleiðis fór salan á bókinni mjög vel af stað.“

Íslensk útgáfa ekki í boði

Forsaga bókarinnar er sú að Gunnar Karl var búinn að gauka hugmyndum sínum um útgáfuna að nokkrum íslenskum útgefendum í einhvern tíma, áður en raunverulegur flötur fannst. Hann hafði séð fyrir sér að fenginn yrði ljósmyndari og rithöfundur sérstaklega til að vinna bókina með honum – og farið yrði um landið þar sem bændur og aðrir framleiðendur hráefnisins, sem Dill vinnur með, yrðu heimsóttir. „Innlendu útgefendunum leist ekki vel á umfangið og kostnaðinn sem myndi óhjákvæmilega fylgja slíku verkefni. Menn voru alveg til í að gera uppskriftabók – en fannst þetta kannski fullmikið.

En svo kynnist ég Jody í tengslum við bók sem hún var að skrifa – og fjallaði að hluta til um Dillíð. Hún spurði mig hvort ég hefði eitthvað hugleitt að gefa út bók og ég sagði henni þá frá hugmyndum mínum. Henni fannst þetta allt mjög spennandi og spurði hvort ég gæti hugsað mér að skrifa bókina með henni með það fyrir augum að gefa hana út í Bandaríkjunum. Ég sló til og við réðumst svo bara í verkefnið og þetta er útkoman,“ segir Gunnar Karl um tildrögin.



Gunnar Karl Gíslason.



Saltfiskur frá Elvari á Hauganesi. Hvannarkrem, súrsuð hvönn og hvannarlauf.

Gamlar hefðir við vinnslu og verkun

Hann segir að uppleggið í bókinni sé að upphella á ákveðinn hátt þá sem leggja þeim til hráefnið; fólkið sem vinnur við að búa til matvælin og sjálfa náttúruna. „Ekki síst þá sem halda í gamlar hefðir við vinnslu og verkun, þar sem sumt af þessum aðferðum eru við það að deyja út. Annar meginhluti bókarinnar er íslensk náttúra og landslag – en ég sæk þáðan mikinn innblástur og auðvitað jurtirnar í matreiðsluna; tré og ýmsan gróður, villtan og ræktaðan. Svo kemur þetta allt saman í matnum á Dillinu og uppskriftunum þáðan.

Hugmyndafræði matreiðslu minnar gengur mikið út á að nota það sem maður finnur í nærumhverfinu og íslenskt hráefni. Auðvitað kemst maður ekkert alveg undan því að flytja eitthvað inn en við reynum að halda því í lágmarki. Þá erum við hrifin af því að nota hráefni sem hefur verið unnið með gömlum og góðum verkunaraðferðum; til dæmis



Anískrydduð maltgrein með reyktri súrmjólk og hjartarfa. Skyrkráp og froða með gerjuðum rabarbara og súrum.

Myndir / Anthony Bacigalupo og Evan Sung

taðreyking, söltun eða súrsun í mysu – svo eitthvað sé nefnt. Svo er sérstaklega ánægjulegt að geta sett slíkar afurðir í nýjan búning sem hæfir fínni veitingastöðum.“

Miklu meira en uppskriftabók

Gunnar telur bókina eiga fullt erindi við almenning – og bændur þar meðtalda – en ekki sérstaklega þröngan hóp matarspekúlanta. „Það sem skilur þessa bók frá öðrum matreiðslubókum er að þeir sem hafa jafnvel ekki sérstakan áhuga á mat geta engu að síður haft gaman af henni. „Það er gríðarlega mikið lesmál í henni, bæði hugleiðingar mínar og eins viðtöl við bændur og aðra matvælaframleiðendur – og að því leyti miklu meira en venjuleg uppskriftabók.“

Nýnorræna eldhúsið

Formála að bókinni skrifar hinn kunni danski matreiðslumeistari Rene Redzepi. Hann er stofnandi og eigandi veitingastaðarins Noma í

Kaupmannahöfn sem á undanförunum árum hefur verið talinn til eins af bestu veitingastöðum í heimi. Noma er einmitt einn af flaggberum hins nýnorræna eldhúss, sem Gunnar Karl og Dill kenna sig einnig við. „Þetta hugtak „nýnorræna eldhús“ er nú eiginlega orðið dálítið teygt. Ég kys að líta á það á sambærilegan hátt og hugtök á borð við „ítalska eldhúsið“ eða það franska. „Nýnorræna eldhúsið“ á uppruna sinn að rekja til þess tíma þegar búið var til „manifesto“, eða stefnuyfirlýsing, fyrir þessa hugmyndafræði – fyrir um tólf árum. Með stefnuyfirlýsingunni var ætlunin að koma norrænum löndum á kortið sem tilteknu matarsvæði – og ég held að það hafi bara tekist mjög vel.

En við Rene erum kunningjar og hann hefur komið og heimsótt mig hingað heim og ég hann til Kaupmannahafnar. Orðin hans í formálanum snúast ekkert um Dill eða mig, heldur er þetta lýsing á upplifuninni á fyrstu heimsókn hans til Íslands og íslenskrí matarmenningu

– og því sem var að gerast á þeim tímamarki í þeim málum. Ég býst ekki við að þetta muni spilla fyrir markaðssetningunni á bókinni – þó svo að það hafi kannski ekki verið hugsunin í byrjun þegar ég bað hann um að skrifa formálann.“

Farsæl vistaskipti fyrir Dill Restaurant

Margir muna eftir Dillinu í Vatnsmýrinni – í Norræna húsinu – en fyrir stuttu síðan flutti það sig um set á Hverfisgötuna, í hús númer 12. „Útlitslega séð er þetta nú mun nær því að vera það Dill sem ég ætlaði mér að opna fyrir fimm árum. Það gengur vel hjá okkur og við fáum til okkar mikið af svokölluðum matarferðamönnum, sem þefa uppi það sem er áhugavert að gerast í matarmenningu í viðkomandi löndum. Við erum mjög sáttnar þarna og munum halda áfram okkar striki, þó þannig að við reynum alltaf að skerpa á hlutunum og gera betur.“

/smh




NIBE

Nýtt



Evrópa velur
NIBE
varmadælur
til húshitunar



Friorka.is

571 4774

Frystikistur á tilboðsverði

25 % afsláttur



Stærðir frá 189L upp í 567L
Kistur eru á hjólum
Með læsingu á loki
Niðurfall fyrir afhýmingu
Með hitamæli



Tilboð gildir meðan birgðir endast.

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is



KYNNING Á DAIKIN VARMADÆLUM

Eitt mesta úrval af loft í loft varmadælum.
Pixo - Caldo - Emura II stærð frá 3,5 til 10,2kW

Loft í vatn og Vatn í vatn varmadælur í miklu úrvali til í öllum stærðum inverter tækni.

Verð frá 199.900.-

Verð frá 990.000.-

Daikin Europe er með höfuðstöðvar í Belgíu og framleiðsla þeirra öll innan Evrópu, uppfylla allar reglur um orkusparnað, Daikin voru fyrstir til þess að innleiða A+ vottun á varmadælurnar sínar.

SCOP 5,9

SCOP 4,7

Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælum!

VARMAÐÆLUR - VARMAKIPTAR - KÆLIKERFI - HITATÚPUR - INNHRINGIBÚNAÐUR - HITASTJÓRNBÚNAÐUR - HRINGRÁSADÆLUR - JARÐVEGSLAGNIR - TÖLVUKÆLAR

SUPER **DAIKIN** 

Smiðjuvegur 70 - 200 Kópavogur www.verklagnir.is - info@verklagnir.is

JAK & MIGATRONIC Á FERÐALAGI

BOÐSKORT

Í viku 40/2014 verðum við á ferð um landið. Það er okkur sönn ánægja að bjóða ykkur að koma og kynna ykkur helstu nýjungar í málmsuðu auk þess sem hægt verður að prófa búnaðinn sem verður til sýnis. Endilega merkið við viðburðinn í dagatalinu.



Sauðárkrúkur
Akureyri
Reykjavík

Við vonum að boðið vekji áhuga og að þið sjáið ykkur fært að mæta og hitta okkur og Migatronic. Vinsamlega tilkynnið um þátttöku á adalsteinn@jak.is eða hringið í síma 555 2035

Migatronic teymið hlakkar til að sjá þig.

JAK *ehf*
DALSHRAUN 14 • 220 HAFNARFJÖRÐUR
sími: 555 2035 / fax: 565 2095 / www.jak.is

MIGATRONIC
WELDING VALUE



25 ÁR SEM UMBOÐSAÐILI MIGATRONIC

JAK hefur verið umboðsaðili Migatronic á Íslandi í 25 ár. Sem einn af framvörðum í suðutækni, hefur JAK þá reynslu og þekkingu af Migatronic suðutækjum sem þarf til þess að aðstoða viðskiptavinum við að auka færni og hagkvæmni í suðumálum.

KOMDU OG KYNNNTU ÞÉR MIGATRONIC SUÐUVÉLAR EINS OG:

IGC® Intelligent Gas Control:
Reglar óskað gasflæði og stoppar vélina ef flæðið er ekki nóg. Allt að 50% gassparnaður - í sumum tilfellum jafnvel enn meira.

IAC™ Intelligent Arc Control:
Hannað fyrir suðu í rót eða í stór suðubíl. Minna hitaflæði og stöðugur stuttbog. Hindrar myndun á suðulús. Eykur suðuhraða í fallandi suðu.

PowerArc™ Programmes:
Dýpri innbræðsla og minni kantsár. Minni afmyndun vegna minni hitamyndunar. Suðulús í lágmarki.

TIG-A-Tack™
er eiginleiki sem gerir það að verkum að hægt er að punktsjóða með mjög mikilli nákvæmni – dregur úr hættu á aflögun og skemmdum á efni.

Autopulse
Hentar vel í suðu á hástyrktarstáli Hindrar að suðulús myndist. Sér til þess að viðhalda styrkleika efnisins og yfirborðsvörn.



1989 | 2014

FERÐAÁÆTLUN

29.09.2014
Staður: Akureyri
Staðsetning: Verkmenntaskólinn á Akureyri
Tímasetning: 13-16

30.09.2014
Staður: Sauðárkrúkur
Staðsetning: Fjölbautarskóli Norðurlands vestra
Tímasetning: 13-15

01.10.2014
Staður: Reykjavík
Staðsetning: Iðan fræðslusetur, Vatnagörðum 20
Tímasetning: 10-16

www.migatronic.com



Guðni Ágústsson, framkvæmdastjóri SAM:
Mjólkuriðnaðurinn virðir lögin

Eitt er víst að það er Alþingi Íslendinga sem setur lögin, en oft talar Samkeppniseftirlitið eins og það eigi að ráða. Um mjólkurframleiðslu í Bandaríkjunum, Kanada og í ESB gilda á ýmsum sviðum sérlæg eins og hér.

Mjólkursamsalan mun áfrýja úrskurði Samkeppniseftirlitsins og menn verða að bíða þeirrar niðurstöðu og gefa fyrirtækinu svigrúm á meðan. Síðan tekur við tímabil þar sem ber að græða sárin. Stórverslunin hefur hlotið marga slíka úrskurði og jafnan borgað sektirnar, ekki áfrýjað. Mjólkuriðnaðurinn virðir lögin og vill alls ekki brjóta þau. Því verður að fá niðurstöðu hvað sé rétt í þessu og hvort ákvörðunin standist. Eitt er víst að það er rangt að Mjólkla Ólafs Magnússonar hafi verið sett á hausinn árið 2008 af MS, en þá sagði hann sjálfur orðrétt þegar gjaldþrot blasti við:

„En okkur er enginn vorkunn og við getur engum öðrum um kennt en okkur sjálfum.“ Svo mörg voru þau orð.

Greiðslumark verði 140 milljónir lítra

Aldrei í Íslandssögunni hefur jafn mikið verið etið og drukkið af mjólkurvörum og mjólk, eins og síðustu árin. Nú hefur stjórn Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði gert tillögu til Framkvæmdanefndar búvörusamninga um að greiðslumark mjólkur verðlagsárið 2015 verði ákveðið 140 milljónir lítra, sem er gríðarleg viðbót. Þessi ákvörðun eru mikil tíðindi fyrir kúabændur og segir okkur að neyslan frá því að sá búvörusamningur sem enn er í fullu gildi, að vísu tvíframlengdur frá árinu 2004 og byggði á neyslu upp á 104 milljónir lítra, sé barn síns tíma.

Við vitum að bændur eru nú með full fjós af kúm og munu gera allt til að mjólk skorti ekki á markaðnum, og vonandi ganga söluspár eftir. Full þörf er því á að gera nýjan samning milli ríkisins og bænda sem allra fyrst. Við svona framleiðsluhvatningu er margt ungt fólk tilbúið að koma inn í greinina og taka við búum þeirra eldri, ætla mætti að eitt til tvö hundruð ung hjón sem ala með sér þann draum að verða bændur séu á þröskuldinum og vilji hefja kúabúskap. Til að slíkt gerist þarf stefnan að vera skýr hvernig atvinnugreininni er gert að byggja sig upp og hvernig standa hin stóru hornmörk sem varða leiðina til framtíðarinnar.

Tækifæri að auðvelda nýliðun

Nú er tækifæri að auðvelda nýliðun

og því þarf landbúnaðarráðherra ásamt forystumönnum bænda að setjast yfir þetta stóra verkefni og greina heildarmyndina og hvernig best sé staðið að stefnumörkuninni og nýjum samningi. Sá búvörusamningur sem nú er að renna sitt skeið var góður, hann er gagnsær og flækjustigið innan marka. Hér eru mikilvægustu hornmörkin að tollarnir á okkar framleiðsluvörum haldi og þeim sé ekki raskað einhliða, það skilur ESB best, sem er stærsta tollabandalag heims og gefur ekkert eftir. Það sjáum við best í skyrinu okkar sem fer sigurför um Evrópu en rekur sig strax í tollmúrana og er vara sem er sérstök og alíslensk en undanþága er ekki til í þeirra bókum, þeir vilja osta hingað í staðinn. Nú er verðið fallið á kvóta eða framleiðslurétti og hefur það ekki verið lægra frá upphafi. Enda er fullt verð greitt á alla umframmjólk við þessar aðstæður.

Bankakerfið hefur verið of tregt gagnvart uppbyggingu sveitanna eftir hrunið mikla, en sannleikurinn er sá að gjaldþrot og afskriftir eru miklu stærra vandamál í öðrum atvinnugreinum en landbúnaði.

Sama verðlag um land allt

Hvernig verður með opinbera verðlagningu í mjólk? Sem er ekki síst mikilvæg til að verðlag um allt land á hinni mikilvægu dagvöru mjólkurafurðanna sé það sama um allt land hvar sem fólkíð kaupir mjólk, ost, smjör o.fl. Sama á við um verð til bændna. Enn fremur hafa verslanirnar þær minni talið sér hag og öryggi í þessu kerfi til að lifa af í samkeppninni.

Sykurinn veldur skaða

Hvernig fer stóra málið með matarskattinn sem nú er boðað að hækki úr 7% upp í 12%? Hvernig lenda stjórnarflokkarnir þessu vonda deilumáli? Sagt er að í málinu felist það að sykursgjöld á feitustu þjóð í heimi eigi að lækka um þrjá milljarða, mín skoðun er sú að sykurinn eigi að borga vel til ríkisins fyrir þann skaða sem hann veldur heilsufari landsmanna og er loksins viðurkennt. Það er nýtt að verða að gera Össur Skarphéðinsson að leiðtoga lífsins í matarskattinum. Það er ógeðslegt að sjá blessuð börnin moka með skóflum sælgæti í poka í sérstökum sykurherbergjum verslananna. Og enn alvarlegra að sjá þá feitu og hrjáðu fara í búðir um miðjar nætur vegna fötlunar sinnar. En landið er að rísa og sígandi lukka er best, horfum til hinna björtu hliða tilverunnar.



Réttað í Kjósarrétt í roki og rigningu

Það er ekki alltaf sól og blíða þegar bændur smala fé sínu af fjalli á Íslandi.

Réttað var í Kjósarrétt á sunnudag í hifandi roki og rigningu. Þangað fóru börn starfsmanna Bændasamtaka Íslands til að virða fyrir sér kindurnar. Þurfti að halda vel í börnin til að þau fykju hreinlega ekki út í veður og vind. Kom það sér því vel að við nýppbyggða réttina er traustlegt steinhús þar sem hægt var að leita skjóls og virða fyrir sér féð út um gluggann.



Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri hjá mjólkurbúinu Kú, virðir fyrir sér safnið í Kjósarrétt.

Myndir / EHG

Leiðbeiningar frá MAST vegna mengunaráhrifa frá eldgosi á búfé, matjurtir, drykkjarvatn og fóður:

Meiri hætta vegna innöndunar en því sem sest á gróður

Matvælastofnun (MAST) hefur gefið út leiðbeiningar um meðferð búfjár, matjurtar, drykkjarvatns og fóður á áhrifasvæðum eldsumbrotanna í Holuhrauni – vegna hugsanlegrar mengunar frá ryki og gosefnum.

Þar kemur fram að MAST hafi skoðað hvort hætta muni stafa af matjurtum og fódri vegna losunar brennisteinsdíoxíðs (SO2). Neysla matjurtar á áhrifasvæði eldgossins mun þannig ekki vera hættuleg fólki í því magni sem hér um ræðir og eru áhrif innöndunar brennisteinsdíoxíðs mun meiri. Hins vegar eru súlfít, sem verður til þegar brennisteinsdíoxíð kemst í snertingu við vatn, þekktur ofnæmisvaldur og geta matjurtir af svæðinu þar af leiðandi verið varasamar fólki með óþol fyrir súlfítum í matvælum.

MAST hvetur fólk sem fyrr til að skola matjurtir og ber vel með vatni fyrir neyslu til að fjarlægja ryk og gosefni sem gætu hugsanlega verið til staðar, svo sem súlfít, flúor og önnur snefilefni.

Í tilkynningu MAST kemur fram að þegar litið er til dýra á beit þá stafar þeim mun meiri hætta af innöndun brennisteinsdíoxíðs frá eldgosinu en af því litla magni sem sest á gróður.

Á vef MAST eru nánari upplýsingar að finna varðandi mengunarhættu frá eldgosinu.

Þar segir eftirfarandi varðandi öskufall:

- Tryggja öllum dýrum hreint drykkjarvatn, svo sem kostur er. Sjá til þess að skepnur á útingangi hafi aðgang að rennandi vatni eða færa þeim hreint vatn reglulega og koma í veg fyrir að þær drekki úr stöðnu vatni. Kanna ástand vatnsbóla og sjá til þess að yfirborðsvatn berist ekki í þau.
- Forða skepnur undan öskufalli, hýsa

þær ef aðstæður eru fyrir hendi eða flytja annað.

- Takmarka beit á þeim svæðum þar sem öskufall er mikið, gefa lystugt fóður vel og oft, og tryggja aðgang að selenríkum saltsteinum eða stömpum. Gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aska falli á fódrið.
- Hafa daglegt eftirlit með öllum skepnur, sér í lagi lambfé og folaldshryssum. Hryssum og ám getur verið hætt við klumsi eða doða og ungiðinu við skorti á E-vítamíni og seleni.
- Breiða yfir fiskeldisker, þar sem því verður við komið og tryggja gott vatnsstreymi í kerin.
- Sama gildir um gæludýr og aðrar skepnur. Mikilvægast er að þau drekki ekki úr stöðnu vatni og best að halda þeim sem mest innandyr.

Um loftmengun segir:

- Tryggja svo sem kostur er að skepnur gangi ekki á landi nálægt gosstöðvum þar sem hætta er á loftmengun. Koltvísýringur sest í lægðir og getur valdið kófnun.
- Forðast álag á skepnur þegar loftmengun er mikil, t.d. hlaup og streituvaldandi aðstæður. Brennisteinsdíoxíð veldur m.a. ertingu í öndunarfarum og augum. Þetta er rétt að hafa í huga m.a. við smölun þá daga sem mengun er mikil, því meðal þess sem þarf að varast eru mikil hlaup og streita.

Aska og flúor

Gosefni sem berast með vindi geta mengað gróður og vatn og borist ofan í skepnur. Öskukornin eru oddhvöss eins og örsmá glerbrot. Þau særa augu, öndunarferi og meltingarveg. Þau geta valdið niðurgangi, tannsliti

og fótisæri. Flúor loðir við yfirborð kornanna. Magn flúors eykst því eftir því sem askan er fínna. Fín aska langt frá eldstöð er því ekki síður hættuleg skepnur en aska sem fellur nær.

Flúor bindur kalsíum í torleyst sambönd og stuðlar þannig að kalkskorti. Bráð eitrun getur valdið doða í ám og kúm, og klumsi í hryssum, einkum seint á meðgöngu og um burð eða köstun. Langvinn eitrun getur leitt af sér alvarlegt misslit á jöxlum (gadd), sem gerir skepnunum erfitt að tyggja, sem og óeðlilegar beinmyndanir á fótleggjum, sem valda helti.

Hætta vegna eldgoss er breytileg eftir árstíð, dýrategund, aldri, magni flúors og annarra efna í öskunni og hvert askan berst. Hindra skal ef unnt er öskufall á skepnur og í fóður þeirra og sjá til þess að þær hafi aðgang að hreinu drykkjarvatni. Ef aska fellur á óslegið tún á heyskapartíma, er vissara að bíða með slátt þar til rígt hefur, sama gildir um beitiland. Flúorinn þynnist fljótt og eitrunarhætta dvínar, þegar rígnir. Falli flúormenguð aska á hey þarf að meta magn flúors, sem gæti borist í skepnur og taka ákvörðun um nýtingu heysins á grundvelli þess.

Mikill munur er á því hvort magn flúors sé hátt yfir langan tíma eða skamman. Bráð eituráhrif geta komið fram í nautgripum, sauðfé og hrossum ef magn flúors í þurrefni í fódri fer yfir 250 mg/kg. Algengustu einkenni eru doði í kúm og kindum, og klums í hryssum, en einnig ýmis einkenni frá taugakerfi og meltingarfærum. Ef magn flúors í fódri og drykkjarvatni er yfir mörkum í langan tíma geta komið fram einkenni í tönnum og beinum.

Jafnframt ber að hafa í huga að ýmsir þættir hafa áhrif á þolmörkin, s.s. aldur dýrsins, almennt næringar- og heilbrigðisástand og streita. Ung dýr, dýr í lélegu ásigkomulagi og dýr sem eru undir álagi vegna lélegs aðbúnaðar eða annarra þátta eru mun viðkvæmari.

/smh

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í WASHINGTON D.C.

Verð frá **33.200*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.



Njóttu hvernar mínútu

Abraham Lincoln er meitlaður í stein. Það er óþarfi að drífa sig að sjá hann. Eða reyna að sjá Hvíta húsið, Washington minnismerkið og Georgetown á einum og sama degi. Það sem skiptir máli er að anda rólega. Fylgjast með öndunum sem svamla fyrir framan minnisvarðann. Borða með öllum skilningarvitunum. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lífa.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

[f](#) [t](#) [YouTube](#) [i](#) Vertu með okkur

ICELANDAIR 



Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla

Um síðustu áramót tók gildi ný reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu (nr. 1160/2013).

Fulltrúar Lands sambands sauðfjárbænda (LS) höfðu veg og vanda af gerð hennar með umsögn frá ýmsum aðilum, sem svo ráðuneytið staðfesti 20. desember. Um áramótin tóku jafnframt gildi ný lög um búfjárhald. Með gildistöku þeirra laga færðist búfjárefirlit frá sveitarfélögum yfir til Matvælastofnunar (MAST) og í stað þeirra sem fyrir voru í hlutastörfum voru ráðnir sex dýraeftirlitsmenn, einn í hvert umdæmi landsins. Matvælastofnun hefur hingað til séð um eftirlit með velferð og aðbúnað dýra en með nýrri gæðastýringarreglugerð var stofnuninni falið að fara með eftirlit með framkvæmd gæðastýrðar sauðfjárframleiðslu. Dýraeftirlitsmenn sinna nú ásamt héraðsdýralæknum og eftirlitsdýralæknum eftirliti með velferð og aðbúnaði dýra og hafa eftirlit með sérstökum þáttum gæðastýringar.

Í nýrri gæðastýringarreglugerð er eins og áður miðað við að lágmarkskröfur aðbúnaðarreglugerðar sauðfjár séu uppfylltar en til viðbótar við þær kröfur er skert á umhverfismálum þ.e. umgengni og ásynd býla.

Helstu þættir sem hafa þarf í huga:

- Þeir sem óska eftir að taka upp gæðastýrða framleiðslu sækja um það í Þjónustugátt Matvælastofnunar fyrir 20. nóvember ár hvert. Beiðni um að hætta er jafnframt send til MAST.
- Umsækjandi þarf að sækja undirbúningsnámskeið.
- Framleiðendur eru skyldaðir til að fylla út gæðahandbók, s.s. áburðarnotkun, gróffóður-öflun og fóðrun, landnýtingu, lyfjakaup og -notkun, umhverfi, ástand og ásynd umhverfis.
- Fjárfestofn skal skrá í skýrslu-haldskerfi Bændasamtaka Íslands fyrir 31. desember. Sé það ekki gert fær viðkomandi bóndi viðvörn og í framhaldi fjögurra vikna frest, annars er litið svo á að viðkomandi uppfylli ekki skilyrði um gæðastýrða framleiðslu.
- Eftirfarandi eru þættir sem varða ímynd sauðfjárbúskapar, þ.e. viðmiðunarreglur um mat á umhverfisþáttum. Bóndi telst ekki uppfylla skilyrði um gæðastýringu ef eitt eða fleiri atriði eru ekki í lagi:
- *Girðingar:* Ástand girðinga er með þeim hætti að þær eru hættulegar skepnur t.d. liggja á hliðinni, laus gaddavir og svo framvegis.
- *Umhverfi mannvirkja:* Óþrifnaður út frá taðhaugum, járnadrasl, ónýtir rafgeymar, áberandi magn af ónýtum vélum, tækjum o.s.frv.

- *Umhirða og uppröðun lausra hluta:* Magn ónýtra tækja sem ekki er raðað eða komið fyrir með skipulegum hætti, sem og vélar og tæki sem hindra aðgengi að mannvirkjum.
- *Laust plast, net, garn og stórsekkir:* Laust og fjúkandi plast, net og garn. Stórsekkir áberandi, t.d. plast, net og garn. Stórsekkir á girðingum eða troðið niður í kringum rúllustæður. Ekki sinnt um að hirða plast, net og garn af rúllum sem eru gefnar úti. Haugar af ónýtum rúllum með rifjið plast. Tómir og/ eða ónýtir áburðar- eða fódurbætissekkir.

- Framleiðandi þarf að uppfylla skilyrði um landnýtingu á öllu því svæði sem tilgreint er í umsökn. Uppfylli heimaland ekki kröfur þarf að vinna landbótaáætlun til allt að 10 ára og skal þá leita umsagnar Landgræðslu ríkisins.
- Uppfylli framleiðandi ekki skilyrði gæðastýringar skal MAST veita hæfilegan frest til úrbóta þó að hámarki fjögurra vikna frest, samkvæmt reglugerðinni. Þegar grípa þarf til ráðstafana vegna vanfóðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar hjá framleiðanda skv. 38. gr. laga nr 55/2013 um velferð dýra eru skilyrði gæðastýringar ekki uppfyllt. Í slíkum tilfellum skal ekki veita frest til úrbóta.

– Sjá viðkomandi reglugerð á vef MAST og LS undir Lög og reglugerðir.

Ljóst er að miklar breytingar hafa átt sér stað í hefðbundnu búfjárefirliti, eins og við flestar breytingar ganga þær sjaldnast hnökralaust fyrir sig. Eftirlitsaðilar sem og bændur hafa bent á ýmsa þætti sem betur mættu fara í kjölfar eftirlits síðasta vors og vinnur nú MAST að því að endurskoða verklag og framsetningu, m.t.t. þeirra athugasemda sem gerðar hafa verið. Mikilvægt er að framkvæmd eftirlits sé í stöðugri endurskoðun og að markvisst sé unnið að úrbótum.

Á þessu ári hefur að nokkru verið komið til móts við framleiðendur og sveigjanlegri frestur verið veittur en reglugerðin segir til um, þ.e. lengri en 4 vikur. Ljóst er að það samræmist ekki reglugerðinni, en er tímabundin viðleitni MAST til að vinna með framleiðendum að settum markmiðum gæðastýringar.

Metnaður allra er jú að tryggja aðbúnað og velferð dýra og í gegnum gæðastýringareglugerðina að skrásetja framleiðsluáferðina, tryggja rekjanleika afurða, viðhalda náttúrugæðum og ásynd býla.

Ásdís Helga Bjarnadóttir, dýraeftirlitsmaður

Skýrsla landlæknisembættisins um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi 2013:

Sýklalyfjanotkun í dýrum hefur dregist saman

– Varðandi almenning standa Íslendingar sig verst allra Norðurlandabúa

Embætti landlæknis gaf út nú í sumar skýrslu um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi baktería í mönnum og dýrum á Íslandi á árinu 2013. Þetta er annað árið í röð sem fjallað er um notkun og næmi í bæði mönnum og dýrum.

Sambærileg skýrsla um sýklalyfjanotkun í mönnum var gefin út í nokkur ár þar á undan. Í nýju skýrslunni segir m.a.:

„Sýklalyfjaónæmi baktería er ein af stærstu heilbrigðisógnum heimsins í dag. Aukið ónæmi fyrir sýklalyfjum veldur vandamálum við meðferð sýkinga og hefur þar af leiðandi slæmar afleiðingar fyrir heilsu manna og dýra og veldur auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustu.

400 þúsund sýkingar af völdum ónæmra sýkla í Evrópu

Sóttvarnastofnun Evrópu-sambandsins (European Centre for Disease Prevention and Control - ECDC) áætla að í Evrópu einni komi upp um það bil 400 þúsund sýkingar á ári hverju af völdum ónæmra sýkla sem leiða til um 25 þúsund dauðsfalla. Með auknum ferðalögum og viðskiptum með matvæli og dýraafurðir heimshorna á milli opnast leiðir fyrir sýklalyfjaónæmar bakteríur til að dreifa sér. Sýklalyfjaónæmi er því alþjóðlegt vandamál.

Sýklalyfjanotkun er einn af áhrifamestu þáttum í vali og dreifingu sýklalyfjaónæmis, þótt sambandið geti verið flókið. Röng og/eða of mikil notkun sýklalyfja eykur hættu á uppkomu og útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. Forsenda markvissra aðgerða gegn óskynsamlegri sýklalyfjanotkun er að hafa góðar og áreiðanlegar upplýsingar um notkun sýklalyfja og þróun ónæmis gegn þeim. Á Íslandi er hvatt til þess að sýklalyf séu notuð með ábyrgum hætti.

Áhersla er lögð á sýkingavarnir á heilbrigðisstofnunum og fylgst er með tíðni sýkinga sem tengjast heilbrigðisþjónustunni.“



Góð staða í landbúnaði en verri hvað fólk varðar

Erlendar rannsóknir sýna að Noregur og Ísland eru í fararbroddi Evrópuríkja hvað varðar litla sýklalyfjanotkun í búfænaði mælt sem magn á þyngdareiningu. Viða annars staðar er hún talsvert mikil, m.a. í þeim löndum sem íslenskir kaupmenn sækja kjöt til að selja á Íslandi. Er staðan verst á Kýpur, Ítalíu, Spáni og í Þýskalandi. Þá er hún líka margfalt meiri í Danmörku en á Íslandi og um 40 sinnum meiri á Spáni, en þaðan hafa Íslendingar m.a. verið að fá nautakjöt.

Varað hefur verið við því að sýklalyfjaleifar í kjöti geta borist í menn og safnast þar upp. Þetta getur leitt til sýklalyfjaónæmis og útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería sem landlæknisembættið bendir á í skýrslu sinni. Aftur á móti sýnir skýrslan að staðan er ekki eins góð hvað mannfólkið varðar. Þar er Ísland rétt fyrir ofan meðaltal Evrópuríkja og eftirbátur allra Norðurlandabjóðanna.

Notkun sýklalyfja fyrir dýr hefur dregist saman

Fram kemur í skýrslunni að sýklalyfjanotkun í dýrum fór minnkandi á árunum 2010–2012



en stóð nokkurn veginn í stað milli áruna 2012 og 2013. Sala í flestum lyfjaflokkum minnkaði á tímabilinu 2010–2013 en þó má nefna að sala á lyfjum úr flokki súlfónamíða og trímétópríms hefur aukist um 119% á tímabilinu og þar af um 80% milli áruna 2012 og 2013.

Salmonella og Campylobacter sp. stofnar sem greindust í mönnum á Íslandi 2013 og teljast til innlands smits voru vel næmir fyrir flestum sýklalyfjum sem prófað var fyrir. Þó hefur ónæmi Campylobacter-stofna fyrir cíprófloxacíní verið að aukast á árunum 2009–2012 og vert að fylgjast með því á næstu árum.

Stofnar Salmonella og Campylobacter sp. í kjúklingum og svínunum hafa einnig verið vel næmir fyrir þeim sýklalyfjum sem prófað hefur verið fyrir síðustu ár.

Campylobactersýking í kjúklingum sú minnsta síðan eftirlit hófst

Sýni eru tekin úr hverjum kjúklingaeldishópi tveimur til fimm dögum fyrir slátrun allt árið.

Eldishópar sem eru Campylobacter-jákvæðir í eldi

eru frystir strax eftir slátrun. Við slátrun eru tekin sýni til Campylobacter-ræktunar úr botnlöngum kjúklinganna. Ekki eru tekin slátursýni úr eldishópum sem voru jákvæðir í eldi.

Á árinu 2013 greindist Campylobacter í um 1,9% af kjúklingasláturhópum á Íslandi (sjá mynd 37) og hefur tíðnin ekki verið jafn lág síðan eftirlit hófst. Um mitt ár 2012 var þó eftirliti breytt á þá leið að engin sýni eru tekin úr sláturhópum m.t.t. Campylobacter yfir vetrarmánuðina, eða í janúar, febrúar, mars, nóvember og desember, þar sem líkur á jákvæðum hópum eru hverfandi á þessum árstíma. Því er erfitt að bera saman niðurstöður frá seinni hluta árs 2012 og ársins 2013 við niðurstöður fyrri ára.

Niðurstöður skýrslunnar eru að notkun sýklalyfja í mönnum hefur haldist nokkurn veginn óbreytt síðustu ár. Þó hefur notkunin minnkað eilítið síðustu ár í aldurshópnum 0–4 ára og 15–19 ára. Athygli vekur að notkun þröngvirkra sýklalyfja innan heilbrigðisstofnana hefur minnkað milli áruna 2012 og 2013 á meðan notkun breiðvirkra lyfja hefur aukist. /HKr.

HREINSI- OG SMUR- EFNI, GÍROLÍUR, SMUROLÍUR OG RÚÐUVÖKVI

FYRIR ALLAR GERÐIR BIFREIÐA



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

kemi

Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 544 5466
Opíð: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00.

Er þetta ekki flott?



Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæspir, 2-3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.

Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2-3 m (Sælandsaspir, keisaraaspir og iðun). Íslenskt birki 2-3 m.

Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570

Tilboð!

Birkitré 2-3 m. á hæð.

Tilboðsverð v. magnaup,
10 stk., 20 stk., 30 stk. eða fleiri

Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570



Allt er vænt sem vel er grænt!

Höfum náð að tryggja okkur nokkur eintök af DEUTZ-FAHR CompacMaster "skjaldbökunni" fyrir næsta sumar og getum nú boðið hana á sérstöku kynningarverði fram til loka október.

DEUTZ-FAHR CompacMaster með eftirtöldum búnaði:

- Lauskjarna rúlluvel
- Fast baggahólf
- Rúllustærð 1,22m x 1,25m
- 18 valsar
- 230 cm sópvinda
- 14 hnífa skurðarbúnaður
- Netbinding
- Plöstun í baggahófli
- VT50 stjórnölva með litaskjá
- Miðlægir smurstútar á legum
- Flotdekk 500/50-17

Kynningarverð ef pantað er fyrir lok október **kr. 7.999.000 án vsk** *)

*) Verð við gengi á Evru = 154 kr. Endanlegt verð miðast við gengi á afhendingardegi frá verksmiðju.

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum okkar.



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Humbaur álkerrur



Tveggja öxla,
2500 kg.,
mál á palli 3x1.5m.

Verð kr: 560,000,-
m./vsk. og skráningu.

www.Topplausnir.is - Smiðjuvegi 40 - gul gata - 200 Kópavogi. Sími 517-7718

Sortimo®



Innréttingar
Hillu- og skúffukerfi

Fyrir allar gerðir bíla

- Þrautreynt kerfi
- Öryggisprófað
- Tryggir þig gegntjóni



FAGMENNSKA ALLA LEIÐ
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

STEKKUR



Í fótspor Gagarin

Marga hefur líklega dreymt um að ferðast til tunglsins eða enn lengra út í geiminn og horfa á jörðina utan frá.

Fram til þessa hefur sá draumur eingöngu ræst hjá fáeinum einstaklingum. Yuri Gagarin var manna fyrstur út í geiminn en Neil Armstrong steig fyrstur á tunglið.

Raunveruleikinn um að ferðast út í geiminn færist nær með hverju ári. Fyrir miðja síðustu öld þótti það ævintýrleg hugmynd að menn ættu eftir að svífa um í geimnum, hvað þá að ganga á tunglinu. Árið 1961 sendu Rússar mannað geimfar á sporbaug um jörðu og Yuri Gagarin var fyrstur manna til að sjá jörðina utan frá, að minnsta kosti með hjálp tækninnar. Átta árum seinna, 1969, stigu þeir Neil Armstrong og Buzz Aldrin fyrstir manna á tunglið en Gene Gernan mun vera síðasti maðurinn sem lyfti fæti af tunglinu, árið 1972.

Einkaaðilar skerast í leikinn

Þrátt fyrir að margir efist um að menn hafi nokkurn tíma stigið fæti á tunglið, og lagt fram visbendingar máli sínu til stuðnings, eru aðrir sem kjósa að trúá á landinguna og að mannkynið sé fært um að framkvæma slíkt stórvirki. Fram til þessa hafa tólf menn notið þeirrar gæfu að stíga fæti á tunglið og allir eiga þeir það sameiginlegt að vera bandarískir ríkisborgarar og opinberir starfsmenn.

Hótel Luna

Aðilar í ferðaþjónustu horfa með opnum hug á þann möguleika að bjóða almenningi skemmtiferðir út í geiminn og jafnvel að setja upp einhvers konar afþreyingaraðstöðu á braut um jörðu, eða hóteli á tunglinu eða Mars.

Þyngdarleysiserótík

Þegar til tunglsins er komið verður hægt að fara í gönguferðir og gígaskoðun eða spila golf. Tunglfarinn Alan Shepard var reyndar fyrstur manna til að spila golf á tunglinu, hann hitti kúluna í þriðju tilraun og segir sagan að það sé lengsta högg sögunnar. Kúlan liggur enn á tunglinu og hver veit nema einhver eigi eftir að rekast á hana á ferð sinni um tunglið.

Tunglið þykir ekki mjög áhugaverður staður í dag þar sem það hefur í raun upp á lítið að bjóða annað en urð og grjót og því líklegra að sett verði upp geimstöð á braut um jörðu sem hótel. Í geimhótelinu verða veitingahús, verslanir, líkamsræktarstöðvar og spilavíti. Auk þess verður boðið upp á geimgöngur og þyngdarleysiserótík.

Fyrstu ferðalangarnir út í geiminn verða væntanlega moldríkir sérvitringar og ævintýramenn en fljótlega mun verðið lækka og ferðirnar boðnar í auglýsingaskyni sem vinningur í happdrætti. Að lokum munu ferðirnar svo standa almenningi til boða á verði sem hann ræður við. /VH



Þóra Valsdóttir hjá Matís kynnti sjávarþörunga á matarmarkaði Búrsins um síðustu mánaðamót og hvernig hægt er að nota þá til matargerðar. Mynd / VH

Sjávarþörungar:

Þorir þú að smakka?

Þörungar eru fullir af steinefnum, vítamínum og öðrum heilsusamlegum næringarefnum sem gerir þá næringarlega að góðri viðbót við allan mat.

Þrátt fyrir gífurlegt magn þeirra, rétt innan seilingar, þá eru þörungar vannýtt hráefni – en það á eftir að breytast, segja fróðir menn. Þörungar gera allan mat áhugaverðari.

Þegar talað er um sjávarþörunga í tengslum við mat er átt við botnþörunga því aðrir sjávarþörungar eru smásæir, svokallaðir svifþörungar. Botnþörungar vaxa meðfram ströndum okkar. Þeir teygja sig upp, niður og þversum og safna í sig sjávarsöltum og steinefnum. Þeir gefa fiskum, skeldýrum og öðrum sjávarlífverum líf og vernd en hafa átt takmarkaðan sess í mataræði okkar. Við Íslandsstrendur er talið að séu um 200 tegundir botnþörunga, þar af rúmlega 20 ætar. Þeir eru mjög ólíkir innbyrðis, stórir, smáir, grænir, rauðir, brúnir, gulir, þunnir, þykkir, mismunandi að bragði og áferð og henta því til mismunandi notkunar.

Þörungar – matur í neyð eða súperfæða?

Á Norðurlöndunum hefur verið lítið á þörunga sem dýrafóður, áburð og í neyðartilfellum sem mat fyrir fátækt fólk. Þessi tengsl þörunga við fátækt og eymd skýra að hluta af hverju þessi sérstaki matur hefur ekki fengið verðskuldaða viðurkenningu. Það eru að sjálfsögðu undantekningar á þessu, hér á Íslandi hefur hefðin að borða söl sem viðbit haldist fram á þennan dag og Grænlandingar nýta marínkjarna og beltisþara. Að öðru leyti eru þörungar að mestu leyti nýttir til að draga úr þeim hjálparefni í matvæli s.s. hleypiefni eða aðra iðnaðarframleiðslu. Langmest af þörungum er neytt í Asíu, einkum Japan, Kína og Suður-Kóreu. Á



Þörungar eru vannýtt hráefni.

Mynd / MATÍS ÞV

Vesturlöndum er áhugi hins vegar að aukast á þörungum samhliða auknum vinsældum sushi.

Þörungar í matseld

Margir spá því að í náinni framtíð verði botnþörungar hversdagsmatur á Norðurlöndunum. Þá má nota á margvíslegan hátt til að auka næringargildi matar samhliða því að styðja við baráttu Vesturlanda gegn ofþyngd sem og afleiðingu vannæringar þar sem hana er að finna.

Botnþörungar eru mjög trefjarlíkir og því erfiðara að melta þá en mörg önnur matvæli, það getur því tekið tíma fyrir fólk að venjast því að borða þá í meira magni. Þá líkar mörgum ekki hið framandi bragð eða að tyggja stóra, seiga bita af þörungum. Smá útsjónarsemi þarf því við framreiðslu þeirra, t.d. með því að skera þá smátt eða framreiða þá stökka. Þörunga má matreiða á fjölbreyttan máta. Gott er að blanda þörungum í smoothie eða steikja þá lítillaga með sesamfræjum auk þess sem gott getur verið að

mala þá og sáldra síðan yfir ýmsa rétti. Bólupang er frábært snakk eftir smá tíma í ofni með örlítilli olíu. Það má steikja kjúkling í eldföstu móti með smá þörungum í vatninu, til að gefa bragð. Í eftirréttum með sýrðum rjóma er hægt að nota sumar tegundir þörunga sem hleypiefni s.s. marínkjarna. Stórþari er leyndarmálið í baunaréttum, dregur úr vindgangi. Þörunga má einnig nota sem bragðauka í súpur og salöt, þurrkaða og skorna í smá bita. Þá er gott að setja þörunga í brauð, til dæmis söl. Það er því bara spurning um að prófa sig áfram. Fara sjálf að safna þörungum eða kaupa úti í næstu verslun. Vöruúrvalið er sífellt að verða betra og uppskriftir má finna í matreiðslubókum eða á netinu.

Eins og með önnur matvæli þá er meðalhófið best. Það er mikilvægt að tryggja að þörungar séu skornir upp á hreinum svæðum og sumar tegundir af þörungum eru það ríkar af jöði að eingöngu örlítið magn þarf af þeim til að fara yfir ráðlagða neyslu. Með það á bak við eyrað, eru þörungar

frábært hráefni til að gera mataræði okkar heilsusamlegra.

Heilsusamleg viðbót við norræna eldhúsið

Ný norræn matvæli, sem er verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, hefur lagt áherslu á nýtingarmöguleika þörunga, einkum sem heilsusamleg viðbót við norræna eldhúsið. Nú í haust verða viðburðir á öllum Norðurlöndunum þar sem þemað er sjávarþörungar sem hollur og bragðgóður matur. Markmiðið er að kynna hráefnið og hvetja almenning til að nýta þörunga til matar.

Á Matarmarkaði Búrsins helgina 30.–31. ágúst var haldin sérstök kynning og sala á matþörungum. Það kom mörgum bersýnilega á óvart hversu bragðgóðar sumar tegundirnar eru og hvað er hægt að nýta þörunga á fjölbreytilegan hátt í mat. Ýtið því öllum fordómum til hliðar, prófið og þeir munu koma þér skemmtilega á óvart.

Klár í réttirnar?

Verslanir N1 um land allt bjóða upp á gott vöruúrval fyrir bændur í smalamennsku.



Lambhúshetta

Vnr. a421 2

Flísefni, fóðruð með bómull.
Verð 2.590 kr.



Prjónapeysa

Vnr. 9608 8140-z

Með styrkingu á öxlum og olnboga.
Stærð M-2XL.
Verð 7.900 kr.



Dunlop Purofort Stígvél

Vnr. a414 612289 til a414 6912299

Létt og lipur, gott slitþol, þola vel dýrafitu og húsdýraáburð.
Stærðir 37-47.
Verð 10.291 kr.



Kuldagalli

Vnr. 9616 k2 2001

Grár og svartur, vatnfóðraður.
Stærð S-5XL.
Verð 23.900 kr.



Tech tappa-viðgerðarsett

Vnr. 664 230 885

Með lofthylkjum fyrir fjórhjól.
Verð 4.990 kr.



Scangrip Miniform hlaðanlegt COB LED ljós

Vnr. 893 03.5036.

Með hnélið, segli og krækju, jöfn vinnulýsing.
Verð 9.950 kr.



Sensor höfuðljós

Vnr. 893 03.5025

Stillanlegur fókus, snertifrír rofi.
Verð 5.950 kr.



Flash 100 vasaljós

Vnr. 893 03.5105

Stillanlegur fókus, beltispoki.
1W-CREE XP-G LED pera.
Verð 5.950 kr.



Banner rafgeymar

Start- og neyslugeymar í miklu úrvali.



Mobil smurolía

Mobil Delvac MX 15W-40 4 og 20 lítra. Mínerölsk olía fyrir vinnuvélar.



Gamla fjárhúsið var endurbyggt 2004 og þar fer nú fram veitingasala. Gestir eru ólmir í að bragða á lummum sem þar eru í boði. Á góðum degi er steiktur vænn stafli, nokkur hundruð stykki.

Myndir / Mþþ

Æ fleiri ferðamenn leggja leið sína í Sænautasel:

Gott sumar að baki

– Gestafjöldi álíka og góðærissumarið 2007

„Það gekk ljómandi vel í sumar og hingað komu fjölmargir gestir,“ segir Lilja Óladóttir sem ásamt eiginmanni, Birni Halli Gunnarssyni, hefur umsjón með rekstri ferðabjónustunnar á Sænautaseli á Jökuldalsheiði.

Undanfarin sumur hafa um 4.000 manns lagt leið sína í Sænautasel yfir sumarmánuðina, en þeim hefur farið fjölgandi ár frá ári frá því staðurinn var opnaður ferðafólki fyrir 20 árum, árið 1994.

„Við byrjuðum með einfalda kaffisölu og höfðum ekki mikið umleikis, en þetta hefur smám saman undið upp á sig og má segja að Sænautasel sé nú vinsæll viðkomustaður gesta á Austurlandi og þeirra sem ferðast á milli Austur- og Norðurlands,“ segir Lilja.

Vilja ekkert annað en lummur

Gamli bærinn var fyrst eingöngu í notkun, en gamalt fjárhús var gert upp og endurbyggt frá grunni og hýsir nú veitingasöluna. „Það er oft mikil ös hjá okkur, einkum þegar veðrið er gott og við getum nú ekki kvartað yfir veðrinu á liðnu sumri, það var einstaklega gott,“ segir Lilja. Frægar eru lummurnar sem steiktar eru í gríð og erg alla daga í Sænautaseli og segir hún að gestir vilji vart sjá neitt annað. „Ég prófaði að bjóða upp á aðrar veitingar, brauð með laxi og silungi og því um líkt en okkar gestir voru ólmir í að prófa lummurnar svo ég hætti þessum tilraunum og einbeiti mér að lummunum. Þær eru ansi margar sem við steikjum suma daga, fleiri hundruð talsins þegar mest er.“

Sveitarfélagið hafði forgöngu

um það árið 1992 að ráðist var í endurbyggingu gamla bæjarins að Sænautaseli og vann Lilja ásamt fleiri sveitungum við þá uppbyggingu. „Svo fóru menn að velta fyrir sér hvað ætti að gera þarna og ég ákvað að prófa að vera yfir sumarið með kaffisölu. Það komu nú sárafáir fyrsta sumarið, en mynd um svæðið hér sem sýnd var í sjónvarpi árið 1995 jók strauminn talsvert og síðan hefur gestafjöldinn vaxið með hverju sumrinu,“ segir Lilja. „Þá fór boltinn að rúlla.“

Fjölmargir litu við sumarið 2007, en þá var kominn vegur yfir Kárahnjúkastíflu og fýsti marga að berja hana augum. „Það opnaðist leið fyrir ferðamenn hér um öbyggð svæði á Jökuldalsheiði og það sumar komu mjög margir, ég myndi giska á að sumarið nú hafi verið álíka gott, þetta voru metsumur hvað ferðamannafjöldi varðar.“

Kem endurnærð af fjöllum

Lilja kveðst hvergi annars staðar vilja vera yfir sumarið en á fjöllum, þar kunni hún vel við sig. Hún hefur verið staðarhaldari á Sænautaseli í 20 ár og hefur nýlega gert fimm ára samning við sveitarfélagið um reksturinn. „Ég kem alveg endurnærð af fjöllum, tilbúin fyrir átök vetrarins og hlakka alltaf til á vorin að komast í Sænautasel aftur,“ segir hún, sem býr á bænum Merki í Jökuldal ásamt sinni fjölskyldu. Þar er tvíbýli, Stefán bróðir hennar og fjölskylda búa þar einnig sauðfjárbúi með 5–600 kindur. Sjálf starfar Lilja að hluta til á Egilsstöðum yfir veturinn. /Mþþ



Arnar og Helga, starfsmenn hjá Selasetri Íslands á Hvammstanga.

Myndir / Selasetur

Árleg selatalning á Vatnsnesi á vegum Selaseturs Íslands:

Gestum fjölgar jafnt og þétt ár frá ári

„Gestakomum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár en það koma í kringum 20 þúsund manns til okkar í Upplýsingamiðstöðina árlega,“ segir Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands á Hvammstanga.

„Ætla má að aukning milli ára hafi að jafnaði verið um 10%, en á liðnu ári má segja að hafi orðið alger sprenging og aukning á gestakomum var gríðarleg.“

Markmið að efla náttúrutengda ferðabjónustu

Selasetrið var stofnað vorið 2005 með það að markmiði að standa að eflingu náttúrutengdrar ferðabjónustu í Húnaþingi vestra, vinna að eflingu selaskoðunar á svæðinu og standa fyrir fjölbreyttum rannsóknnum, fræðslu og upplýsingamiðlun um seli við Ísland. Selasetrið eignaðist í upphafi tveir hæðir að Brekkugötu 2 á Hvammstanga þar sem verslun Sigurðar Pálmasonar var til húsa. Þar voru settar upp fræðslusýningar um seli og húsnæðið nýtt fyrir fjölpætta starfsemi setursins. Með aukinni starfsemi var hluti starfseminnar fluttur í húsnæði í eigu Kaupfélags Vestur-Húnvetninga niðri við Hvammstangahöfn sumarið 2011. Þar eru nýjar sýningar setursins, búið að standsetja rannsóknaraðstöðu og þar er upplýsingamiðstöð héraðsins og móttaka ferðamanna. Skrifstofur eru enn að Brekkugötu 2.

Rannsóknadeild Selaseturs Íslands tók til starfa árið 2009 og starfa eins og er tveir sérfræðingar í fullu starfi við deildina, auk aðstoðarfólks og rannsóknanema, þeir eru verkefnaráðnir og starfa einkum yfir sumartímann. Deildin starfar á tveimur sviðum; líffræðirannsóknasviði og ferðamálarannsóknasviði. Því síðarnefnda stýrir dr. Leah Burns, sérfræðingur í náttúrutengdri ferðabjónustu. Leah er sameiginlegur starfsmaður Háskólans á Hólum og Selasetursins. Sandra Magdalena Granquist, dýraatferlisfræðingur og doktorsnemi, stýrir líffræðirannsóknarsviðinu, en hún segir að meginverkefni þess séu rannsóknir á selastofnum við Ísland. Meðal verkefna er vöktun á stofnstæðum útsels og landsels við Ísland, rannsókn á fæðuöflun sela og áhrifum sela á fiskistofna við landið.

Margt spennandi í gangi

„Það eru mörg spennandi rannsóknaverkefni í gangi hjá okkur,“ segir Sandra. Stofnstærðartalning á landsel fer reglulega fram og þá teljum við úr flugvél. Í ár erum við einnig að kanna möguleika á að telja seli við strendur landsins með svonefnda



Talena, dýralæknir og sjálfbóaliði við Selasetrið á liðnu sumri, Ellen Magnúsdóttir, sem unnið hefur við svonefnt Fuglastígsverkefni, Valérie Scholl, dýralæknanemi frá Frakklandi, og Sarah Marschall, meistaranemi við Háskóla-setur Vestfjarða, en verkefni sitt vinnur hún við Selasetrið.

dróna, ómönnuð loftför sem taka myndir yfir landsvæði í sama tilgangi, að telja seli. „Við reynum þá að telja þá seli sem sjást á myndum og gera áætlanir um stofnstærð út frá því,“ segir hún.

Sérfræðingar Selaseturs fá oft beiðnir um að leiðbeina nemendum við gerð lokaverkefna. Nú í sumar hefur Sarah Marschall, meistaranemi frá Háskóla-setri Vestfjarða, unnið að verkefni undir leiðsögn Söndru Granquist og Leah Burns, en verkefni hennar nær yfir hvernig best er að koma skilaboðum til ferðamanna um hvernig á að haga sér í kringum villt dýr, til að lágmarka neikvæð áhrif.

Rannsókn á áhrifum landsels á laxfiska

Sandra vinnur einnig að stórrí rannsókn um áhrif landsels á laxfiska, en vinna við það verkefni hófst árið 2009. Markmið þess er að sögn Söndru að áætla áhrif sela sem dvelja á ósasvæðum á laxfiskastofna og laxveiði í ám. Í rannsókninni er m.a. verið að skoða fæðuval landsela við árósa, hreyfimylnstur landsela í Bjargarósi í Húnaþingi vestra og eins ummerki eftir seli á veiddum laxfiskum. „Við höfum skoðað óbein áhrif landsela á laxveiðar með því að biðja laxveiðimenn í helstu ám í Húnaþingi vestra og Austur-Húnavatnssýslu að skrá ummerki eftir seli í laxfiskum. Niðurstöður sýndu að minna var um bit á laxi eftir seli á veiddum fiskum en menn hefðu talið, en niðurstöðurnar eiga bara við um árna þar sem rannsóknin var gerð og yfir ákveðnu tímabili,“ segir hún.

Selatalningin mikla

Selatalningin mikla var haldin á vegum Selaseturs Íslands í lok júlí. Talningin hefur farið fram árlega síðan árið 2007 og var þetta því í áttunda sinn sem til hennar var eftt. Markmið talningarinnar er að fylgjast með fjölda og staðsetningu landsela á Vatnsnesi og Heggstaðanesi, ásamt því að gefa almenningi tækifæri á að kynnst og taka þátt í rannsóknarstarfsemi Selaseturs Íslands.



Alls voru taldir riflega 700 selir í talningunni.

Selir voru taldir á allri strandlengjunni á Vatnsnesi og Heggstaðanesi í Húnaþingi vestra, samtals um 100 km. Sjálfbóaliðar aðstoðuðu sérfræðinga Selasetursins við talninguna. Með því móti gefst færi á að kanna stórt svæði á mjög stuttum tíma. Í ár tóku yfir 30 manns þátt í talningunni og voru það bæði erlendir og íslenskir ferðamenn á leið um landið. Sumir bændur töldu einnig sjálfir í sínu landi og selaskoðunarbatúrin Brimill sem gerir út frá Hvammstanga aðstoðaði einnig við talninguna.

Rúmlega 700 selir sáust á svæðinu

Í ár sáust samtals 706 selir á svæðinu, einkum landselur. Það eru aðeins færri selir en sáust 2013, en þá voru talin 757 dýr. Árið 2012 voru talin 614 dýr, en fjöldinn árin þar á undan hefur verið yfir 1.000 dýr. Mikilvægt er að hafa í huga að þessar talningar eru aðeins vísbending um lágmarksfjölda þeirra sela sem dvelja á þessu svæði. Margir þættir hafa áhrif á fjölda sela sem liggja uppi í látrunum hverju sinni og er veður einn þeirra.

Á vef Selasetursins kemur fram að tölurnar segja ekki endilega til um ástand landselsstofnsins í heild. Seinna í sumar verður landselsstofninn talinn í helstu látrum landsins úr lofti á vegum Selaseturs Íslands. Stofnstærðarmat á landsel fór síðast fram árið 2011 og hefur þar áður farið fram reglulega síðan árið 1980 og þá hefur verið talið um land allt úr flugvél. Niðurstöður talningarinnar frá 2011 benda til þess að landselstofninn hafi staðið í stað síðan árið 2003 og sé tæplega 12 þúsund dýr. /Mþþ

SMELLTU ÞÉR Á NÝTT SUZUKI FJÓRHJÓL!

MYND LTA750XP LITUR YLG

VIÐ BJÓÐUM SUZUKI AXA LT750AXPI OG LT500AXPI. SJÁLFSKIPT MEÐ RAFKNÚNU AFLSTYRI OG SJÁLFAEÐRI FJÓÐRUN. EINNIG SUZUKI AXA LTF400FS. BEINSKIPT EBA LTA400FS. SJÁLFSKIPT. SUZUKI FJÓRHJÓLIN ERU ÞÆGILEG, EN UM LEIÐ ÖFLUGIR VINNUHESTAR OG HAFNA SANNAN SIG SEM EINSTAKLEGA LIPUR, ÁREIDANLEG OG TRAUST TIL ALLRA VERKA.

LTA750XP Kr. 2.290.000,- m/vsk
LTA500XP Kr. 2.060.000,- m/vsk
LTF400FS Kr. 1.690.000,- m/vsk

SUZUKI UMBOÐIÐ EHF
SKEIFAN 17 S:565-1725 SUZUKI@SUZUKI.IS - SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS

Það liggur ekkert á!

Við bjóðum sama góða afsláttinn af KRONE rúllusamstæðum alveg fram til 15. janúar 2015.



Comprima CF 155 XC17



Comprima CF 155 XC17

**Sambyggð rúllu- og pökkunarvél.
Ein bestu kaupin á markaðnum í dag.
Hér fæst mikið fyrir peninginn.**

- Lauskjarna rúlluvél með breytilega baggastærð
- Bindur og pakkar rúllum í stærðunum 1,25m - 1,50 m x 1,20 m
- Sjálfstætt vökvakerfi - minna álag á traktor
- Fullkomin DELTA stjórnþolva með litaskjá
- 17 hnífa skurðarbúnaður og mótunarvals
- Drop Floor stíflulosunarbúnaður
- Netbinding
- Sjálfvirk smurning á keðjum, miðlægir smurstútar á legum
- Flotmikil dekk í yfirstærð: 500/55-20
- Flutningur á pökkunarborð með armi
- Fullkomin pökkunarvél með 2 stillingum á strekkingu á plasti. Heldur áfram að pakka þó önnur rúllan klárast eða slitni.

Verð án VSK *)

Listaverð 2015kr. 10.326.500

TILBOÐSVERÐkr. 9.500.000



Comprima CV 150 XC17



Comprima CV 150 XC17

**Sambyggð rúllu- og pökkunarvél.
Sú fastkjarnasamstæða sem gengið hefur
hvað best við íslenskar aðstæður.**

- Fastkjarna rúlluvél með breytilega baggastærð (Vario vél)
- Bindur og pakkar rúllum í stærðunum 1,00m - 1,50 m x 1,20 m
- Sjálfstætt vökvakerfi - minna álag á traktor
- Fullkomin DELTA stjórnþolva með litaskjá
- 17 hnífa skurðarbúnaður og mótunarvals
- Drop Floor stíflulosunarbúnaður
- Netbinding
- Sjálfvirk smurning á keðjum, miðlægir smurstútar á legum
- Flotmikil dekk í yfirstærð: 500/55-20
- Flutningur á pökkunarborð með armi
- Fullkomin pökkunarvél með 2 stillingum á strekkingu á plasti. Heldur áfram að pakka þó önnur rúllan klárast eða slitni.

Verð án VSK *)

Listaverð 2015kr. 11.215.220

TILBOÐSVERÐkr. 10.318.000

KAUPAUKI: Með öllum KRONE rúllusamstæðum sem pantaðar verða fyrir 15. janúar 2015 fylgir 1 boðsmíði í skoðunarferð til KRONE verksmíðjanna í Spelle í Þýskalandi á vormánuðum 2015.

*) Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts og miðast við gengi á Evru = 154 kr.



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Gnýr sf. í Reykjavík og Stykki hf. í Stykkishólmi kynna nýjung á íslenskum byggingamarkaði sem gæti vel hentað í landbúnaði:

Danskt FRP-plasttrefjaefni sem er afar sterkt, létt og viðhaldsfrítt

– Mikið notað í glugga, brúargerð, útsýnispalla, vindmyllusmíði og margvísleg önnur mannvirki

Danska fyrirtækið Fiberline Composites A/S hefur um þrjátíu ára skeið verið í frumkvöðlahlutverki hvað varðar framleiðslu á burðarbitum, gluggaefni og öðru úr viðhaldsfríu, trefjastyrktu FRP-fjölíðuplastefni í margvíslega mannvirkjagerð. Helsti kostur þessara efna er lítið viðhald, gríðarlegur styrkur auk mikils léttleika.

Ragnar Kærnested hjá Gný í Reykjavík er umboðsaðili Fiberline Composites A/S á Íslandi. Segir hann að notkun á FRP (Fibre Reinforced Polymers) efnun fyrirtækisins byggist á mikilli sérhæfingu varðandi smíðatækni og aðferðir. Því sé ánægjulegt að komist hafi á samstarf við

landsbyggðarfyrirtæki um að taka það hlutverk. Þar er um að ræða fyrirtækið Stykki hf. í Stykkishólmi.

Þórarinn Sighvatsson hjá Stykki segir að hægt sé að nota þessi efni í nánast hvað sem er. Þótt efnið sé dýrara á hverja lengdareiningu en stál, þá sé efnið ekki dýrt ef tekið sé mið af því að burðurinn er mun meiri miðað við þyngd en næst með stáli. Því þurfi mun meira af stáli en fiberefninu til að ná sama markmiði hvað burðareiginleika varðar. Til viðbótar komi mun meiri ending og að efnið sé viðhaldsfrítt, mengi ekki, þoli vel bleytu og uppfylli EN13706-staðalinn.

Fyrirtækin kynntu Fiberline-efnin á 60 manna brúarráðstefnu Norræna vegasambandsins (NVF) sem haldin var á Hótel Sögu í Reykjavík 3.–4. september síðastliðinn. Þar var til sýnis 12 metra löng göngubrú úr Fiberline-efni sem Stykki hf. smíðaði sérstaklega af þessu tilefni.

Bráðsniðugt efni til margra hluta

„Ég sé fyrir mér að svona efni geti verið mjög sniðugt í grindur í fjárhús og í bita undir slíkar grindur. Þetta ryðgar hvorki né fúnar og auðvelt er að þrifa það,“ segir Þórarinn sem þekkir ágætlega til sauðfjárræktar.


„Þó sé hægt að nýta þessi efni í nánast hvað sem er þá er ég ekki viss um að það sé hagkvæmt að nota þau í burðarvirki á byggingum þar sem annars er notuð stálgrind. Menn hafa samt notað þessi efni í þeim tilgangi, m.a. í kjarnorkuverum. Kosturinn er líka að þetta er laust við alla rafleiðni og segulmyndun. Þannig mætti hugsa sér að þessi efni hentuðu vel í gagnaver og á öðrum stöðum þar sem leiðni getur verið vandamál.“ Auk þess megi nefna útsýnispalla, gangstíga, flotbryggjur, handrið og tröppur.

Dönsk hugmynd

Fiberline Composites A/S var stofnað í danska bænum Kolding



Ragnar Kærnested hjá Gný og Þórarinn Sighvatsson hjá Stykki við brú úr FRP-efni sem kynnt var á brúarráðstefnu Norræna vegasambandsins (NVF) sem haldin var á Hótel Sögu fyrir skömmu. Þess má geta að brúin stendur þarna á svokölluðum Dvergum sem eru undirstöðustólpur sem Íslandshús hefur verið að markaðssetja. Myndir / HKr.



Hægt er að fá margvíslega prófíla úr FRP-efni frá Fiberline Composites A/S í Danmörku.

SILUNGANET!



Flot og sökknét
Breytt felling -
Meiri veiði
Ala- og
Bleikjugildirur



HEIMAVÍK ehf.

Sími 892 8655

www.heimavik.is

Gleði & gaman

FÖSTUDAGUR 26. SEPTEMBER

Stórsýning & skagfirsk gleði

REIÐHÖLLIN SVADASTAÐIR KL. 20:30

Fjölbreytt sýning með flinkum knöpum og góðum hestum

Höllin opnuð kl. 20:00 :: Miðaverð kr. 2000 :: Forsala hjá N1 á Sauðárkróki

LAUGARDAGUR 27. SEPTEMBER

Laufskálarétt í Hjaltadal

:: Stóðið rekið úr Kolbeinsdal til Laufskálaréttar uppúr kl. 11:30

:: Réttarstörf hefjast kl. 13:00

Laufskálaréttarball 2014

REIÐHÖLLIN SVADASTAÐIR KL. 23:00

Hljómsvetin Von ásamt Matta Matt, Ingó Veðurguð og Ernu Hrönn

Miðaverði kr. 3500 :: Aldurstakmark 16 ár :: Forsala hjá N1 á Sauðárkróki

1. maí 1979 af Dorthe og Henrik Thorning. Fyrirtækið þróast smám saman úr því að vera tveggja manna fyrirtæki í stóra verksmiðju sem fyrirtækið rekur í bænum Middelfart á Fjóni í Danmörku sem er skammt frá Litlabeltisbrúnni. Framleiðsla fyrirtækisins úr FRP-efnum hefur unnið til fjölda verðlauna en á boðstólum eru margvíslegir prófílar og plötuefni. Efnið hefur m.a. verið notað í spaða á stórar raforkuvindmyllur og ýmsa hluti í vindmylluturna eins og sjá má víða úti fyrir ströndum Danmerkur. Einnig eru framleiddir burðarbitar af margvíslegum gerðum í ýmiss konar mannvirki eins og brýr og efni í plastglugga og fleira.

Burðarbitar eins og svokallaðir I bitar frá fyrirtækinu hafa gríðarlegan styrk sem byggist á því að þeir eru í raun forspenntir með trefjum líkt og steinsteypubitar sem forspenntir eru með stálstrengjum. Þannig næst fram gríðarlegt burðarþol í hlutfalli við þyngd efnisins. Getur slíkt efni því hentað mjög vel til brúargerðar auk þess sem fyrirtækið framleiðir sérstakar

burðarplötur í dekk á slíkar brýr. Þá er einnig mikill kostur að þessi plasttrefjaefni standast vel tæringaráhrif af völdum t.d. sjávar og kemískra efna.

Hentar vel í göngubrýr

Þórarinn nefnir að með slíkum efnun sé hæðarleikur að byggja göngubrýr sem hengdar eru utan á eldri steinsteypar brýr, án þess að raska burðareiginleikum brúnna. Þá hefur hann kynnt þetta fyrir ferðabjónustuaðilum vegna hugmynda um að setja göngubrýr yfir ár í óbyggðum, eins og í Þórsmörk, þar sem erfitt getur reynst að koma að þungum stálbrúm.

Þá hafa menn verið með hugmyndir um að smíða hjólastólaraampa úr svona efni, segir Þórarinn. Einnig er Vegagerðin að láta skoða nýtingu á Fiberline-efni m.a. í brúargerð.

„Möguleikarnir eru óendanlegir, en við erum fyrst og fremst að selja þetta út á styrk og léttleika,“ segir Þórarinn.

/HKr.



Þarft þú að gefa fé?

-við framleiðum þrjár útfærslur af gjafagrindum

Gjafagrind til notkunar úti eða á taði, fyrir allt að 30 kindur.

- Létt og meðfærileg
- Sterk
- Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni

Rúllugrindur fyrir stórgripi

- Frábær hönnun
- Mjög einföld í notkun
- Sterk og meðfærileg

Gjafagrind til notkunar innandyrna, fyrir allt að 70 kindur.

- Þrjár gerðir
- Sterk
- Auðveld í notkun
- Sérstakar slæðigrindur
- Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni



Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

Skotbómulyftarar

- Sala
- Varahlutir
- Þjónusta

Vertu vinur okkar á Facebook

S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Hafa áhrif um land allt!

Heyrúlluskeri

plast- og netskrælari

Cashels heyrrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öfluga tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

- Sterkur - Öflugur
- Léttur

Söluaðili:

Vélaval
560 Varmahlíð
453 8888 - velaval.is

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

LOFT Í LOFT VARMADÆLUR

-25°C

- Framleiddar í Evrópu
- 5 ára ábyrgð
- Þrívíddar loftflæði
- Hreyfiskynjari
- 10°C frostvörn
- GSM stýring*

* Aukahlutur

Ein sú hljóðlátasta á markaðnum - komið og hlustið í verslun okkar!

Nánari upplýsingar: lagnadeild@byko.is, sími 515-4040.

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

facebook.com/BYKO.is

Ábúendur á Flúðum í Fljótsdalshéraði rækta rófur á hálfum hektara lands:

Stefnir í mjög góða uppskeru eftir gott sumar

„Við erum rétt aðeins að byrja að taka upp og uppskeran lofar góðu. Mér sýnist að hún muni vera álíka mikil og í fyrrihaust, en þá fengum við mjög góða uppskeru,“ segir Friðjón Þórarinnsson, bóndi á Flúðum á Fljótsdalshéraði, en bærinn er skammt norðan Egilsstaða.

Þar stunda Friðjón og Anna Bragadóttir rófnarækt á hálfum ha lands. Þá eru þau með um 230 vetrarfóðraðar kindur, stunda skógrækt á 40 ha, leigja út sumarhús og stunda að auki vinnu utan heimilis.

Safna liði úr röðum vína og vandamanna við upptökuna

Anna og Friðjón stefna að því að hefja upptökustörfin fyrir alvöru um næstu mánaðamót. Þau fá til liðs við sig góðan hóp vína og ættingja og leggjast allir á eitt við rófuupptökuna. „Þetta er fjölskylduvænt verkefni, hingað koma vinir og vandamenn og aðstoða okkur,“ segir Anna. Hún segir að þau reyni að draga upptöku eins lengi og hægt er fram á haustið svo rófurnar geymist betur. Engar vélar eru notaðar við upptöku, allt tekið upp með höndunum „og það gengur mjög vel þegar margir taka þátt“.

Rófurækt hefur verið stunduð á Flúðum um árabil og segir Friðjón að landið henti vel til slíkrar ræktunar. Hins vegar gangi erfiðlega að rækta þar kartöflur þar sem iðulega myndast frostpollur neðan bæjarins. „Við höfum prófað að rækta kartöflur hérna, það gengur ekki, en við erum með lítills háttar kartöflurækt á Setbergi,“ segir hann.

Góð uppskera í fyrra og stefnir í annað eins nú

Friðjón segir fáa bændur á Austurlandi stunda rófnarækt og enginn með mikla ræktun. „Það kom sér vel hversu mikil uppskera varð í fyrrasumar, því lítill rófuuppskera var í öðrum landshlutum vegna vætutíðar.“ Alls fengu þau Anna og Friðjón um 9 tonn af rófum upp úr garði sínum í fyrrihaust sem er með mesta móti. Þau eru rétt að byrja upptöku á þessu hausti og segja uppskeru lofa mjög góðu, hún verði síst lakari en metárið í fyrra. „Rófurnar eru stærri í ár, svo að líkindum gætu tonninn orðið fleiri en í fyrra,“ segir hann.

Uppskeran er að mestu seld á heimamarkaði, í verslanir á Egilsstöðum og þá er mötuneyti



Friðjón og Anna Bragadóttir, kona hans, stunda rófnarækt á hálfum hektara lands á jörð sinni, Flúðum, uppskerustörf eru rétt að byrja og lofar uppskera góðu. Uppspera í fyrrihaust nam um 9 tonnum og stefnir í að hún verði ekki síðri nú í haust.



Rófurnar eru í stærri kantinum þetta árið, enda var veður einstaklega gott fyrir austan alveg frá því í vor og langt fram á haust.

Myndir / MÞP

álvers Alcoa á Reyðarfirði stór kaupandi. Eins hefur fólk mætt heim á hlað og keypt rófur í poka.

Æ fleiri prófa kornrækt

Friðjón, í félagi við þrjá bændur aðra, var með kornrækt á 8 ha lands á jörðinni Setbergi og á Helgafelli.

Búið er að þreskja og var uppskera mjög góð. Aður hefur Friðjón í litlum mæli stundað kornrækt, en hann segir bændur á Austurlandi vera að færa sig upp á skaftið og æ fleiri prófi nú að rækta korn á jörðum sínum. „Þetta er að aukast núna hin síðari ár, en var svo til óþekkt hér áður fyrr,“ segir hann. Einstaklega gott veður



Friðjón, í félagi við þrjá bændur aðra, var með kornrækt á 8 ha lands á jörðinni Setbergi og á Helgafelli. Búið er að þreskja og var uppskera mjög góð.

frá því í vor og langt fram á haust á sinn þátt í hversu vel bændur austan til á landinu uppskera.

Sauðfé og skógrækt

Anna og Friðjón eru með sauðfé, 230 vetrarfóðraðar kindur á húsi og þá hófu þau snemma skógrækt á vegum Héraðs- og Austurlandsskóga. Riða greindist á bænum fyrir allmörgum árum og í kjölfar niðurskurðar sneru þau sér að skógrækt á hluta jarðarinnar, en hún var fjárlaus um tveggja ára skeið. Alls rækta þau skóg á um 40 ha landi. „Auðvitað má alltaf deila um hvort það land sem tekið er undir skógrækt nýttist ef til vill betur undir eitthvað annað. Skógræktin hefur tekist vel hér og við erum aðeins byrjuð að grisja,“ segir Friðjón.

Nýta allt sem jörðin gefur

Anna bætir við að þau reyni að nýta allt sem jörðin gefur, tínd eru ber og sveppir til heimilis, að auki bjóða þau gistingu í tveimur sumarhúsum. Nýting hefur verið svipuð og undanfarin sumur, en einkum eru það erlendir



Friðjón kampakátur með vænan kálhaus úr garði sínum við bæinn Flúðir á Fljótsdalshéraði.

ferðamenn sem gista að Flúðum. „Það má eiginlega segja að búskapurinn hér sé því mjög blandaður,“ segir hún. Og bætir við að eitt sinn hafi þau rekið

handverksmarkað við bæinn og þar hafi einnig í eina tíð verið svín og geitur. „Við höfum prófað ýmislegt,“ segir hún. /MBÞ

Varmadælur
sem eru framleiddar
og prófaðar fyrir
norðlægar slóðir

Besta loft í loft dæla
sem SP í Svíþjóð
hefur prófað

LG Nordic Prestige

Sparnaðar orkuflokkur A++
SEER 8,6 og SCOP 4,6

LOFTTÆKNI Fornubúðir 5, 220 Hafnarfirði. Sími: 546 9500
Gsm: 892 8030. www.lofttaekni.is

**Bókhald, virðisaukaskattskil,
launaútreikningur, gerð ársreiknings og
skattframtals**

Veitum faglega þjónustu

APaL ehf
Endurskoðun og ráðgjöf

apal@apal.is Sími 535 0220

CE - VOTTUÐ FRAMLEIÐSLA

**HLJÓÐ-
VARNARGLER**

Er hávaðinn
að trufla?

Hafið samband
við sölumenn okkar
ISPAN,
SMÍÐJUVEGUR 7,
S. 54-54-300
Ispan.is

Opið alla virka daga
08:00-17:00
Sendum um allt land

SAINT-GOBAIN
GLASS

Ispan
GLER OG SPÉCIAL

Smíðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - Sími: 54 54 300 www.istan.is - istan@istan.is

Dekkin í verkin

Traktorinn, fjórhjólið, jeppinn og mótorhjólið

Erum með dekk í öllum
verðflokkum. Góð ráð og
tilboð veita sölumenn
okkar í síma **590 2045**

**Umboðsmenn
um land allt**

MAXXIS Fyrir jeppann, fjórhjólið og mótorhjólið

Cultor Gæðadekk fyrir íslenskan landbúnað

BFGoodrich TAKE CONTROL

TOYO TIRES driven to perform

**Bílabúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23
110 Reykjavík
Sími: 590 2000

KÄRCHER®

Háprýstidælur

Vinnubjarkar ætlaðir til daglegra nota

HD 6/16-4 M

- Vinnubrýstingur 30-160 bór
- 230-600 ltr/klst
- 15 m slönguhjól
- Stillanlegur úði
- Sápuskammtari
- Túrbóstútur + 50%

HD 6/16-4 MX

- Vinnubrýstingur 30-250 bór
- 500-1000 ltr/klst

HD 10/25-4 S

- Vinnubrýstingur 30-250 bór
- 500-1000 ltr/klst

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ



Hermann Th. Ólafsson á nýjustu viðbótinni á safninu í Grindavík, Fordson árgerð 1918. Myndir / VH

Klappar vélunum stundum á húddið

Í tæplega 400 fermetra húsi í Grindavík er að finna eitt glæsilegasta einkasafn landsins af gömlum dráttarvélum og fornbílum. Vélarnar eru allar gangfærar, spegilbónaðar og ótrúlega glæsilegar á að líta.

Hermann Th. Ólafsson útgerðarmaður er einn eigenda Stakkavíkur. Hann stundar einnig búskap og er með hundrað ær ásamt nokkrum félögum sínum og fjölskyldu. Auk þess stundar hann ræktun á um 50 hestum. Hermann og fjölskylda á eitt glæsilegasta einkasafn landsins af gömlu dráttarvélum og fornbílum.

Útgerðarfélagið Stakkavík í Grindavík er stærsta útgerð landsins í krókaflamarkskerfinu auk þess að reka ferskfiskvinnslu. Stakkavík gerir út 12 báta og er að láta smíða tvo glæsilega báta í smábátakerfinu.

Hundrað kindur á gjöf

„Föðurfjölskylda mín er ættuð úr Staðarhverfinu sem er nokkra kílómetra frá Grindavík og afi var með rollur þar og pabbi eftir hann og svo tók ég við þeim eftir pabba.

Ég og félagar mínir erum með kindurnar af því að okkur finnst



Fyrsti traktorinn sem Hermann eignaðist, McCormick Cub, kveikti áhugann.



McCormick Farmall er í hávegum hafður á safninu.



Kælipressa og vélar sem bíða uppgerðar.

gaman af því og vinnan við þær skiptist á milli okkar. Það borgar sig engan veginn að standa í þessu fjárhagslega og tómst rugl, en samt er skemmtilegt að gefa og hugsa um kindurnar. Hugmyndin er reyndar að fækka þeim en ekki að hætta alveg.“

Féll kylliflatur fyrir Farmal Cub

Hermann segist alltaf hafa haft áhuga á gömlum munum og hafa verið safnari frá því hann var barn. „Ég safnaði frímerkjum þegar ég var gutti og allt gamalt dót höfðar til mín. Fyrir tæpum áratug var ég að fara með ull í Álafoss og varð litið inn í skúr þar sem ég sá tvo gamla traktora, nýsprautaða Farmal Cub, og mann sem var að gera þá upp. Ég varð strax hugfanginn og fór að tala við manninn og í framhaldinu spurði ég hvort traktorarnir væru til sölu. Hann sagði svo ekki vera en að það væri örugglega hægt að redda slíkum. Nokkrum vikum seinna hringir maðurinn í mig og segist vera kominn með nýuppgerðar Farmal Cub með sláttuvél og öllu. Eftir að hafa skoðað traktorinn féll ég kylliflatur og hann er upphafið að safninu. Hugmyndin var að eiga einn traktor enda taldi ég að þá yrði ég mettur. Það var þó af og frá og ég fékk traktorsbakkeríuna sem er skelfileg veiki enda ekkert til við henni nema annar traktor. Lengi hélt ég að þetta tæki enda eða þá að mér tækist að kaupa upp allar áhugaverðustu vélarnar. Svo er þó ekki því það er alltaf verið að glenna framan í mann einhverjum freistingum.“

Á marga Farmala og Ferguson

„Dellan ágerðist mjög hratt og fór svo að ég fór að kaupa upp gamla uppgerða traktora af öllum sortum og gerðum víða um land. Ég á til dæmis allmarga McCormick Farmal og Ferguson, tvo Duetz og tvo Ford. Efst á óskalistanum í dag er að eignast Allis-Chalmers sem mér finnst mjög fallegir. Nýjasta viðbótin í safnið er gangfær Fordson árgerð 1918, sá eini á landinu, sem ég fékk fyrir skömmu. Auk þess sem mig langar að eignast nokkra tegundir til viðbótar til að bæta í safnið.“ Hermann segist alltaf verða glaður þegar hann hittir aðra áhugamenn um gamlar dráttarvélar og ekki síst ef þeir safna þeim líka. „Sem betur fer eru þeir allmargir og ég er ekki einn í heiminum með þetta ruglaða áhugamál.“

Fjölskyldan taldi mig geðveikan

Hermann segir að fyrst eftir að hann fór að kaupa gamla traktora hafi fjölskyldan talið að hann væri endanlega genginn af göflunum og talaði í alvöru um að senda hann í einhyvers konar meðferð. „Í sjálfu sér er ekkert skrítið við það. Ég var farinn að pukrast með kaupin og safna í traktorskaupasjóð sem ég hélt leyndum fyrir konunni. Stundum keypti ég tvo sama daginn og lét líta út fyrir að það hefði bara verið einn og var með alls konar feluleiki í kringum þetta. Svo datt ég í harðari efni og fór líka að safna gömlum bílum. Sem betur fer hefur mér smám saman tekist að vinna fjölskylduna á mitt band og í dag eiga allir fjölskyldumeðlimir að minnsta kosti einn grip á safninu og hún er farin að vinna með mér í þessu sem gerir allt mun auðveldara.“

Allar vélarnar eru gangfærar

Að sögn Hermanns er að sjálfsögðu dýrt að halda úti safni fyrir gamla traktora og bíla. „Auðvitað er dýrt að gera upp gömul tæki en ég hef reynt að fá allar vélarnar á góðu verði. Ég hef alltaf unnið mikið og þetta er mitt áhugamál og ég set mikið í það í stað þess að stunda golf eða eitthvað annað. Mér hefur reyndar komið á óvart



Jeep, Jaguar og Chervolet-pallbíll.



Hermann segist hafa áhuga á allskyns gömlum munum eins og þessi barnavagn af gerðinni Pedigree sýnir.



Ariel-mótorhjól og Fordson Major.



Deutz og Ford.

hvað er auðvelt að fá varahluti í gamlar dráttarvélar og ég er viss um að það sé hægt að panta heilan traktor í pörtum ef maður vill.“ Í húsinu þar sem Hermann geymir gripina eru 25 traktorar og tólf bílar, eitt mótorhjól, allt með skoðun og gangfært, og einn gamall barnavagn. Flest tækin eru í eigu Hermanns og fjölskyldu en nokkur eru í eigu annarra en eru hluti af safninu. Auk þess á Hermann nokkur óuppgerð farartæki sem eru í geymslu annars staðar.

Langar að opna safnið fyrir almenningi

Hermann segir að fyrst eftir að hann kom traktorunum og bílunum í hús hafi hann stundum farið þangað á kvöldin til að horfa á tækin og klappa þeim á húddið vegna þess að hann var svo ánægður með þau. „Draumur minn er að opna safnið fyrir almenningi og ferðafólki og að einn góðan veðurdag verði það aðdráttarafli sem laðar ferðamenn til Grindavíkur og geti þannig haldið áfram að vaxa og dafna. Ekki bara sem dráttarvéla- og forn bílasafn heldur líka safn með vélum sem



Guli Fergusoninn var lengi notaður á golfvellinum á Djúpavogi. Hermann segir að hörðustu Ferguson-aðdáendur séu ekki hrfirnir af litum en að erlendis sé algengt að menn leiki sér með liti þegar þeir eru gerðir upp.

tengjast sjávarútvegi og bara alls konar gömlum munum með sögu. Ég er opinn fyrir því að geyma fyrir fólk gripi sem ekki eru þegar til á safninu og auka gildi þess. Munirnir mundu að sjálfsögðu vera

áfram í eigu viðkomandi þótt þeir væru til sýnis á safninu. Til að gera safnið enn betra langar mig að víða að mér meiri upplýsingum um sögu farartækjanna og gera hana

aðgengilega gestum safnsins og auka gildi þess þannig enn frekar,” segir Hermann Th. Ólafsson, útvegsbóndi í Grindavík. /VH

Dr. Phillip Sponenberg ræðir erfðafjölbreytileika:

Verndun erfðaaauðlinda búfjár er nauðsynleg

Mynd / TB

Bandaríski dýralæknirinn og erfðafræðingurinn dr. Phillip Sponenberg hélt fyrir skömmu fyrirlestur á vegum Bændasamtaka Íslands um erfðaaauðlindir búfjár og nauðsyn þess að vernda þær.

Sponenberg sagði í stuttu samtali við Bændablaðið að þrátt fyrir að fjöldi búfjárkynja væri í útrýmingarhættu væri vaxandi vilji til að vernda þau enda nauðsynlegt til að viðhalda erfðafjölbreytileika búfjárstofna.

Í fyrirlestrinum kom fram að fjölmargar ástæður liggi að baki nauðsyn þess að vernda ólík búfjárkyn og að engin ein ástæða sé mikilvægari en önnur. „Rökin sem algengust eru í dag eru að með því að vernda ólík kyn sé verið að viðhalda erfðaeftni sem geti komið sér vel í framtíðinni vegna breytinga í umhverfinu eða til að koma á móts við breyttar neysluvenjur. Báðar þessar ástæður eru góðar og gildar og tengjast fæðuöryggi.“

Margs konar rök fyrir verndun

Sponenberg segir að einnig sé hægt að líta á nauðsyn þess að vernda erfðaaauðlindir út frá þeirri hugmynd að okkur hafi verið afhent búfé með fjölbreytt genamengi og að okkur beri skylda til að varðveita það fyrir komandi kynslóðir.

Hægt er að rökstyðja verndunina út frá vísindalegum rökum og segja að hvert kyn búi yfir sérstöku genamengi og að fjölbreytileikinn sé bæði áhugaverður og gagnlegur út frá vísindalegu sjónarhorni. Dæmi um þetta er sjaldgæft sauðfjárkyn sem nefnist Jakobsfé og er eina dýrið að manninum undanskildum sem vegna genamengis síns getur borið Tay-Sachs-sjúkdóminn. Vegna þessa er féð mjög mikilvægt þegar kemur að rannsóknum á sjúkdómnum og gæti orðið lykillinn að lækningu.

Ekki má gleyma menningarlegum rökum sem líta til tengsla

Fæddur í Texas

Dr. Sponenberg fæddist í Texas árið 1953. Hann lauk dýralæknisprófi frá Texas A&M-háskólanum 1976 og doktorsprófi frá Cornell 1979. Í dag starfar hann sem prófessor við dýralæknaháskólann í Maryland í Virginíu-ríki þar sem hann kennir og rannsakar sjúkdóma- og erfðafræði, auk þess sem hann heldur fyrirlestra um erfðaaauðlindir búfjár. Sponenberg er einn þekktasti litaerfðafræðingur búfjár í heiminum og starfaði meðal annars með dr. Stefáni Aðalsteinssyni að slíkum rannsóknum. Hann er ráðgjafi um verndun erfðaeftnis hjá Livestock Conservancy í Bandaríkjunum og tekur þátt í verndarstarfi fyrir búfé víða um heim. Fyrir skömmu kom út eftir hann bók sem nefnist An Introduction to Heritage Breeds. Í tómstundum sínum sinnir hann geitfjárrækt og ræktun smáhesta. Þá bæði spinnur Sponenberg og þrjónar af miklum áhuga og kann vel að meta náttúrulega ullaarliti.

búfjárkynjanna við samfélögin sem ræktuðu þau upp og nytjuðu. Búfjárkyn sem hafa verið ræktuð vegna sérstakra eiginleika og nytja eru hluti af sögu, menningu og afrekum samfélaga á sama hátt og

byggingar, bókmenntir og listir.

Breyttar áherslur í ræktun

Miklar breytingar hafa orðið í ræktun búfjár frá því um

aldamótin 1900. Fyrir þann tíma voru breytingar hægar og stofnar stöðugir. Útbreiðsla stofna var út frá ákveðnum svæðum þar sem þeir höfðu aðlagast tilteknu veðurfari, fæðu og landslagi. Umhverfisþættir



Jakobsfé er eina dýrið, að manninum undanskildum, sem vegna genamengis síns getur borið Tay-Sachs-sjúkdóminn og því mikilvægt þegar kemur að rannsóknum á sjúkdómnum.

höfðu því mikið að segja um þróun, útlit og nytjar dýranna.

Eftir 1900 var lögð áhersla á ræktun gripa sem gáfu meira af sér og minni áhersla lögð á stofna sem voru lagaðir að ákveðnum umhverfisaðstæðum. Hraði þessara breytinga var mikill á efnahagslega þróuðum svæðum um allan heim. Afleiðing þessa er sú að stofnar sem höfðu verið að breiðast út hægt og sígandi í 10.000 ár hafa dregist mikið saman á síðustu 100 árum. Og af þeim sökum er nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að vernda þá og erfðafjölbreytileikann innan þeirra.

Þróun búfjárstofna

Að sögn Sponenberg þróast stofnar á ólíkan hátt en grunnurinn þeirra byggist á erfðamengi dýranna sem stofninn sprettur úr. Það hversu einangraðir stofnar eru og hvaða dýr eru valin til áframeldis, umhverfisþættir og inngrip manna hafa þar einnig mikið að segja um þróun stofna.

Flestir búfjárstofnar rekja uppruna sinn til staðbundinna hópa eða hjarða sem hafa verið lengi á sama stað án innblöndunar við aðrar hjarðir. Dæmi um þetta eru íslensku landnáms hæurnar sem hafa verið einangraðar frá öðrum hænsnastofnum um margar aldir og teljast því sérstakt hænsnakyn.

Einkenni staðbundinna stofna ráðast því að miklu leyti af einangrun þeirra og grunnerfðamengi stofnsins án utanaðkomandi innblöndunar. Einangrun ólíkra stofna getur verið vegna staðháttar og eru stofnar sem þróast á eyjum gott dæmi um slíkt. Einangrunin getur einnig verið menningartengd, til dæmis þegar eigendur búfjárins hefta blöndun þess við önnur kyn.

Einangrun af þessu tagi er minni í dag en áður vegna aukins áhuga



Andalúsíu-asni er dæmi um húsdýr sem hefur verið ræktað með stærð og styrk að markmiði.

á kynblöndun og betri samgangna. Hættan á kynblöndun stofna sem vert er að vernda hefur því aldrei verið meiri.

Næsta skref í þróun stofna eru yfirleitt skipulagðar kynbætur sem miða að því að gera gripina sem líkasta innbyrðis. Þessi þróun hófst á átjándu öld og óx fiskur um hrygg á þeirri nítjándu. Á þessum tíma fóru ræktendur að ákveða hvaða eiginleikum skyldi ná fram og vægi umhverfisþátta minnkaði. Afleiðingin er sú að fjöldi sjaldgæfra eiginleika hefur horfið úr stofnum sem teknir hafa verið til ræktunar og erfðamengi þeirra orðið einsleitara og um leið fábreytilegra.

Verndun byggist á margþættum aðgerðum

Árangur vel heppnaðrar verndunar felst í nokkrum ólíkum aðgerðum. Fyrst þarf að greina hvaða stofna á að vernda, tryggja öryggi þeirra og viðhald, bata og eflingu sé þess þörf.

Fyrsta skrefið felst í því að ákvarða hvort viðkomandi hópur dýra teljist sérstakur stofn eða hvort genasamsetningin sé sú sama og í öðrum hópum og hóparnir einungis ólíkir í útliti.

Greining er mjög mikilvægur þáttur þegar kemur að verndun staðbundinna stofna sem yfirleitt eru lítt þekktir utan við heimkynni sín. Næst er að ákvarða hvort í viðkomandi stofni finnist eiginleikar sem vert sé að vernda. Eins og gefur að skilja getur slíkt reynst örðugt. Sé svo er nauðsynlegt að tryggja öryggi dýranna og viðhald stofninum til áframræktunar.

Sponenberg sagði að lokum að þegar kæmi að verndun búfjárstofna yrði að gæta vel að öllum ofangreindum þáttum því að mistök á einu stigi verndunarinnar gæti orðið til þess að eiginleikarnir sem ætti að vernda glötuðust að eilífu.

Íslenskir búfjárstofnar áhugaverðir

Bændablaðið átti stutt spjall við Sponenberg að fyrirlestrinum loknum og spurði hver væru tengsl hans við Ísland og hvað Íslendingar þyrftu að hafa í huga þegar kemur að verndun íslenskra búfjarkynja. „Ég starfaði um tíma með dr. Stefáni Aðalsteinssyni og þá vaknaði áhugi minn á íslenskum búfjárstofnum sem ég tel mjög áhugaverða vegna þess hvað þeir hafa verið einangraðir í langan tíma. Að mínu mati ættu Íslendingar að fara gætilega þegar kemur að hugmyndum um íblöndun erlends erfðaefnis við íslenska stofna. Í mörgum tilfellum má ná meiri árangri í kynbótum með því að velja æskilega einstaklinga úr einangruðum stofnum til framræktunar en með því að koma með nýtt erfðaeefni inn í stofninn. Þetta er greinilegt á Íslandi í mjólkurkúum, hrossum og sauðfé þar sem erfðaframfarir hafa verið miklar samfara nýtingu.“

/VH

Bændablaðið
Kemur næst út
9 október



Dr. Ólafur R. Dýrmundsson fundarstjóri.

Mynd / VH



Vegna einangrunar hefur íslenska landnámsþænan þróast og úr orðið sérstofn sem ekki finnst annars staðar í heiminum.

Mynd / HKr.

STEYPUSTYRKJARJÁRN,
LYKKJUR OG JÁRNAMOTTUR

STJÖRNUBLIKK

Snægg og góð þjónusta!

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAÐ ALUSINK
PLOTUR KLÆÐA 107 CM

NÝJUNG
VATNSRÁS

VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR

STJÖRNUBLIKK

Snægg og góð þjónusta!

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1201 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

earthcare
PRODUCTS

Clear the Air felur ekki ólykt, heldur eyðir henni!

Eyðir

- reykjarlykt
- myglu- og fúkkalykt
- úrgangslykt
- rotnunarlykt
- lykt úr ruslatunnum
- saur- og þvaglykt

Inniheldur náttúruleg steinefni.
Engin skaðleg efнасambönd eða ilmefti.

STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

Sölustaðir:

KVH

Verslunin Eyri

Bústólpi

BÚREKSTRARDEILD

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Milwaukee

VERKFERA
SALAN

Nothing but
HEAVY DUTY.™

18 V. Hleðslugeirungssög Framdræg

M18 SMS216-0

Tilboð
99.900,-

MONSTERSETT

M18 PP6D-402B

HD18 PD – Höggborvél,
HD18 CS – Hjólsög,
C18 ID – Höggskrúfuvél,
3 x M18 4,0 Ah Rafhlöður,
Verkfærataška.
MW 4933 4474 00

HD18 SX – Sverðsög,
HD18 JS – Stingsög,
C18 WL – Vinnuljós,
C18 C Hleðslutæki,

18 V. Hleðsluhöggborvél

M18 SET1-403X

Patróna: 13mm. Átak 80 Nm.
Hraðar: 0-550/1850 Sn/mín.
Fylgir: 3 x M18 4.0 Ah RED-Lithium
Rafhlöður, Hleðslutæki og Taska.
MW 4933 4471 12

12 V. Hleðsluskrúfborvél

M12 BDDXKIT-202C

Átak 32 Nm.
Hraðar: 0-400/1500 Sn/mín.
Hausar: 10mm Patróna, vinkildrif
og hjámiðjuhaus.
Fylgir: 2 x M12 2.0 Ah Rafhlöður,
Hleðslutæki og Taska.
MW 4933 4478 36

12 V. Hleðsluhöggborvél

M12 BPD-402C

Átak 38 Nm.
Hraðar: 0-400/1500 Sn/mín.
Patróna: 10mm.
Fylgir: 2 x M12 4.0 Ah
REDLithium Rafhlöður og
Hleðslutæki.
MW 4933 4419 35

Slípirokkur 125mm

AG 750-125

Mótor: 750 W
Sn/mín: 10.000
Þyngd: 1,8 Kg.
MW 4933 4191 80

Tilboð
10.900,-

Tilboð
36.900,-

Tilboð
58.900,-

Tilboð
169.900,-

Tilboð
99.900,-

Síðumúla 11 - 108 Reykjavík Sími 568-6899
Póstfang: vfs@vfs.is Netsíða: www.vfs.is

Nemendur í ferðamálafræði í Háskólanum á Hólum á faraldsfæti:

Kynntu sér störf Landhelgisgæslu og Sjósmælinga

Nemendur á öðru ári í BA-námi í ferðamálafræði í Hólaskóla kynntu sér í síðustu viku starfsemi Landhelgisgæslu Íslands og sérdeilda stofnunarinnar.

Var þessi heimsókn liður í áfanga sem heitir Hátíðir og viðburðir. Tilgangurinn með þessu var tvíþættur, annars vegar að nemendur kunni að halda viðburð og að halda utan um heimsókn eins og þarna var farið í og hins vegar að taka út viðburði.

Ólöf Birna Jensen er ein af þeim nemendum sem sáu um að skipuleggja viðburðinn fyrir samnemendur sína. Hún segir að liður í því hafi verið að virkja fjölmiðil eins og Bændablaðið til að taka þátt í þessu með þeim.

„Við ákváðum að kalla okkur S.T.Ó.G.E sem eru upphafsstafir í fornöfnum okkar; Sædis Anna Jónsdóttir, Tinna Haraldsdóttir, Ólöf Birna Jensen og Guðríður Hlín Helgudóttir. Allar erum við að taka BA í ferðamálafræði í gegnum fjarnám frá Háskólanum á Hólum í Hjaltadal.

Okkur þótti mjög sniðugt að geta haldið viðburð sem tengdist náminu okkar og þess vegna varð Landhelgisgæslan fyrir valinu, til að sýna okkur þá aðstöðu sem þeir hafa.

Mikið var að skoða og við fengum að sjá sprengju- og kafaradeildina og sjá þær sprengjur sem hafa fundist hér á landi og sjó. Einnig fengum við að sjá sprengjur sem notaðar eru til að þjálfa fólk sem er að fara utan. Við fengum að sjá tækjabíla,



Nemendahópurinn úr Hólaskóla ásamt Hrafnhildi Stefánsdóttur, upplýsingafulltrúa Gæslunnar, sem er lengst til vinstri, og Teiti Gunnarssyni, stýrimanni og sigmanni Gæslunnar, sem er lengst til hægri á myndinni.

Myndir / HKr.

Kornsekkir og plastinnlegg

- Eigum til á lager mismunandi stærðir kornsekkja sem eru fullopnir að ofan og með eða án losunarops í botni.
- Bjóðum einnig upp á sterk plastinnlegg sem henta fyrir kornsekkina.



Legur:

- Eigum til flestar gerðir af legum á lager – vottuð gæði.



Brettatjakkar/Vinnuborð:

- Mjög gott úrval af brettatjökkum og vinnuborðum á lager. Brettatjakkar málaðir, galvaniseraðir og ryðfrír.



Efnavara:

- Höfum einnig mjög breiða línu í efnavörum, smurefnum, koppafeiti ofl. Erum einnig með vottuð smurefni fyrir matvælaðnað.

Leitið upplýsinga hjá okkur

Bakverk

Bakverk heildsala ehf.
Tunguháls 10
110 Reykjavík
Sími: 517 2220



Hópurinn skoðaði m.a. aðstöðu sprengju- og köfunarsveitar Gæslunnar, en kafarar voru nýkomnir úr leiðangri af Austfjörðum vegna strands flutningaskipsins Green Freezer.



Í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar er fylgst vandlega með öllum skipum og bátum sem fara um landhelgi Íslands og hafsvæðið sem heyrir undir eftirlit Landhelgisgæslunnar á norðanverðu Atlantshafi.


róbóta og búninga. Þaðan fórum við í Sjósmælingar Íslands, sem er deild innan Gæslunnar, og skoðuðum mælinga- og kortadeildina. Þar fengum við að sjá hvernig mælt er fyrir sjókortum bæði í dag og hvernig það var gert hér áður fyrr. Við fengum að kynna þvi hversu mikilvæg þessi

vinna er en líka hversu tímafrek hún getur verið.

Eftir kynningu hjá Sjósmælingum var haldið niður í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar í Skógarhlíðinni í Reykjavík. Til að komast þangað var gengið framhjá símaveri Neyðarlínunnar



Sjósmælingar og kortagerð af hafsbotninum við Ísland verða stöðugt mikilvægari, m.a. vegna aukinnar umferðar erlendra farþegaskipa.



Þetta fjarstýrða tæki sprengjudeildarinnar er hægt að nota ef skoða þarf vafasama pakka sem gætu innihaldið sprengiefni.

112. Við fengum margs konar upplýsingar um hvað þeir gera í stjórnstöðinni eins og að fylgjast með bátaumferð og að fylgja því eftir að tilkynningaskýlda sé virt. Þaðan var haldið í þýrluskýlið þar sem við fengum að sjá hvernig þeir skipuleggja ferðir sínar. Einnig fengum við að skoða eina af stóru þýrlum Gæslunnar sem var þar í skoðun hjá flugvirkjum.

Í lokin voru nemendur sem sóttu

viðburðinn beðnir um að svara gátlista og skila inn nafni sem fór í pott. Dreginn var út vinningshafi sem fékk tvo miða á Hið íslenska reðarsafn og vinningshafinn var Anna Margrét Árnadóttir.

Við viljum þakka Landhelgisgæslunni fyrir kynninguna, Reðarsafninu fyrir stuðninginn og auðvitað öllum þeim sem gáfu sína vinnu til að aðstoða okkur við viðburðinn,“ sagði Ólöf. /HKr.

Jóla- útsaumur

Amma mús – handavinnuhús
Ármúla 18, 108 Reykjavík • Sími 511 3388
Opið mán - fös 9 - 18, Lokað er á laugardögum til 31. ágúst.

Bændablaðið

Kemur næst út

9. október

TIL SÖLU FÆRANLEGT VEITINGAELDHÚS

Grunnflötur 12,45 m x 2,71. Vel útbúið tækjum.
Í eldhúsinu hefur verið starfræktur austurlenskur
veitingastaður sem flytur nú í nýtt og stærra húsnæði.

Ásett verð kr. 15.000.000 (+vsk)
Afhendist eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir
Hallgrímur Rögnvaldsson í síma 861 8559

Kraftvélar óska ábúendum á Stóru Mörk til hamingju með kaupin á fyrstu CaseIH Puma dráttarvélinni á landinu.

Vélin er með stiglausum gírkassa (CVX), allan stjórnbúnað í armpúða, fjaðrandi hús, fjaðrandi framhásingu, snertiskjá, sjónvarpi, vökva- og loftúttök, framlyftu og aflúttak að ógleymdum 218 hestafla Common Rail mótör með aflauka undir húddinu.

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

praxis

... þegar þú vilt þægindi

Vinnufatnaður

Fyrir fagfólk

Mikið úrval af flottum gæða vinnufatnaði sem þolir þvott allt að 95° og þarf ekki að strauja.

Pantið vörulista hjá okkur praxis@praxis.is

Vatteraðir jakkar 14.900 kr.
Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólbláu.
Einnig til á herrana.

25090 Dömusandalar
Litur Svart, hvítt, blátt.
Str. 36-42
Verð kr. 14.990

25240 Sportskór
Litur Svart, hvítt.
Str. 36-42
Verð kr. 9.900

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00, lokað laugardaga.

Gæðahandbók grænmetis

Fundir um innleiðingu gæðahandbókar fyrir matjurtaframleiðendur

Samband garðyrkjubænda boðar hér með til funda ætluðum matjurtarframleiðendum innan félagsins sem ætla að innleiða gæðahandbók þess.

Magnús Á Ágústsson, ráðunautur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, mun fara yfir alla þætti gæðahandbókarinnar s.s. þær kröfur sem gerðar eru til matjurtaframleiðenda, lagaramma, kynna uppbyggingu gæðahandbókarinnar auk þeirra atriða sem þarf að fylla í til þess að handbókin nýtist í daglegu starfi framleiðenda. Að loknum fundi hafa fundarmenn í höndum gæðahandbók sem sniðin er ræktun hvers og eins.

HVAR	DAGSETNING	HVENÆR
Hótel Höfn	13. október	10:30-14:30
Árhús á Hellu	14. október	14:00-18:00
Fosshótel Reykholti/Borgarfirði	20. október	14:00-18:00
Hótel Flúðum	11. nóvember	14:00-18:00
Borg í Grímsnesi / Félagsheimili	18. nóvember	14:00-18:00
Hótel KEA / Akureyri	26. nóvember	14:00-18:00

Gert er ráð fyrir fyrstu úttektum þriðja aðila árið 2015 á notkun handbókarinnar. Til þeirra sem nota gæðamerki garðyrkjunnar – fánaröndina – er rétt að minna á að aðeins þeir sem vinna eftir gæðahandbók og standast úttektir fá heimild til að nota merkið.

Mikilvægt er að tilkynna þátttöku á netfangið gardyrkja@gardyrkja.is eða til Bjarna Jónssonar í síma 563 0328.

Gamli traktorinn



Chamberlain – eitt sinn mest selda dráttarvél í Ástralíu

Fyrstu Chamberlain-traktorarnir komu á markað árið 1949. Það ár smíðuðu feðgar, faðir og tveir synir, ellefu dráttarvélar í yfirgefinni skotfæraverksmiðju og notuðu ættarnafn sitt til að markaðssetja framleiðsluna.

Í upphafi gengu traktorarnir fyrir tvígangisvél sem brenndi steinolíu og hönnuð var af Phil Irving sem seinna gat sér gott orð fyrir hönnun á vélum fyrir mótörhjól. Steinolíuvélin í Chamberlain-traktorunum reyndist ekki vel og og árið 1952 var skipt yfir í dísilvél. Við tóku vélar frá General Motors og voru þær notaðar í allar stærri týpur fram til 1967.

Um miðjan sjötta áratug síðustu aldar hóf Chamberlain að framleiða minni traktora með Perkins-vél. Vélnar voru þrígga gíra og með háu og lágu drifi og nutu gríðarlegra vinsælda og seldust yfir 20.000 slíkar á næstu 20 árum.

Dæmi um þrautseigju Perkins-vélanna er að árið 1955 tók ein slík þátt í rúmlega 9.600 kílómetra



Ástralíurallíu þar sem hún kom 30 öðrum traktorum til bjargar sem höfðu fest sig í sandi eða bílað. Tveimur árum seinna var sama Chamberlain-traktorunum ekið tæplega 18 þúsund kílómetra á ellefu dögum. Góð ending það.

Meðalframleiðsla fyrirtækisins var 3000 dráttarvélar á ári sem taldist lítið á þeim tíma. Árið 1970 keypti landbúnaðartækjaframleiðandinn John Deere 49% hlut í Chamberlain og var þá farið að nota sams konar vélar í báðar gerðir dráttarvéla. Árið 1986 tók John Deere alfarið við rekstrinum. Skömmu seinna var framleiðsla Chamberlain-traktora hætt þrátt fyrir að framleiðsla á varahlutum í eldri vélar héldi áfram í nokkur ár. /VH



Fjölskyldan frá Stóru-Mörk ásamt sölumanni Kraftvéla við Case IH 170 dráttarvélinu. Talið frá vinstri; Ásgeir Ómar, Lilja Rut og Emíla Rós Eyvindarbörn, Aðalbjörg Rúna Ásgeirsdóttir, Eyvindur Ágústsson og Dagbjartur Ketilsson, sölumaður Kraftvéla, sem er frá þeim margfræga bæ, Brúnastöðum. Mynd / HKr

Eigendur að Merkurbúinu sf. fá glænýja Case IH dráttarvél:

Bæta tækjakostinn fyrir stækkandi kúabú

Eyvindur Ágústsson og Aðalbjörg Rúna Ásgeirsdóttir, bændur á Stóru-Mörk undir norðanverðum Eyjafjöllum, voru mætt ásamt börnum sínum hjá Kraftvélum á föstudagskvöldið. Þar voru þau að taka við glænýrri og öflugri Case IH dráttarvél sem heitir Puma CVX.

Vélin er keypt fyrir Merkurbúinu sf., en auk þeirra Eyvindar og Aðalbjargar eru Ragna Aðalbjörnsdóttir og Ásgeir Ásgeirsson meðeigendur í fyrirtækinu.

„Þetta er öflugt tæki, enda þarf maður að draga á þessu allar heyrinnsluvélar og annan búnað,“ segir Eyvindur. „Það er líka mikil yfirferð því við erum með um 170 hektara land. Við erum með um 100 mjólkurkúr og nærri 180 kindur. Síðan erum við að fara á fullt við að stækka fjósið og bætum við um 40 básum.“

Vélin sem um ræðir er Case IH Puma CVX og er 188/218 hestafla með aflauka. „Úr þessari framleiðslulínu eru fáanlegar vélar í 7 stærðum frá 170 til 260 hestafla og eru þær allar með stiglausri skiptingu. Verðið er frá 12.790.000 krónum án virðisaukaskatts.

Eigin þyngd vélarinnar er 8,5

tonn og olútankurinn tekur 395 lítra. Þá eru dekkinn engin smásmíði því framdekkið er 600/65R28 og að aftan eru dekkinn af stærðinni 710/70R38.

Vel búin og öflug vél

Annar helsti búnaður sem er í vélinni er CVX stiglaus þrígga þrepa skipting, með ökuhraða frá 0,01 til 43 km/klst. Þá er vengidur með Park Lock-bremsu og hitari fyrir skiptingu og mótör. Vökva- og loftbremsuventlar eru í vélinni ásamt mótörbremsu.

Alúttak er mjög fjölpætt, en að aftan er 540/540E/1000/1000E og 1.000 snúninga aflúttak að framan.

Í vélinni er fjaðrandi framhásing og framlyftibúnaður með lyftigetu 3,785 kg., en vökvadæla vélarinnar afkastar 150 lítrum á mínútu. Festingar er fyrir stjórnbúnað tengitækja (rúlluvél o.þ.h.). Þrítengibeisli er með opnum örmum og 110 mm tjökkum með lyftigetu upp á 8,7 tonn. Stjórnbúnaður fyrir lyftu, aflúttak og 1 vökvasneið úti á afturbrettum báðum megin og vökvaútskotinn dráttarkrókur.

Þægindin eru eins og best verður á kosið með fjaðrandi öikumannshúsi, loftpúðasæti með hita og útvarp með

USB og Bluetooth. Stillanlegur armpúði með stjórnbúnaði er einnig í vélinni. Hliðarspeglar eru rafstýrðir og með hita. Þá er í vélinni loftkæling með ATC (automatic temeratur control). Stór snertiskjár er þar einnig þar sem upplýsingar eru um gang vélarinnar og tengitækja, t.d. rúlluvéla, sem eru með ISO BUS-tengingar. Að sjálfsögðu er svo öryggisbelti fyrir bæði öikumann og farþega.

Nátengt Fiat-samsteypunni

Case IH varð til sem nýtt nafn í landbúnaðartækjabransanum þegar Tenneco keypti landbúnaðarhluta International Harvester (IH) sem einkum hafði verið þekkt nafn hér á landi fyrir jarðýtur sínar. Tenneco sameinaði IH við fyrirtæki sitt J.I. Case, oftast einfaldlega kallað Case, en hét áður J.I. Case Threshing Machine Company. Það var upphaflega stofnað af Jerome I Case árið 1842. Í dag er Case IH hluti af New Holland AG og er í eigu CNH Global sem er í fjárhagslegri eigu Fiat-samsteypunnar á Ítalíu. Flest öll dráttarvélafyrirtæki heimsins í dag eru reyndar í eigu Ítala. /HKr

Bændablaðið

Með yfirburðalestur á landsbyggðinni
(Samkvæmt lestrarkönnun Capacent)

Kemur næst út 9. október

Smáauglýsingar

56-30-300

Kjarni málsins Ekkert viðhald



Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða gluggar@kjarnagluggar.is



Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is



Sams konar hús og fyrirhugað er að reisa við Grindavík.

Risagróðurhúsið sem á að reisa við Grindavík:

Fjárfestingamálin enn ófrágengin

Í byrjun júlímánaðar síðastliðnum greindum við frá því hér í blaðinu að fyrirhuguðum framkvæmdum við risagróðurhús, sem ætlunin var að reisa í níu kílómetra fjarlægð frá Grindavík, hefði seinkað um sex mánuði frá upphaflegri áætlun. Enn liggja fjárfestingasamningar ekki fyrir, þótt stefnt hefði verið að ljúka þeim málum í júlí.

Kristján Eysteinnsson, talsmaður fyrirtækisins EsBro á Íslandi, sem

hyggur á þessa framkvæmd, sagði í viðtali við blaðið í sumar að fjárfestingasamningar myndu liggja fyrir í lok júlímánaðar – en þeir eru meðal annars forsenda þess að ríkið taki formlega afstöðu til umsóknar um mögulegar ívilnanir til handa fyrirtækinu.

Tíu þúsund tonn af vistvænum tómötum

Í viðtalinu í sumar kom fram að gert

væri ráð fyrir um tíu þúsund tonn vistvænni tómataframleiðslu á ári. Ákveðnir skilmálar yrðu gerðir um að framleiðslan yrði ekki, undir nokkrum kringumstæðum, sett á innanlandsmarkað.

Kristján segir nú að fjárfestingamálin séu ófrágengin. Hann segist vænta þess að fá upplýsingar um framtíð verkefnisins á allra næstu dögum. /smh

Er kjarnfóðrið að skila hámarksárangri?

- Gæði heyja breytast með ári hverju og því þarf val á kjarnfóðri að taka mið af heyfengnum.
- Nú er rétti tíminn til að huga að vali á kjarnfóðurtegund fyrir kýrnar.
- Ráðgjafar Líflands leiðbeina þér um val á hentugustu kjarnfóðurtegund með þínum heyjum.
- Endurgjaldslaus fóðuráætlun stendur viðskiptavinum Líflands til boða.



Lífland söluráðgjöf
Sími 540 1100
Brúarvogur 1-3

Lynghálsi, Reykjavík
Lónsbakka, Akureyri
Efstubraut, Blönduósi

www.lifland.is
lifland@lifland.is





SS kynnir

bætiefnafötur og saltsteina frá

Vitfoss Danmörku







Skógarber til nytja – síðari hluti

Skógar og skjólbelti gefa nýja möguleika til berjatekju hér á landi. Í fyrri hluta þessa pistils tók ég fyrir nokkrar berjarunnategundir frá Norður-Ameríku. Nú er komið að því að skoða svolítið hvað borist hefur hingað af berjarunnum frá meginlandi Evrasíu.

Fyrst ber náttúrulega að telja rifsber, sólber og stíkilsber. En enda þótt þau geti vissulega vaxið og gefið eitthvað af sér úti í skógi, þá er samt mun hagkvæmara og hentugra að ganga að þeim í görðum þar sem hægt er að sinna þeim með klippingu, uppbindingu og áburðargjöf samkvæmt kúnstarinnar reglum og lesa má sér til um í ótal garðyrkjubókum. Sama má eiginlega segja um hindber. Þótt þau geti dreift sér út um skógarlundi gefa þau sjaldan af sér sömu uppskeru og fá má af þeim í görðum.

En hindberjaplönturnar eru samt harðar af sér og spjara sig bærilega þar sem þau fá að vaxa í gisnum skógi og skógarjöðrum. Rifstegundirnar líka. En ef við sleppum þessum plöntum út í skóg verða þær eiginlega eins og villifé sem hleypur fljótt í skoðelt reyfi og verður varla viðráðanlegt, rýrt og óarðbært. Ég var einu sinni kallaður í einkagarð sem var úr sér spröttinn, rifsrunnarnir orðnir tólf metrar á kant og hindberjaklungur búið að fylla hvern auðan blett. Þrátt fyrir að þetta hafi verið um hámark berjatímans síðsumars var varla ber að sjá á nokkurri grein. Ellin og óráktin sögðu til sín. Ef við viljum rækta þessar tegundir úti í skógi, þarf að sinna þeim. Skera þær niður á nokkura ára fresti til að þær endurnýi sig og jafnvel gauka að þeim áburði endrum og eins.

En það getur alveg verið þess virði, því það er gaman að geta farið í berjaskóg. Aðrar evrasískar tegundir sem þroska æt ber eru berjablátoppur, reynivíðir, ýmsar rósategundir, hafþyrnir og jafnvel



Berjablátoppur í góðum höndum.

svartyllir og brómber ef rétt kvæmi finnast. Og svo eigum við líka íslensku einiberin sem geta gefið okkur gott bragð í eitt og annað vafasamt sem við látum ofan í okkur, eins og til dæmis brennivín og villibráð.

Hinir harðgerðu toppar

Hvað varðar hina harðgerðu **toppa** (Lonicera) er meginreglan

sú að berin af þeim eru óæt áður en búið er að sjóða upp á þeim. Og jafnvel þó að það sé gert, þá er eftir litlu að slægjast vegna þess að bragðið af þeim er það rammt og súrt að það fellur fáum í smekk. **Berjablátoppurinn** (Lonicera caerulea var. edulis) er blessunarleg undantekning frá því. Hann er undirtegund af venjulegum blátoppi, ættaður alla leið austan frá Kamtsjatka og Kúrileyjum. Ber hans eru stór, sæt og bragðóð. Minna svolítið á bláber og eru nokkurn veginn laus við hin óætu efnasambönd annarra toppa-tegunda. Úr þeim má gera sultur og saftir líkt og bláberjum. Berjablátoppurinn hefur á undanförnum árum verið í klónaúrvali bæði austan hafs og vestan. Nýlega voru nokkrir klónar úr þessu úrvali fluttir inn undir heitinu „HASKAP honeyberry“. Haskap er hið japanska heiti á berjablátoppi – en „honeyberry“ þarf víst ekki að útskýra. En hvort þessir klónar eru nokkuð betri eða harðgerðari en þeir sem fyrir eru er ekki komin nein reynsla á enn.

Dálítið pillerí

Af reyniberjum, **ilmreynir**, (Sorbus aucuparia) má gera hlaup og sultur. Þau eru römm en flestum þykir bragðið mildast ef þau eru látin frjósa fyrir verkun. Að búa til reyniberjahlaup er dálítið pillerí.

Berin þarf að hreinsa vel, þau eru losuð úr klösunum en stilkurinn látinn halda sér. Síðan er stungið með sverri nál, til dæmis stoppnál, í hvert ber áður en þau eru látin í pott ásamt botnfylli af vatni. Suðan látin koma hægt upp en passað að sprengja ekki berin. Þegar berin eru orðin hismið eitt eftir að vökvinn hefur soðið úr þeim er suðan síuð gegnum gatasigti. Vökvinn á að vera því sem næst tær, laus við tægjur og kusk úr berjunum. Á móti vökvanum er svo notað jafn mikill sykur og sultuhleypir samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Safi og sykur látið malla saman



Reyniber á góðu sumri.

við vægan hita meðan sykurinn leysist upp og þar til sést að suðan er farin að þykkna. Þá sett í heit og hrein glös með þétu loki sem skrífað er á strax meðan hlaupið er sjóðheitt. Þetta góðgæti er upplifun ef þess er neytt með rjúpnar- eða hreindýrasteik. Getur meira að segja lyft grilluðu lambakjöti upp í æðra veldi.

Úlfareynirinn (Sorbus × hostii) er blendingur milli **alpareynis** (Sorbus mougeotii) og **blíkareynis** (Sorbus chamaemespilus) sem báðir vaxa í fjalllendi Mið-Evrópu. Blendingurinn mun vera mannaverk, framkvæmt í Frakklandi á sautjándu öld sem tilraun til að fá fram stór og æt ber, það er að segja ekki eins römm og súr og flest önnur reyniber. Það tókst að því er virðist, því að úr úlfareyniberjum má gera mauk, vín og sultur eftir þeim uppskriftum sem finnast fyrir epli. Hvergi finnst þessi blendingur upprunalega í náttúrunni þrátt fyrir að báðar upphafstegundirnar skarist á vaxtarsvæðum. Úlfareynirinn þroskar fræ án utanaðkomandi frjóvgunar svo að allir afkomendurnir eru nákvæm eftirmynd „móðurinnar“ að upplagi, hvernig svo sem umhverfisaðstæður móta þá síðar meir. Úlfareynir virðist þrífast vel víðast hvar þar sem eitthvað skjól er og jarðvegur

jafnrakur og frjór. Best er að halda honum sem runna, tveggja til þriggja metra háum.

Margar rósategundir njóta sín vel í skjólbeltum og skógarjöðrum. Hér nefni ég ekki þær sem hafa tilhneigingu í að skríða um allt neðanjarðar og stinga upp kollunum á ólíklegustu stöðum, oft víðs fjarri upprunanum. Læt nægja að nefna **hjónarós** (Rosa zweginsowii) og **glitrós** (Rosa dumalis). Sú síðarnefnda hefur lengi vaxið á aðeins einum stað á landinu og þá aðeins einn einstaklingur. Glitrósín íslenska hefur eitthvað verið treg til að þroska hér aldin. En innfluttar plöntur gera nokkuð af því að setja aldin, hina svokölluðu hjúpa eða rósahjúpa. Glitrósín er hin dæmigerða „nyponros“ sem gefur efnið í sænsku „nyponsúpuna“ sem er eins konar sætsúpa, þrungin C-vítamíni. Hjónarósín, hins vegar, er ein alharðasta rósategund sem við eigum völ á. Hún verður með leik þriggja til fjögurra metra há. Blómgastríkullega fögrum, rauðbleikum blómum og þroskar óransrauða, flöskulaga hjúpa sem bæði má gera úr hlaup eftir sömu aðferð og á við um reyniberin. Eða sultumauk eftir að búið er að fjarlægja fræin innan úr hjúpunum.



Hjónarós með hjúpum.

Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 30. september 2014

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.



Jason ehf.
Hafnarstræti 88
Akureyri

Vinsamlegast hafið samband við
Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

Humbaur vélakerrur




Stálkerra,
heit galvanhúðuð
tveggja öxla
2500-3500 kg.,
mál 3x1.6m

Verð frá 890.000.
- m./vsk. og skráningu.

www.Topplausnir.is - Smiðjuvegi 40 - gul gata - 200 Kópavogi. Sími 517-7718

Revolution Macalibrium Macarót fyrir karlmenn



Hefur góð áhrif á:

- Orku og úthald
- Beinþéttni
- Þyngdarstjórnun
- Frjósemi og grundvallarheilbrigði

Revolution Macalibrium®

Fæst í apótekum og Heilsuhúsinu



Fæðubótarefni úr macarót – 100% náttúruleg vara með lífræna vottun
Inniheldur hvorki soja (ísóflavóna), mulin hörfræ né hormóna

www.facebook.com/Revolution-Macalibrium
www.vistor.is

Natural Health International

Kraftvélar óska eftir að ráða öflugan sölumann á Norðurlandi



Sölumaður landbúnaðartækja

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur starfsmann í söludeild okkar á Akureyri.

Um er að ræða krefjandi starf sem felur í sér sölu á landbúnaðartækjum, heimsóknir til viðskiptavina á Norðurlandi ásamt samninga- og tilboðsgerð.

Umsækjandi þarf að hafa reynslu af sölumennsku og þekkingu á landbúnaði er kostur. Hann þarf að vera framsækinn, áreiðanlegur, ósérhlífinn og hafa getu til að skipuleggja starf sitt og vinna sjálfstætt.

Umsækjandi þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.

**Áhugasamir sendi umsókn fyrir 3. október á netfangið heida@kraftvelar.is
Öllum umsóknum verður svarað.**

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Teiknistofa bænda

Við höfum um árabíl hannað landbúnaðarbyggingar af öllum stærðum og gerðum, bæði nýbyggingar og breytingar.

Við hönnum einnig íbúðarhús, gerum kostnaðaráætlanir og deiliskipuleggjum svæði undir frístundabyggðir. Einnig leiðbeinum við bændum varðandi vatnsveitur.

Til að fá nánari upplýsingar, endilega sendið okkur póst á netfangið tso@simnet.is eða hafið samband í síma 553-3700 og 899-7864, Sæmundur eða Atli.

TSO
Tækniþjónusta ehf.



EVANS hreinlætisvörurnar
eru nú fáanlegar í Rekstrarlandi

Evans Vanodine International plc

EVANS hreinlætisvörurnar henta mjög vel fyrir kúa-, svína- og alifuglabændur, sem og fisk- og matvælavinnslur. Vörurnar frá EVANS eru í fremsta gæðaflokki enda eru þær unnar eftir vottuðum aðferðum skv. ISO gæða- og umhverfisstöðlum.

Hjá Rekstrarlandi fá bændur auk þess allar aðrar rekstrarvörur fyrir landbúnað.

Aðrir dreifingaraðilar: Olís útibú, KB – Búrekstrardeild, Borgarnesi og Pálmi Ragnarsson – Garðakoti, Skagafirði.

REKSTRARLAND
- léttir þér lífið



Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Ölluverzlunar Íslands hf.

www.rekstrarland.is

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

Sturlaugur Jónsson & Co

Umboðs- og söluaðili fyrir hinar viðurkenndu dönsku forsteyptu einingar í gripahús frá TCT.

Gólfeiningar, fóðurgangar ofl. fyrir allar gerðir gripahúsa. Gæða framleiðsla og áratuga reynsla á Íslandi. Til afgreiðslu í Reykjavík, Akureyri, Sauðárkróki og Seyðisfirði. Stuttur afgreiðslutími.

Sölumenn í sínum 412 3002 og 898 5455



Selhellu 13 Hafnarfirði - Sími 412 3000 - www.sturlaugur.is

Lesendabás

Skýrsla Norrænu ráðherranefndarinnar um áhrif loftslagsbreytinga á frumatvinnuvegina á Norðurlöndum:

Frumatvinnuvegirnir geta notið góðs af hlýrra loftslagi

Norræna ráðherranefndin hefur gefið út nýja skýrslu um áhrif loftslagsbreytinga á frumatvinnuvegina á Norðurlöndum; landbúnað, fiskveiðar og skógrækt.

Í skýrslunni kemur fram að þótt hlýnandi loftslag muni reyna á norrænu framleiðslukerfin á margan hátt sé einnig líklegt að því muni fylgja aukin sjálfbærni og framleiðni.

Niðurstöður ítarlegra rannsókna

Skýrslan nefnist „Climate change and primary industries“. Í henni birtast niðurstöður rannsóknarverkefnisins Climate Change Impacts, Adaptation and Mitigation in Nordic Primary Industries, en það var sett á laggirnar árið 2010 sem liður í hnattvæðingarverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar. Sex norræn rannsóknasamstarfsnet á vegum NordForsk hafa lagt fram efni í skýrsluna og beint tilmælum um stefnumörkun til norræna stjórnvalda.

Niðurstöðurnar voru kynntar á ráðstefnunni Adapting to Change: From Research to Decision-making, sem fram fór í Kaupmannahöfn. Jørgen E. Olesen, prófessor í landbúnaðarvístfræði við háskólann í Árósum, er formaður stýrihóps verkefnisins. Hann greindi frá því að búast mætti við meiri hlýnun á Norðurlöndum en í heiminum almennt.

„Haldi losun gróðurhúsalofttegunda svo fram sem horfir er veruleg hlýnun í vændum. Frumatvinnuvegirnir standa frammi fyrir því að þurfa að draga úr losun um leið og þeir þurfa að mæta sívaxandi eftirspurn eftir matvælum og öðrum vörum.“

Lengri vaxtartímabilum fylgja ný sóknarfæri

Jørgen E. Olesen bendir á að langir

sumardagar og skammdegi á vetrum feli í sér sérstakar áskoranir fyrir grunnatvinnuvegina.

„Hvergi eru landbúnaður, fiskveiðar og skógrækt stunduð á eins norðlægum breiddargráðum og hér á Norðurlöndum. Þannig er staða okkar einstök, einkum innan grunnatvinnuveganna, því við þurfum sjálf að leita nýrra lausna.“

Hækkandi hitastig mun lengja vaxtartímabil á Norðurlöndum og skapar þannig ný sóknarfæri í frumframleiðslu. Mesta breytingin mun felast í því að fleiri plöntu- og dýrategundir geta þrífist á svæðinu og nýir fiskistofnar munu leita inn á hafsvæði Norðurlanda. Með öðrum orðum munu verulegar breytingar verða á þeim vistkerfum sem frumatvinnuvegirnir eiga allt sitt undir.

„Breytingarnar munu bæta aðstæður í frumframleiðslu og að öllum líkindum auka sjálfbærni framleiðslukerfa. Lengra vaxtartímabil mun auka framleiðni, einkum á túnnum. Aukin framleiðni, að viðbættri nýrri tækni við nýtingu lífmassa, getur gert okkur sjálfbjarga um föður í auknum mæli. Það myndi aftur auka sjálfbærni í landbúnaði og fiskeldi,“ segir Jørgen E. Olesen.

Hlýrra loftslagi munu einnig fylgja ýmsar öfgar tengdar veðurfari og loftslagsbreytingum, sem löndin og grunnatvinnugreinarnar verða að búa sig undir. Að sögn prófessorsins stafar skógræktinni mest hættu af stormviðri og ágangi skordýra, en landbúnaði af miklum rigningum.

Breytt loftslag kallar á ný stjórnunarkerfi

Breytingarnar kalla á aukinn sveigjanleika innan þeirra kerfa sem stjórna nýtingu líffræðilegra auðlinda. Þetta á við um alla grunnatvinnuvegina þrjá, en er



Breytingarnar munu bæta aðstæður í frumframleiðslu og að öllum líkindum auka sjálfbærni framleiðslukerfa á norðlægum slóðum.

greinilegast í fiskveiðistjórnun.

„Undangenginn áratug höfum við séð fiskistofnana flytja sig norðar á bóginn. Gott dæmi er makríllinn sem hefur fært sig úr Norðursjó og Noregshafi og má nú finna í sjó umhverfis Ísland og Grænland. Þetta á eftir að skapa ágreining um stjórnun stofnanna,“ segir Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veidimálastofnunar. Sigurður tók þátt í samstarfi rannsóknanetsins NORDCHAR, þar sem könnuð voru áhrif loftslagsbreytinga á bleikjustofninn. Ýmislegt bendir til að sá stofn muni sömuleiðis flytja sig norðar.

„Við höfum orðið vör við fækkun í sumum suðlægum bleikjustofnum og hætt er við því að einhverjir þeirra hverfi með öllu. Því myndi draga úr erfðafjölbreytni á svæðinu. Á móti kemur að aðlögunarhæfni bleikjunnar er gríðarleg og því ekki ástæða til að ætla að hún muni deyja út.“

Aukin áhersla á erfðaaðlöndir

Aukin þörf á framleiðslu húsdýra og plantna gerir aðlögun að breyttu loftslagi aðkallandi. Peer

Berg, yfirmaður húsdýrasviðs hjá NordGen, telur lausnina felast að hluta í aukinni áherslu á erfðaaðlöndir.

„Við eigum að nýta erfðafjölbreytnina eins og hún leggur sig og rækta réttar tegundir á réttum stöðum. Til dæmis hentar votlendi smágerðum klaufdýrum betur en stórum og þungum nautgripum. Einnig eigum við að nýta okkur fjölbreytileika stofnanna, meðal annars hvað varðar þol gegn herra hitastigi og sjúkdómum.“

Berg bendir á að framleiðsla á próteinríku föðri, sem unnt væri að auka samfara hækkandi hitastigi, væri kjörin til þess að efla fæðu- og föðuöryggi. Hins vegar krefjast aðstæður á Norðurlöndum þess að valið sé vandað á plöntum til ræktunar. Erlendar plöntur eiga oft erfitt með að aðlagast norrænum birtuskilyrðum og ná ekki að herða sig fyrir veturinn, líkt og þær sem fyrir eru.

„Áskorunin felst í því að finna og þróa áfram nýjar arfgerðir sem munu lifa veturinn af án þessarar hörðunar og skila góðum afrakstri,“ segir Anne Marte Tronsmo, prófessor í plöntumeinafræði við

NMBU, háskóla á sviði umhverfis- og lífvísinda í Noregi.

Skóglendi bindur mikinn koltvísýring

Per Gundersen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, kynnti niðurstöður Forest Soil C Sink Nordic Network um kolefnisbindingu skóglendis. 60 prósent landsvæðis á Norðurlöndum eru skógi vaxin og vega skógarnir því þungt í útreikningum á koltvísýringsmagni.

„Plöntur hafa bundið mikið magn kolefnis í jarðveg skóglendisins. Kolefnið er jafnvel meira í jarðveginum en í trjánum.“ Gundersen leggur áherslu á að frekari rannsókna sé þörf á kolefnisbindingu skóglendis og hvernig hún verður fyrir áhrifum af breytingum í skógrækt.

„Með réttum aðferðum er hugsanlegt að við getum bundið enn meira kolefni í jarðvegi. Á hinn bóginn getur hækkandi hitastig og röng nýting skóga losað kolefni, sem bundið er í jörðu, aftur út í andrúmsloftið. Við nýtingu skóga þarf að gæta að því að kolefnið haldist í jarðveginum og standa vörð um líffræðilega fjölbreytni.“

Margvíslegar aðgerðir á döfinni

Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að Norðurlönd geti aukið hlut sinn á alþjóðamörkuðum fyrir hágæðavöru. Það kalli þó á aðgerðir á ýmsum sviðum, allt frá rannsóknum og nýsköpun til pólitískrar ákvörðunartöku og auðlindastjórnunar.

„Við þurfum að leysa mörg viðfangsefni samtímis. Við þurfum að minnka kolefnisspor okkar, laga grunnatvinnuvegina að breyttu veðurfari og standa vörð um auðlindir okkar. Þetta kallar á nýja tækni, ný stjórnunarkerfi og samvinnu ólíkra aðila, allt frá opinbera geiranum til norræna fyrirtækja,“ sagði Jørgen E. Olesen að lokum.

/Páll Tómas Finnsson

Borgar sig að breyta búinu í hlutafélag?

Flest bú í dag eru rekin á kennitölum eigenda sinna og er því greiddur tekjuskattur af hagnaði búanna. Skatturinn er um 38%. En borgar sig að skipta um rekstarform til að lækka skatta? Hver er ávinningurinn og hverjir eru gallarnir?

Ástæður þess að menn vilja hafa rekstur sinn í hlutafélögum eru nokkrar. Ein af þeim er takmörkun

áhættu. Ef reksturinn er á kennitölu eigenda sinna þá er viðkomandi í ábyrgð fyrir öllum skuldum félagsins sama hverjar þær eru. Þar sem rekstur er áhættusamur vilja menn ekki blanda saman rekstri heimilis og fyrirtækis nema brýn þörf sé á, eins og að taka ábyrgðarskuldbindingar fyrir fyrirtækið gagnvart banka. En menn hafa þá ekki áhyggur af öðrum lánum eða skuldbindingum. Það er eðlilegt að ekki sé tekin ábyrgð á viðskiptakröfum, viðskiptalífið veit af þessari áhættu og verðleggur hana í verði vörunnar sem er verið að selja. Það er jú meginregla í viðskiptum að ef maður stendur alltaf við sínar greiðslur og sýnir viðkomandi birgja trygglyndi fær maður betra verð.

Annar kostur við hlutafélagaformið er agi í rekstri. Aðskilnaður heimilisreikninga og búrekstrarreikninga kemur betra skipulagi á bókhalðið og einfaldar utanumhald. En vissulega veldur þessi uppskipting breytingum. Í raun er þetta frekar hugarfarslegt vandamál, allt í einu þarf að aðskilja rekstur og heimilishald. En það er líka gott, því með því eru hagsmunir rekstrar og heimilis aðskildir.

Sumum hlutum þarf að skipta eins á milli heimilis og rekstrar; eins og



símreikning og rafmagnsreikning. En það er minni háttar mál.

En hvenær borgar sig að færa rekstur yfir í hlutafélag?

Skattur á einstaklinga er um 37,3% en hækkar upp í 40% á hæstu laun. Skattar á fyrirtæki eru hins vegar um 20%, en síðan bætist við að ef taka á út arð úr félaginu greiðist út 20% fjármagnstekjuskattur. Þannig að skattur á hagnað hlutafélaga sem greiddur er út er um 36% (dæmi; 100 þús kr. hagnaður, 20% tekjuskattur þá 80 þús eftir, síðan 20% fjármagnstekjuskattur af útgreiðslu, þá er 64 þús. eftir). Þannig að miðað við útgreiðslu á hagnaði er lítill munur á því að vera með bú á kennitölu og því að vera með bú í hlutafélagi. En það eru aðrir þættir

sem spila inn í.

Ein af fyrstu greinum mínum sem ég skrifaði í Bændablaðið var um hvernig fyrirtæki þróuðust. Þau væru fyrst í startfasa, síðan í uppbyggingu svo kæmi eins konar kyrrstaða og síðan enduðu þau í að úreldast eða eigendur þeirra stöðnuðu og þau dóu. Bú sem eru að stækka og eru í uppbyggingarfasa, eru fyrst og fremst þau bú sem eiga að vera í hlutafélagi.

Ef byggja á upp bú og stækka þarf að byggja upp eigið fé á einn eða annan hátt. Í flestum tilfellum er það gert með því að greiða niður lán til að spara vexti. Síðan er tekið lán fyrir framkvæmdinni. Við að hafa hlutafélag um rekstur bús sem er í uppbyggingu er einungis greiddur 20% skattur af hagnaði en ekkert tekið út sem arður. En ef búið væri á einkakennitölu þyrfti alltaf að

greiða 37% tekjuskatt óháð því hvort hagnaðurinn væri tekinn út í formi neyslu eða bara settur inn á bók eða til að greiða niður lán.

Vissulega, ef menn eru á leið í fjárfestingar, geta þeir auðvitað byrjað að gjaldfæra einhvern kostnað af fjárfestingunni en þeir möguleikar eru takmarkaðir. Um leið og menn fara að eignfæra fjárfestingar þarf að fara að greiða skatta af henni.

Þeir bændur sem eru búnir að fjárfesta og ætla ekki að gera annað í framtíðinni en að viðhalda núverandi eignum hafa litla ástæðu til að vera með búin sín í hlutafélagi. Þeir þurfa hvort sem er að greiða skatt fyrr eða síðar af hagnaðinum og hlutafélagarekstur er íþyngjandi fyrir þá sem hafa ekki reynslu af því að vera með hlutafélag.

Mín reynsla er sú að þegar fólk venst því að vinna með hlutafélagaformið þá vilji það vera með rekstur í hlutafélagi. Þó að kvaðir á hlutafélögum séu meiri en að vera með rekstur á eigin kennitölu er utanumhald þægilegra þar sem ekki er verið að blanda saman persónulegum fjármálum inn í reksturinn. Vissulega er regluverk til að fara eftir sem er ekki flókið og eitthvað sem allir bókarar kunna.

Jón Þór Helgason
burekstur.blog.is

SPX cat 4 kapalleitartæki
verð frá 224.645,- m.vsk

VERKFAERI EHF
WWW.VERKFAERIEHF.IS

Staða Landbúnaðarháskóla Íslands er grafalvarleg

– Róttækra aðgerða er þörf ef ekki á að tapa þræðinum í þekkingaröflun

Að undanfögnu hefur nokkuð verið fjallað um menntun og vísindastarf í umhverfis-, náttúru- og búvísindum hér á landi á opinberum vettvangi. Að vísu hefur lítið verið fjallað um ágæti menntunar eða nauðsyn, að hve miklu leyti hún svarar kalli tímans eða hvaða nýju spurningum menntun og vísindastarf á þessum sviðum ætti að svara.

Hin opinbera umfjöllun síðustu misseri hefur snúist að mestu um rekstrarform og utanumhald. Einkum í samhengi við rekstrarfyrirkomulag og rekstrarniðurstöður Landbúnaðarháskóla Íslands. Umræðan er í ógöngum og hefur þróast í átök um „annaðhvort eða“-lausnir. Ekki mjög heppilegt þegar hópurinn sem lætur sig málin varða hefur í raun sameiginlegt markmið um eflingu þekkingar í landbúnaði, umhverfi og náttúru.

Mínna hefur farið fyrir umræðu um þörf á þekkingu og færni á þessum sviðum, hvaða lausnir á að framleiða, hvaða þekkingu eiga útskrifaðir nemendur að hafa og hvaða verkefni eiga þeir að geta leyst. Fyrir hverja eru rannsóknir á þessum sviðum stundaðar og hvaða spurningum og hverra á að svara?

Í öllum rekstri, hvort sem er menntastofnana eða fyrirtækja, stórra og smárra, verður reglulega að spyrja grundvallarspurninga. Þær eru oft óþægilegar en oftast gefandi ef heiðarlega er spurt og heiðarlega er svarað. Í tilfelli menntastofnana þurfa þessar grundvallarspurningar að koma frá mörgum aðilum. Sérstaklega í tilfelli háskólastofnana. Í tilfelli háskóla á téðu sviði má nefna að skólinn þarf að svara spurningum á mjög breiðum grundvelli, allt frá því hvernig þekkja má og þróa smæstu lífverur og allt til hagrænna umhverfisáhrifa í alþjóðlegu samhengi. Hann þarf að svara einstaklingunum sem lifa með náttúrunni, einstaklinga sem rækta í moldinni, hirða og rækta dýr, þróa vörur, reka fyrirtæki svo fátt eitt sé nefnt. Hann þarf að svara spurningum einstaklinga og áhugahópa sem láta sig varða náttúru Íslands og umhverfi á einn eða annan hátt. Hann þarf að svara spurningum



Bjarni Stefánsson.

einstaklinga og sveitarfélaga á breiðum grunni í náttúruvísindum almennt og umhverfis- og skipulagsfræði, afurðafyrirtækjum og þjónustuaðilum í landbúnaði um vöruþróun og tæknimál. Hann þarf að svara spurningum þjóðarinnar og yfirvalda um landbúnað, umhverfis- og skipulagsmál og náttúruvísindi bæði faglega sem og í hagrænu tilliti. Hann þarf einnig að svara spurningum í alþjóðlegu samhengi. Svo mætti lengi telja. Staða menntunar og rannsókna á fyrrgreindum sviðum er því ekki einkamál fárra aðila. Málið varðar mjög marga og enginn getur í raun fríað sig ábyrgð.

Ef skoðuð er staða menntunar og rannsókna hér á landi í landbúnaði, umhverfis- og auðlindanýtingu á landi þá kemur í ljós að hún er grafalvarleg. Landbúnaðarháskóli Íslands er framkvæmdaaðili þessara mála að langstærstu leyti hér á landi. Núverandi form skólans er ekki orðið 10 ára og er frá 2005, þegar eldri stofnanir voru sameinaðar í eina.

Svo virðist sem að í upphafi hafi fjármunir ekki fylgt þeirri breytingu að færa stofnunina upp á háskólastig og fjárþörf skólans strax þá verið vanáætluð. Hefur skólinn síðan verið meira eða minna í vítahring vanætlaðrar fjárþarfar og framúrkeyrslu með eftirfylgjandi sparnaðarkröfu. Einkennandi fyrir starfsemina er samdráttur ár frá ári. Árið 2005 mun starfsfólk hafa verið 138 talsins. Nú í október 2014 verða þeir líklega komnir niður í 71. Ef frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár verður að lögum verður veruleg

fækkun starfsfólks til viðbótar. Málið er grafalvarlegt.

Það segir sig sjálft að slíkur niðurskurður í þekkingarstarfsemi skilar færri og/eða lakari afurðum. Í tilfelli Lbhí hefur verið skorið svo utan af starfseminni að ekki verður gengið lengra nema að spyrja grundvallarspurninga um hvaða starfi á að sinna og hverju á að hætta að sinna.

Spurninga eins og t.d.; á að leggja niður starfsmenntun í landbúnaði á Íslandi? Á að leita leiða til að styrkja nemendur til búfræðináms erlendis eða kaupa fjarnámspakka af erlendum þar til bærum skólum? Á að hætta rannsóknum á sviði umhverfismála, stefna að því að senda þess í stað íslenska nemendur í landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna sem yrði þá rekinn og staðsettur erlendis? Á að hætta rannsóknum og kennslu í búvísindum og sækja þá þekkingu í erlenda skóla? Eða eigum við að sleppa þeim lið og kaupa einfaldlega ráðgjöf erlendra sérfræðinga um úrlausnir einstakra verkefna? Eða á að halda allri starfsemi áfram að nafninu til og gera það lélega?

Einhverjum finnst þessar spurningar fjarstæða, en hið sorglega í málinu er að slíkar spurningar eru næstar á dagskrá þegar fjárhagslegur rammi um starfsemi Lbhí er skoðaður.

Nú ætla ég ekki í löngu máli að fara yfir þarfir þjóðarinnar í þessum breiða málaflokki auðlindanýtingar og umhverfismála á landi hérlandis. Þó minni ég á að íslenskur landbúnaður gerir ekki meira en svo að standa undir fæðuöryggi þjóðarinnar og hann þarf að bæta getu sína til að tryggja hana á komandi árum. Það verður ekki gert nema með aukinni færni. Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna spáir matarskortir á heimsvísu árið 2050. Þangað til er ekki nema hálf mannsævi. Það er líka stuttur tími þegar náttúran er annars vegar.

Róttækra aðgerða er þörf ef ekki á að tapa þræðinum í þekkingaröflun og -miðlun hér á landi á framangreindum sviðum.

Ég ákalla því alla þá sem láta sig náttúru og umhverfi varða, starfandi fólk jafnt sem áhugafólk um landbúnað, umhverfi og náttúru á Íslandi. Ég ákalla sömuleiðis alla

þá sem láta sig varða þjóðarhag og heilbriggt sjálfbært þjóðfélag, stjórnámamenn allra flokka, og alla þá sem láta sig þekkingu og menntun þjóðarinnar varða að standa saman um málefni menntunar og þekkingu í landbúnaði, umhverfis-

og náttúruvísindum og koma þeim í farveg uppbyggingar til framtíðar.

Bjarni Stefánsson,
fulltrúi í háskólaráði
Landbúnaðarháskóla Íslands.

Linhai 400

Ódýrt, öflugt og traust

Verð **899.000** kr. +vsk. með dráttarvélaskráningu.

Borgartún 36 • 105 Reykjavík
588 9747 • www.vdo.is

VDO
Offroad Line

Héraðssýning Félags sauðfjárbænda

í Strandasýslu laugardaginn 11. október

Félag sauðfjárbænda í Strandasýslu stendur fyrir héraðssýningu á lambhrútum laugardaginn 11. október. Sýningarhald verður á tveimur stöðum, vegna sauðfjárveikivarnargirðinga, fyrir sunnan girðingu á Bæ í Hrútafirði hjá Gunnari, fyrir norðan girðingu hjá Ragnari í Heydalsá.

Sýndir verða stigaðir lambhrútar í flokki kollóttra, hyrndra og mislitra. Hverju búi er heimilt að mæta með allt að fimm hrúta til þátttöku í hverjum flokki, þ.e. 3 – 1-1, það er, í flokki sem bóndinn sjálfur velur. Skrá verður hrútana til þátttöku hjá Gunnari Dalkvist í síma 451-4013.

Dómar hefjast kl. 11 í Bæ og kl. 15 á Heydalsá. Veittar verða viðurkenningar fyrir besta hrút í hverjum flokki að loknum dómi á Heydalsá.

Félag sauðfjárbænda í Strandasýslu

Bændablaðið smáauglýsingar 56-30-300

ÓMISSANDI Í SLÁTURGERÐINA

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

KORNAX RÚGMJÖL ER HEILKORNAMJÖL SEM Í ERU ALLIR HLUTAR KORSINS; KJARNI, KÍM OG HÝDI AUK ÞESS SEM ÞAD INNIHELDUR NÁTTÚRULEG VÍTAMÍN OG STEINEFNI

HÁGÆDA HRÆFNI + ÁST OG UMHYGGJA = EINSTÖK ÚTKOMA

Pinnabyssur og púðurskot

Skot, 9x17mm:
4.400kr, 50stk
Skot, 1,25gr:
1.320kr, 20stk

Eigum nú til á lager pinna-byssurnar frá Blitz, kr. 35.990

BÚREKSTRARDEILD
BORGARNESI

Egilsholti 1, 310 Borgarnesi
Afgreiðsla, sími 430 5500
Opið virka daga 8-18
www.kb.is, margret@kb.is

Utan úr heimi

Færeyingar taka Huppu í notkun

Ráðgjafarmiðstöð landbún-
aðarins (RML) og Meginfélags
búnaðarmanna í Færeyjum
(MBM), mjólkurbú þeirra
Færeyinga, stóðu nýverið
fyrir námskeiðum í nautgripa-
ræktarkerfinu Huppu.

Námskeiðin fóru fram í Þórs-
höfn í Færeyjum og í kjölfar
námskeiðanna munu færeyskir
kúabændur taka kerfið í notkun sem
sitt skýrsluhaldskerfi.

Kennsla á námskeiðunum
hefur verið í höndum Guðmundar
Jóhannessonar, ábyrgðarmanns
nautgriparæktar hjá RML, með
dyggri aðstoð Jónunar Hansen hjá
MBM.

Á síðustu mánuðum hafa
ýmsir þættir Huppukerfisins verið
aðlagðir aðstæðum í eyjunum og
kerfið einnig þýtt yfir á færeysku.
Þessi vinna hefur verið í höndum
Stefnu á Akureyri en leidd af
Guðmundi Jóhannessyni og Jóni B.
Lorange hjá BÍ.

Elín Nolsöe Grethardsdóttir,
ráðunautur hjá RML, þýddi kerfið
að mestu ásamt Rólví Djurhuus hjá
Búnaðarstovunni í Færeyjum.

Gott samstarf við Færeyinga

Samstarf RML og MBM vegna
aðlögunar og þýðingar Huppu hefur
verið ákaflega gott og hefur ekki
tekið nema um 5 mánuði að koma
kerfinu í notkun þrátt fyrir að vinna
hafi að mestu legið niðri í um mánuð
í sumar vegna sumarleyfa.

Í Færeyjum eru í augnablikinu 28
kúabændur en mun fækka um einn
er líður á haustið. Þar eru um 900
mjólkurkír og heildarframleiðslan
er sjö milljónir lítra mjólkur.
Bústærðin er mjög breytileg eða
allt frá um 10 kír upp í um 120
kír, meðalbústærð rétt um 34 kír.
Stærsta búíð leggur inn um 1.100
þús. lítra á ári en þar eru tveir
DeLaval-mjaltapjónar.

Guðmundur Jóhannesson segir í
umfjöllun um námskeiðin á vefsíðu
RML að Færeyingar séu ákaflega
gestrisnir og velviljaðir Íslendingum
og víða má sjá íslenskar vörur í
verslunum. Það gleðji líka íslenska
kúabændur að íslenska skyrið þrýðir
hillur verslana og við hlið íslenska
skyrins má sjá lífrænt skyr.is frá
Thise í Danmörku.



Júgurbólga er mesti skaðvaldurinn í mjólkurframleiðslunni— síðari hluti

Í nýliðnum mánuði var haldin
júgurbólguráðstefna í Gent í
Belgíu en ráðstefna þessi var
haldin á vegum alþjóðlega
júgurbólguráðsins, NMC (National
Mastitis Concil).

Hér fer síðari hluti umfjöllunar
Snorra Sigurðssonar um þessa
ráðstefnu, en fyrri hlutinn birtist í
síðasta Bændablaði.

Meðhöndla í geldstöðunni

Að hlúa vel að geldkúnum er
eitt brýnasta starf kúabænda nú
til dags og má segja að það hafi
verið inntak erindis kanadísku
fræðimannanna Marguerite Cameron
og Greg P. Keefe frá Prince Edward
Island-háskólanum. Tilgangur
geldstöðunnar er auðvitað sá að gefa
kúnum frí svo líkaminn geti aðlagð
framleiðsluáðstæðurnar að komandi
mjaltaskeiði. Það hefur löngum verið
vitað að til þess að júgurvefurinn
nái að endurnýja sig þarf kýrin um
6–8 vikna frí og er það skýringin á
hefðbundinni lengd geldstöðu. Þegar
þetta tímabil í lífi kýrinnar gengur í
garð er hún hins vegar viðkvæm fyrir
árásum baktería sem þó valda sjaldan
klínískum einkennum júgurbólgu
á geldstöðunni heldur duldu einkennum.
Því bera kír of oft með
háa frumutölu og geta fengið klínísk
einkenni í kjölfarið.

Þessi staðreynd leiddi til þess að
upp úr 1960 var farið að ráðleggja
mikla notkun á lyfjum í geldstöðu
og voru þá yfirleitt allar kír
meðhöndlaðar „holt og bolt“. Þetta
var auðvitað ekki góð aðferð enda oft
verið að meðhöndla kír að öþörfu.
Í dag, rúmlega hálfri öld síðar,
dettur fáum í hug að meðhöndla kír
með þessum hætti, en hins vegar
meðhöndla á grunni áhættumats
og greininga. Það hefur sýnt sig að
hafa afar góð áhrif og mun betri en sé
meðhöndlað á mjaltaskeiðinu sjálfu.
Skýringin felst í fjórum þáttum: 1)
notuð eru langvirkandi lyf sem hafa
>30 daga útskolunartíma, 2) vegna
þess að kýrin er ekki mjólkuð eru
lyfin ekki „fjarlægð“, 3) lyfin eru
hönnuð til þess að leysast hægt
upp en að vinna á bakteríum af
öryggi og 4) þar sem mjólk er ekki
til staðar er næring bakteríanna
í lágmarki. Reynslan sýnir að sé
júgurbólgutílfelli meðhöndlað í
geldstöðu og einnig notað spenakíttri
þá eru líkurnar á því að kýrin nái
fullri heilsu >85%.

Erfðabundin mótstaða

Það má vissulega takast á við
júgurbólgutílfellin með lyfjum
en auðvitað er miklu betra að slík

tilvik komi ekki upp. Út á það gengu
erindi þeirra Lorraine M. Sordillo, frá
bandaríska háskólanum í Michigan-
ríki, og Gina M. Pighetti frá
bandaríska háskólanum í Tennessee.
Ótal þættir hafa áhrif á það hve
vel kúm tekst að forðast smit frá
bakteríum en líffræðilegar varnir
kýrinnar eru auðvitað fyrst og fremst
spenaendinn sjálfur. Talið er að nærri
öll júgurbólgutílvik megi rekja til
þess að bakteríur hafi komist upp í
gegnum spenaendann, upp spena-
ganginn og inn í júgurhol.

Til viðbótar sterkum en
sveigjanlegum spenaenda hafi
kynbótafræðingar horft til annarra
þátta svo sem mótstöðuafis kúa og
getu þeirra til þess að takast á við
sýkingar án hjálparefna. Tilfellið er
hins vegar að þessi framangreindu
atriði fara ekki endilega vel saman
við aðra þætti sem við viljum sjá
kír bera eins og að vera lausmjólka.
Því þarf að finna heppilegt jafnvægi
milli krafna sem gera þarf til góðs
og sterks spenaenda og vel opins
spenaenda, þ.e. fyrir mjaltirnar.
Kröfurnar um hraðar mjaltir hafi
í raun rekið kynbótafræðinga til
þess hin síðari ár að horfa í auknum
mæli á getu kúa til þess að takast á
við sýkingar og losa sig við þær án
utanaðkomandi aðgerða. Rannsóknir
á slíkri getu kúa eru nú stundaðar
víða um heim og felast m.a. í því
að leita að erfðavísnum sem stjórna
þeim aðgerðum sem líkaminn
setur í gang þegar bakteríur ráðast
upp í júgurvefinn en viðbrögð kúa
við sama smitefni geta verið afar
misjöfn. Þannig var t.d. nefnt dæmi
um tvær kír sem voru vísvitandi, í
tilraunaskyni, smitaðar með Uberis
bakteríum. Önnur kláraði sig á
smitinu á átta dögum og það dró
ekkert úr mjólkurframleiðslunni en
hin veiktist verulega og nytin dróst
saman um 20% en dæmið sýnir vel
muninn á því sem kalla mætti hreysti
gripa.

Smitandi bakteríur

Það kemur væntanlega fáum á óvart,
sem á annað borð þekkja eitthvað
til júgurbólgutílfella, að Staf.
aureus er baktería sem oft finnst
í ræktunarsýnum. Þessi baktería,
ásamt Strept. agalactiae (smitandi
júgurbólga), eru venjulega kallaðar

smitandi bakteríur þar sem þær geta
borist mjög auðveldlega á milli
kúa. Í dag eru notaðar allþekktar
og þrautreyndar aðferðir til þess
að berjast gegn þessum bakteríum
eins og fram kom í erindi John R.
Middleton frá háskólanum í Missouri
í Bandaríkjunum. Þessar bakteríur
valda mjög oft duldu einkennum
júgurbólgu og geta verið ástæður
þrálátur tilfella með afar sveiflukenn
einkenni. Á þessu er þó nokkur
munur á milli búa og á milli landa
og í sumum tilfellum geta þessar
smitandi bakteríur verið aðalástæðan
fyrir svæsum júgurbólgutílfellum.

Þekktar smitleiðir

Þó svo að aðgerðirnar sem notaðar
eru til þess að ráða niðurlögum
þessara baktería séu oft bundnar
við einstakar kír og vinnubrögð við
mjaltir þá má aldrei horfa frá þeirri
staðreynd að þessar bakteríur hafa
einnig fundist í umhverfi kúnna svo
alltaf þarf að horfa á heildarmyndina.

Helstu smitleiðirnar sem þekktar
eru og eru jafnframt grunaðar um að
eiga stærstan þátt í því að flytja smit
á milli gripa eru sjálf mjaltatækini,
tuskurnar sem notaðar eru við þvott
kúa og svo hendur mjaltamannsins
sjálfs eða armur mjaltapjóns. Sé sett
upp gott skipulag til þess að draga úr
líkum á því að flytja smit á milli kúa
með framangreindum aðferðum, þá
næst oftast góður árangur. Hér má
nefna atriði eins og þrif mjaltatækja
á milli kúa, skolon og sótthreinsun
tækja eftir frumuháar kír, notkun á
hönskum við mjaltir og reglubundið
þrif og sótthreinsun mjaltapjónaarms
og annarra hluta mjaltapjóns sem
snertir júgur og spena.

Bólusetning gegn júgurbólgu?

Víða um heiminn hefur verið unnið
að þróun lyfja til bólusetningar gegn
júgurbólgu. Þar hefur m.a. verið
horft til Staf. aureus, E. coli og fleiri
baktería og í dag er hægt að kaupa
tvenns konar ólík bólusetningarlyf í
þessum tilgangi. Þessi lyf hafa enn
þann dag í dag ekki náð þeim árangri
að koma algjörlega í veg fyrir smit og
sýkingar en sumar rannsóknir virðast
þó benda til þess að bólusettar kír
sýni vægari einkenni smits og nái sér
mögulega fyrr af sýkingu.

Leitum að eftirfarandi eignum fyrir áhugasama aðila:

- Bújörð í rekstri á Suður- eða Vesturlandi – Sauðfjárbúskapur eða mjólkurframleiðsla
- Bújörð sem hentar fyrir uppbyggingu á ferðaþjónustu á Suður- eða Vesturlandi – Nálægð við þjóðveg 1 mikill kostur

Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson,
búfræðingur og löggiltur fasteignasali, í síma 510-3500 / 615-
1020 eða bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg
Skipholt 50b - 105 Reykjavík

GIANT D337T



Vél: Kubota D1105-T
33 HP/24 kW
Lyftugeta: 1450 kg
Aksturshraði: 18 km
Breidd: 128 cm

- Ökuhraði allt að 28 km
- Mikil lyftigeta
- Afmiklir
- Stöðugir
- Úrval aukahluta

Aukabúnaður innifalinn:
- Dekkjastærð: 31x15.50-15 AS
- Niðurfellanlegt öryggishús
- Handstýrður skriðgir
- Euro glussa hraðtengi
- Vinnuljós að aftan
- 90 kg. þynging með dráttartengi

Fáanlegir aukahlurir:
- Skófla 130 cm m/Euro tengi
- Gaffall 120 cm m/Euro tengi

Giant liðléttingar eru einir af söluhæstu liðléttingum í Evrópu.
Í þeim eru Kubota vélar en drif og vökvakerfi er framleitt af
Rexroth Bosch.

Vélaval
560 Varmahlíð
453 8888 - velaval.is

LANDSTÓLPÍ
Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss
Sími 480 5600 - landstolpi.is



Kostnaður við bólusetningu og krafa um endurbólusetningar hefur þó dregið úr áhuga marga kúabænda á aðferðinni.

Örva CNS bakteríur mjólkurframleiðslu?

Fyrirsögnin kann að hljóma hálf undarlega en tilfellið er að margar rannsóknir benda nú í sömu átt, þ.e. að í þeim hjörðum þar sem finnst hátt hlutfall CNS baktería (kóagúlasa neikvæðir stafýlókokkar) þar er meðalframleiðsla hverrar kýr meiri en í öðrum hjörðum. Flestir telja þó að það séu ekki bakteríurnar sjálfar sem eiga þarna hlut að máli heldur hitt að þar sem mjólkurframleiðslan er öflug, þar virðist þessi baktería eiga auðveldara með að fjölga sér en í öðrum hjörðum. Um þessi atriði og fleiri fjölluðu Finnarnir Suvi S. Taponen og Heli K. Simojoki frá dýralæknasviði háskólans í Helsinki. Oftast valda þessar bakteríur dulinni júgurbólgu en geta einnig átt sök á vægum sýnilegum einkennum. T.d. sýnir finnsk rannsókn að þessi tegund baktería, en alls eru þekkt 20 ólík afbrigði þessara baktería, var ástæða 16% sýnilegra júgurbólgutílvika og 30% af dulinni júgurbólgu á landsgrunni. Í Hollandi eru CNS bakteríur ræktaðar í um þriðja hverju ræktunarsýni frá bændum og í Þýskalandi má rekja allt að 35% tílvika um dulda júgurbólgu til CNS.

Tuttugu þekktar tegundir CNS

CNS bakteríur finnast í öllum löndum en afar misjafnt er á milli landa hver tíðni þeirra er, en nafnið er einungis samheiti marga undirtegunda og í dag eru þekktar 20 ólíkar tegundir CNS baktería sem geta valdið júgurbólgu. Rannsóknir á CNS bakteríum undanfarinn áratug hafa aðallega beinst að því að finna þessar undirtegundir CNS og að reyna að finna sérhæfð lyf gegn einstökum undirtegundum enda talið að sumar þessara baktería séu í raun ekki skaðvaldar. Í dag eru til þekktar aðferðir sem tegundagreina CNS en það eru enn sem komið er afar dýrar greiningaraðferðir. PCR erfðaefnisgreiningin sem notuð er hér á landi greinir einungis yfirflokkinn en ekki undirtegundirnar.

Goðsögn í lifanda lifi

Síðasta erindið sem verður tekið fyrir í þessari umfjöllun um NMC ráðstefnuna í Belgíu er erindi goðsagnarinnar Joseph S. Hogan frá Ohio State-háskólanum í

Bandaríkjunum. Joe þessi er einn þekktasti fræðimaður heims á sviði júgurbólgurannsókna og -fræða og er auk þess með afar skemmtilega framkomu sem gerir það að verkum að áheyrendur sitja sem límdir við og taka við boðskapnum. Þarna mætti kappinn með sitt síða gráa hár, leðuról um hálsinn í fráhnepptri skyrtu, gallabuxum með gríðarstóra silfurlitaða beltissýlgju og að sjálfsgöðu í kúrekastígvelum – en ekki hvað? En að erindinu, sem fjallaði um algengustu umhverfisbakteríurnar sem við glíum við í dag þ.e. Escherichia coli, Klebsiella pneumoniae og Strep-tococcus uberis. Allar þessar bakteríur eiga það sameiginlegt að þær þurfa næringu til þess að lifa af og lifa t.d. ekki lengi utan mjólkur eða skíts s.s. utan á mjaltatækjum, í spenagúmmíum eða á húð.

Fyrirsjáanlegar bakteríur!

Vegna þess hve fyrirsjáanlegar þessar umhverfisbakteríur eru, þekkjum við í dag allar helstu bústjórnarlegu aðferðir sem unnt er að beita gegn þessum vágestum. Þar eru mikilvægastir þættir eins og hönnun innréttinga, griparými (þéttni), notkun á undirburði og gerð hans auk vinnubragða í fjósum við þríf og umgengni. Hin síðari ár hafa verið gerðar rannsóknir á því hvar kýr helst ná að smitast af þessum bakteríum og í ljós hefur komið að júgurbólgutílvik, fyrstu 2 mánuði eftir burð, má oft rekja til smits sem kýr verða fyrir á geldstöðu! Enn beinast spjótin að því að hlúa að kúnum á geldstöðunni og búa geldu kúnum bestu mögulegu aðstöðuna í fjósinu á hverjum tíma. Þótt ótrúlegt megi virðast þá er það alls ekki tilfellið í öllum fjósum og oft er það svo, a.m.k. í Danmörku, að geldu kýrnar hafa mætt afgangi og verið „geymdar“ við aðbúnað sem var alls ekki góður sé horft til áhættu á smiti. Í dag er okkur að takast, hægt og rólega, að breyta þessu og koma vinnubrögðum í betri farveg. Rannsóknir sem Joe vitnaði til hafa sýnt að viðkvæmasti tíminn gagnvart smiti frá umhverfinu er fyrstu 2 vikurnar eftir að kýrnar hætta að mjólka og síðustu 2 vikurnar fyrir burðinn, svo ef bændur hafa takmarkaðan tíma eru það þessi tímabil sem þarf að lágmarki að passa sérstaklega vel upp á.

Snorri Sigurðsson
sns@vfl.dk
Nautgriparæktarsviðið
Þekkingarsetri landbúnaðarins í Danmörku

Alvarleg niðurgangspest í bandarískum svínunum:

Hefur drepíð milljónir dýra

– Framboð á svínakjöti dregst saman og verð hækkar

Alvarlegur niðurgangsfaraldur hefur herjað á svín í Bandaríkjunum á liðnum misserum og hefur drepíð yfir 7 milljónir grísa á einu ári.

Afleiðing pestarinnar er minna framboð á svínakjöti og ört hækkandi verð.

Málið er lítið mjög alvarlegum augum í Bandaríkjunum en vírusinn gengur undir nafninu Porcine Epidemic Diarrhoea, eða PED. Sjúkdómurinn veldur niðurgangi með þeim afleiðingum að svínin hætta að nærast, ofþorna og drepast. Haft er eftir Tony Forshey, yfirmanni dýraheilbrigðismála í Ohio, að vírusinn virki líkt og „sláttuvél“ á meltingarfæri svínanna. Um leið og þessi líffæri hætti að virka geti svínin ekki nærst eðlilega, hvorki af fóðri né vatni. Lyfjafyrirtækið Harrisvaccines Inc. hefur verið að reyna að þróa mótefni gegn þessum vírus. Þá hafa stóru lyfjafyrirtækin Merck Animal Health og Zoetis Inc. tekið saman höndum um að þróa mótefni í samvinnu við bandaríska háskóla.

Samkvæmt umfjöllun fréttastofu Reuters fannst vírusinn fyrst í Ohio í maí á síðasta ári og hefur nú breiðst til meira en 4.700 býla í 30 ríkjum Bandaríkjanna. Um þriðjungur af 3.000 svínabúum í Norður-Karólínu hefur sýkst síðan í júní 2013. Þá hefur vírusinn einnig verið að breiðast út til Kanada, en svínaréktin þar hefur verið nátengd þeirri bandarísku. Á sumum stöðum eiga menn nú í miklum erfðileikum með að útvega svínakjöt á markaðinn.

Uppruninn óljós

Um nákvæman uppruna sjúkdómsins er ekki vitað, en hann er sagður mjög svipaður vírus sem kom upp í svínunum í Anhui-héraði í Kína. Þá er greint frá því að vægari tilfella sjúkdómsins hafi orðið vart í Evrópu, Japan, Mexíkó og í hluta af Suður-Ameríku á undanförunum árum.

Talið er að sjúkdómurinn berist með svínaskít og er einnig talið að ekki þurfi nema eina teskeiðarfylli af sýktum svínaskít til að sýkja öll svín í Bandaríkjunum. Þá sýna rannsóknir Minnesota-háskóla að vírusinn getur lifað í vatni við stofuhita í 13 daga. Þó er ekki talið að vírusinn geti smitast í menn. Eru bændur hvattir til að gæta ítrasta hreinlætis við meðhöndlun

svínanna og að vera í hreinum vinnufatnaði. Þá hefur svínasýningum víða verið aflýst eins og í Virginíu, Suður-Dakota og Ohio. Eins eru gripaflutningabílstjórar hvattir til að sóðhreinsa bíla og búnað. Eru þeir m.a. hvattir til að þvo bíla sína með hreinu vatni en ekki endurunnu. Er talað um að slík hreinsun bílanna geti kostað um 500 dollara aukalega og tveggja tíma vinnu.

Annar vírus að stinga sér niður

Ekki bætir úr skák að önnur veira, Swine Delta Corona virus (PDCv), sem hefur svipuð einkenni, er einnig að breiðast út í Bandaríkjunum. Samkvæmt upplýsingum bandarísku dýraheilbrigðisþjónustunnar USDA (Animal Health Inspection Service), þá hafa fundist 382 tilfelli um sýkt dýr af í 17 ríkjum eða í 7,2% þeirra tilfella PDCv sem rannsökuð hafa verið. Hefur USDA farið fram á aukafjárveitingu til að berjast við þessa plágu.

Stór skörð höggvin í hjarðir margra bænda

Í apríl á þessu ári greindi Reuters frá því að yfir 10% af bandaríska svínastofninum væri sýktur af niðurgangspestinni PED. Þar var greint frá einstökum svínabændum sem höfðu misst tugþúsundir grísa frá því í fyrrahaust. Dæmi eru þar nefnd um bændur sem höfðu misst 25% af sínum stofni. Á einu ári er pestin sögð hafa drepíð meira en 10% af svínastofninum.

Minna framboð af kjöti og verð hækkar

Svínapestin hefur leitt til minnkandi framboðs á svínakjöti á markaði og hækkandi afurðaverðs. Er búist við að svínakjötsframleiðslan í Bandaríkjunum dragist saman um 2% á þessu ári vegna svínapestarinnar. Samkvæmt fréttum frá bandaríska landbúnaðarráðuneytinu hefur þetta leitt til þess að neytendur hafa verið að greiða nærri 13% herra verð fyrir svínakjöt í stórverslunum. Fréttir berast af metverði á svínakjöti vegna minnkandi framboðs, en svínakjöt hefur dekkað nærri fjórðung kjötmarkaðarins í Bandaríkjunum.

Næsta Bændablað kemur út 9. október

Kemur það næst á eftir nautakjöti sem hefur verið um 29% markaðshlutdeild. Nær helmingur kjötneyslu Bandaríkjanna er alifuglakjöt, en kindakjöt er einungis með um 1% hlutdeild.

Frá því í júní 2013 fram í apríl 2014 er talið að sjö milljónir svína hafi drepist, en samkvæmt tölum landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna var stofninn talinn vera um 63 milljónir dýra hinn 1. mars 2014. /HKr.

**White-Westinghouse**
- amerísk gæða heimilistæki



★★★★
Amerísk gæðavara

12 kg

Þvottavél

- Tekur heitt vatn > sparneytin
- Stórt op > auðvelt að hlaða
- Þvotta og orkuklassi A
- Engin kol í mótór

**RAFVÖRUR**
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Sníjótennur frá 601.145,-m/vsk



Frambúnaður á traktora og önnur tæki frá 596.125,-m/vsk

**VERKFAERI EHF**
WWW.VERKFAERIEHF.IS

Afríska svínapestin komin til fjögurra ESB-ríkja

– Vírusinn berst milli svæða m.a. með hráu kjöti, fatnaði og farartækjum

Afríska svínapestin heldur áfram að breiðast út og er hún nú komin til fjögurra Evrópusambandsríkja. Nýverið greindu yfirvöld í Eistlandi frá því að sjúkdómsins hefði líka orðið vart þar í landi.

Í Eistlandi hefur pestin greinst á svæði þar sem 15 lítill svínabú eru í rekstri. Gert var ráð fyrir að öllum svínunum í þessum búum yrði slátrað og lýst var yfir að svæði sem næði yfir 8 kílómetra radíus í kringum búin yrðu sett í sóttvarnareinangrun.

Veiran berst ekki í önnur dýr eða fólk en getur borist á milli svæða með sýktum dýrum, sæði og hráu kjöti af sýktum dýrum. Einnig getur vírusinn borist með farartækjum, fatnaði og öðrum búnaði sem hefur komist í snertingu við jarðveg af sýktum svæðum eða sýkt svín. Dánartíðni meðal svína og grísa sem sýkjast er allt að 100%.



Farga hefur þurft svínunum í stórum stíl vegna afrísku svínapestarinnar. Mynd / stravaganzastravaganza.blogspot.com

Ivar Padar, landbúnaðarráðherra Eistlands, telur líklegt að vírusinn kunní að hafa verið að breiðast út með villtum svínunum í skógum landsins í sumar. Pestin hefur verið þekkt í Rússlandi frá 2007 og er



Flutningur á hráu kjöti frá sýktum svæðum getur hæglega borið með sér vírusinn. Mynd / BBL

nú landlæg í Georgíu, Armeníu, Azerbaídsjan, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Þá er hún einnig komin til fjögurra Evrópusambandsríkja eins og fyrr greinir, en það eru Pólland, Litháen, Lettland og Eistland. /HKr.

**MICKEY THOMPSON**
PERFORMANCE
M/T
TIRES & WHEELS



JEPPADEKK

Söluaðilar: Öll helstu dekkjaverkstæðin á landinu
Umboðsaðili: Ictetrack ehf. Sími 773 4334

mtdekk.is

Hraustar kýr, jarðbundið fjós

Líður kúnum þínum illa í fjósinu af völdum spennumunar eða mikils rafsegulsviðs? Hér verður rifjuð upp og uppfærð grein undirritaðs frá 2002.

Vegna átaksverkefnis af hálfu MS um bætt jógurheilbrigði er vert að ítreka viðvörðun um skaðleg áhrif rafstraums á búpening, þó aðallega kýr, og hugleiða nokkuð þetta mál og gefa góð ráð til fyrirbyggjandi aðgerða. Um þessi mál eru ýmsar kenningar og menn eru ekki á einu máli um hvað skiptir máli og hvað ekki og sumt minnir beinlínis á þjóðsögur.

Grundvallaratriði sem hafa ber í huga er að rafmagn fer ætíð greiðustu og stystu leið til jarðar, þ.e. um bestu leiðnileiðina. Vitað er um nokkur dæmi s.s. í nýju fjósi þar sem í ljós kom að há frumutala og óskýranleg tilvik jógurbólgu virtist m.a. vera um að kenna lélegu jarðsambandi og algjörlega óviðunandi sambindingu jarnavirkja og auk þess hált gólfefni inni í mjaltabás.

Kýrnar viðkvæmar

Kýrin stendur á fjórum fótum og langt er milli fram- og afturlappa og er hún þar af leiðandi kjörin til að tengja saman leiðandi hluti, svo sem vatnsbryrningartæki og flórrist, milligerði og hliðgrind eða mjaltabjón og stýrihlið svo dæmi séu tekin. Jafnvel milli arms og mjaltabjóns getur myndast spennumunur ef sambinding er ekki nægilega trygg. Einnig er ljóst að kýrin getur myndað smá hleðslu af básmottum og dýnum og afhleðst þá þegar hún snertir jarn eða nær jarðsambandi líkt og við þekkjum sjálf.

Málið er að kýrnar eru mun viðkvæmari fyrir spennumun en maðurinn t.d. vegna fleiri útlíma, blautra grana, byggingarlags og mun næmari skynfæra. Sem dæmi, kýr með blautar granir sem snertir milligjörð eða vatnsdall og stendur með blautar afturlappir á flórristum

getur auðveldlega orðið fyrir spennumun milli þessara jarnvirkja. Hún skynjar og hefur vanlíðan af jafnvel örfáum millí-voltum, og verður óróleg, vansæl og mun líklegri til þess að verða nýtlág, veikindasækin og lystarlaus. Þetta getur síðan leitt til streitu þannig að kýrin verður veikari fyrir alls kyns áreiti þ.m.t. jógurbólgu, þ.e. ónæmiskerfi hennar verður veilla og verr sett hvað varðar nýsmít jógurbólguþýkla.

Fjöl mörg leiðandi virki í fjósum

Eins eru legubásafjósir með allar sínar básaeyjar, milligerði, stýrihlið, mjaltabjóna, vatnsbryrningu, kör og vatnsdalla, sköfubjóna (flórgoða) eða flórsköfur sem stöðugt eru á ferðinni, legubásafjósir eru því ekki síður en gömlu básafjósir kjörin fyrir spennumunarvandamál sé ekki rétt að málum staðið. Þarna skiptir auðvitað máli hvort skepnan nær að snerta tvö leiðandi virki samtímis en þó eru hugsanlega líkur fyrir því að spennumunar og segulsviðs gæti gætt milli fristandandi básaeyju og flórsköfs vegna raka og bleytu.

Það má örugglega fullyrða að með því að eyða nokkrum aukakrönum í að vanda til verka hvað varðar jarðbindingu og ekki síst sambindingu megi búast við margföldum ágóða til baka í formi meiri mjólkur, minni dýralækniskostnaðar, betra heilsufars kúnna almennt og sennilega oft fleiri mjaltaskeiða þ.e. heilbrigð kýr lifir lengur.

Hvað á að gera?

Það sem kúabóndinn ætti að gera er eftirfarandi:

Fá rafvirkja eða tæknimann sem hefur til þess tæki og kunnáttu að mæla hvort jarðbinding fjóss og mannvirkja er nægileg. Þetta er vanalega gert með s.k. megger og hringrásarviðnámsmæli en svo má auðveldlega sem forkönnun sjá með skoðun og rannsókn kunnáttumanns hvort nægilega vel sé bundið, hreinlega líta eftir bindileiðslum, aðstæðum og samsetningum jarnavirkjana og leiða þannig líkur á að nægileg sambönd og bindingar séu fyrir hendi.

Það þarf að skoða hvort eingöngu sé um að ræða svokallaða sökkuljarðbindingu eða eingöngu jörð í kapli inntaks og ef svo er að reka þá einnig niður í gljúpan jarðveg úti nokkur stafskaut ekki undir 1,5–2,0 m að lengd og leiða frá þeim 25–50 qvaðrat fjölþátta jarðleiðslu að safnskinnu fyrir jörð í rafmagnstöflu og að helstu jarnavirkjum þannig að rofni eitt þá séu a.m.k. 2–3 önnur sem gefa gott jarðsamband, þ.e. jörð úr mörgum áttum, nokkurs konar „stjarna“.

Einnig má fá mjög gott jarðsamband með því að grafa niður 20–30 metra af sverum óeinangruðum þráð (50–70 qvaðrat) ca 1 metra niður í gljúpan jarðveg. Frá töflu þarf síðan sérstaka jarðleiðslu að vatnsinntaki og að fyrsta leiðandi virki í fjósinu. Síðan þarf, og þetta er áriðandi og á við básafjós með mjaltakerfum eða legubásafjós með mjaltabjónum eftir því hvað á við, að binda saman allt leiðandi jarnavirki með 16–25q leiðslu, þ.e. vatnslagnir, milligjarðir á básum sem og í mjaltabás, soglög, flórristar, ristar í mjaltabás ef þær eru þar sem kýr standa í mjóltum, mjaltabjón, drullugrindina undir mjaltabjóni (Lely), stýrihlið, stök millivirki, básamilligerði á eyjum, grindur í gjafaaðstöðu, gjafakerfi (weelink), hleðslustöð fyrir flórgoða og önnur sjálfstætt standandi hlið og grindverk. Þar sem lagnir og milligerði eru samansoðnar eða fest saman á annan tryggilegan hátt nægir að jarðbinda þau virki hvort í sinn enda. Ef flórristar í básafjosi



Brynjólfur Snorrason hefur unnið mjög gott brautryðjandastarf.



Málið er að kýrnar eru mun viðkvæmari fyrir spennumun en maðurinn.

eru samansoðnar eða ná góðri leiðni hvor við aðra er nægilegt að binda þær saman við milligjarðirnar í báða enda hverrar raðar. Þá þarf að binda á a.m.k. tveimur stöðum í loftklæðningu ef hún er úr jarni eða stáli og alla jámbita niður vegg.

Þakklæðningu, strompa, ef í er vifta, og utanhússklæðningu úr jarni ætti einnig að jarð- og sambinda. Lata huga að gömlum fluorsentlökkpum og binda þá til jarðar ef þarf ásamt því að þéttatengja spóluna (ballestina) í ljósinu svo þeir trufla síður og angri skepnur. Nýrri gerðir fjósljósa með ofurperum eru vanalega vel frá gengin séu þau sett upp af fagmönnum.

Stundum reynist erfitt að koma á sambindingu á fristandandi básaeyjum en venjulega þarf þá að fara með bindinguna frá bita í lofti, eða allavega leiðslan verður að koma ofan frá í jarnröri og þarf að „gorma“ hana þar sem hún kemur út úr rörinu þannig að hún þoli hreyfingu og snus gripa, venjulega er þræðinum snúið utan um grannt rör eða sívalning og þannig búinn til gormur.

Vera vakandi fyrir einkennum

Í öllum fjósum á reglulega að prófa virkni útsláttarrofans (lekastraumsleiðans) í rafmagnstöflunni en næmni hans á að vera minnst 30 mA. Prófunarhappur er á liðanum.

Mikill raki og bleyta í fjósi og mjaltaaðstöðu eykur líkur á spennumun þannig að góð loftræsting er nauðsynleg. Þar sem kýr sýna merki vanlíðunar, eða eru taugatrektar, éta illa, há frumutala í hjörðinni, of mikið um jógurbólgu og óútskýranleg nýtlægð, ef allt þetta eða einn af þessum þáttum er gegnumgangandi í fjósinu ætti hiklaust að kanna jarðsambönd og sambindingar jarnavirkja.

Binni Snorra og aðrir snillingar

Nokkrir aðilar gefa sig út í mælingar á þessum þáttum og er þekktastur Brynjólfur Snorrason í Mið-Samtúni sem unnið hefur mjög gott brautryðjandastarf sem lofsvert er. Því er vert fyrir bændur að fá

Brynjólf eða aðra sem kunna til verka til að kíkja á jarðsambönd og sambindingar. Eins er hægt að fá kunnáttumenn til að hreinlega skoða með berum augum sambindingar og gerð jarðskauta svona sem forkönnun.

Varðandi áhrif skaðlegs eða sannarlegs rafsegulsviðs utandyra af einhverjum orsökum er vitað að allsterkt rafsegulsvið getur verið utanhúss í afmörkuðum radíus umhverfis háspennuvirki (spennustöðvar) og undir háspennulínunum og er því ástæða til að byggja ekki fjós undir háspennulínunum eða í nálægð háspennuvirkja þar sem líklegt er að það geti aukið á vanlíðan skepna og manna.

Það er fjöldi rafsegulsviða í og upp úr jörð sem við göngum á og sem auðvelt er að finna og mæla, en erfiðara að

meta hvort það gerir skepnunum og mönnum einhverja skráveifu eða sé sárameinlaust.

Hvaða áhrif menn eru að mæla utanhúss þegar engin háspennuvirki eru nálæg er alls ekki vitað né heldur hvort þar er um að ræða skaðlegt eða meinlaust segulsvið.

Segulsvið mælist í staðbundnum raflögnum t.d. inni í fjósum en ef vel er jarðbundið og sambundið verður það ólíklega til óþæginda fyrir skepnur og menn og mun hættulegri er spennumunur (útleiðsla) sem orsakast af s.k. „flökkustráumum“ sem í einföldun eru þau amper eða brot úr amperi (straum) sem fer á flakk eftir bakrásunum í t.d. fjórleiðarakerfi (stofn) þar sem eru t.d. 3x380 volta fasar og núll, en núll og jörð sambundið (núllað kerfi) og er því skynsamlegra að nota ævinlega fimmleiðara stofn, þ.e. núll og jörð aðskilin, þannig að flökkustráumar asnist ekki núllleiðina til baka heldur jarðsambandsleiðina.

Með góðri sambundinni jarðtengingu í fjósum og öðrum skepnuhúsum er vísast að bændur geti verið nokkuð vissir um að gripir þeirra búi við kjöraðstæður með tilheyrandi vellíðan og aukinni hreysti.

Kristján Gunnarsson
ráðgjafi hjá Bústólpa

Hrófberg séð frá þjóðvegi

Hrófberg séð af fjallsbrún og norður yfir Steingrímsfjörð

SJÁVARJÖRÐ VIÐ STEINGRÍMSFJÖRÐ Í STRANDBYGGÐ TIL SÖLU

Jörðin heitir Hrófberg og er innst við Steingrímsfjörð, að sunnanverðu um 10 km. frá Hólmanvík. Jörðin er í fögru umhverfi við sjó og á veiðihlunnindi í Staðará með laxveiði og Hrófbergsvatni með bleikju. Úr Hrófbergsvatni rennur Grjóta sem talinn er með betri virkjunarkostum á Vestfjörðum. Einnig er rjúpnaland gott.

Samkvæmt fasteignamati er íbúðarhúsið 246 m² og ræktað land 15,4 hektarar. Heildarstærð lands er talið amk. 1000 hektarar. Þá hentar jörðin vel til útivistar og þar er gott berjaland.

Áhugasamir hafi samband við Hrein Halldórsson á netfangið fax6@simnet.is og eða í síma 866-5582, sem gefur nánari upplýsingar.

Vandaður hornsófi með leðri á slitflötum, massív trégrind.

Stærð; 2,78x2,27, hægt að snúa.
Verð: 365 þús. Einnig til með svörtu áklæði á 295 þús eða sem sófasett 3+1+1, verð: 385 þús.



HEIMILISPRÝÐI

Heimilisprýði húsgagnaverslun

v. Hallarmúla 108 Reykjavík

Sími 553-8177 - heimilisprydi@simnet.is

Heimilisprydi.is



Máttur Facebook

Margir eru á Facebook til að fylgjast með fjölskyldu og vinum ásamt að vera meðlimir í alls konar hópum sem tengist áhugamáli hvers og eins, besta mál og oft ágætis skemmtiefni. Nokkrir hópar á Facebook tengjast landbúnaði, en einhver stærsti þeirra sem ég hef séð er hópur sem er með ýmislegt tengt landbúnaði til sölu (Landbúnaður til sölu/ óska eftir), fin síða sem að mestu er að auglýsa gömul tæki og oft úr sér gengin. Einnig hef ég rekist á síður sem eru meira lokaðar og ætlaðar fyrir smærri hópa eins og einn hópur sem mér var boðið í sem eru hjálparmenn við smalamennsku á bóndabýli hjá vinum mínum. Skemmtileg síða, sett upp af bændahjónum á Suðurlandi með mikið af myndum úr ævintýrum sem tengjast smalamennsku.

Facebook ekki bara vinsæl á Íslandi

Erlendis eru svipaðar síður um ýmis mál sem tengjast landbúnaði



Dráttarvél með slökkvitæki.

og má þar nefna síðu sem birtir aðallega myndir af seinheppnum bændum við störf sín og nefnist Farming Accidents. Bresku bændasamtökin eru svo með síðu á Facebook sem þeir nota til að koma fréttatengdu efni frá samtökunum

(NFU Online). Írar eru með síðu, sem nefnist Stop Farm Accidents, þar sem þeir koma á framfæri ýmsum fróðleik. Persónulega er ég mjög hrifinn af forvarnasíðu Íra sem rekin og fjármögnuð er af Írsku heilbrigðisstofnuninni

HSE (<http://www.hsa.ie>). Í síðasta forvarnapistli, þar sem ég skrifaði um hjálmlausa strákinn með farþegana tvo í kringum réttirnar, rakst ég á þessa síðu á Facebook: Kids/Teens Killed In Farm Related Accidents. Ef vilji er fyrir hendi þá er hægt að finna ótal síður sem eru um forvarnir í landbúnaði á Facebook. Einnig er mikið efni sem má finna á veraldarvefnum um forvarnir úti í heimi. Á þessu eina ári sem ég hef skrifað um forvarnir hefur mér oft dottið í hug hvort ekki væri full þörf fyrir síðu á Facebook þar sem

hægt væri að deila reynslusögum sem mættu hugsanlega koma í veg fyrir slys og fjárhagslegt tjón sem tengjast landbúnaði. Með smá vakningu í forvarnamálum má gera kraftaverk, en fyrir nokkru kvartaði ég yfir því að hafa ekki enn séð slökkvitæki áfast við dráttarvél. Stuttu eftir þann pistil fékk ég senda mynd sem gladdi mig mikið. Það á ekki að vera feimnismál að benda á það sem betur má fara, s.s. að nota hjálm á hestbaki og fjórhjóli, klæðast áberandi vestum við smalamennsku, hafa ljósabúnað í lagi á dráttarvélum og fleira.

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR

Stærð palls 2,55 x 8,6m



STURTUVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og litað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði

H. Hauksson ehf

Vikurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

Verkefna- og rannsóknasjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans

Verkefna- og rannsóknasjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum árið 2014.

Veittir verða tveir aðalstyrkir, kr. 300.000-, og einn verkefnastyrcur, kr. 100.000-. Sjóðsstjórn getur ákveðið þegar umsóknir liggja fyrir að eingöngu verði veittir styrkir til aðalverkefna ársins og hækka þá þær styrkuppþæðir í kr. 350.000.

Heimilt er að fella úthlutun ársins niður telji sjóðsstjórn engar umsóknir hæfar.

Úthlutað er til verkefna sem tengjast Fljótsdalshreppi, eða verkefna er sjóðsstjórn telur að nýtast muni sveitarfélaginu. Háskólanemar með lögheimili í Fljótsdalshreppi er sækja um fyrir verkefni sem metin eru hæf af sjóðsstjórn hafa forgang umfram aðra umsækjendur.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Fljótsdalshrepps, Végarði, 701 Egilsstaðir, fyrir 15. október, eða á netfangið fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Fljótsdalshrepps www.fljotsdalur.is

SMÁKÖKUSAMKEPPNI GESTGJAFANS OG KORNAX

SÚKKULAÐISMÁKAKA ÁRSINS 2014

Árleg smáköukeppni Gestgjafans og KORNAX fer fram 20. október nk. Skilyrði er að í smákökunum sé bæði KORNAX hveiti og súkkulaði frá Nóa Síríus. Einnig má hver smákaka ekki vera stærri en 5 cm í ummál. Verðlaunauppskriftirnar munu birtast í kökublaði Gestgjafans sem kemur út 7. nóvember. Vinnings smákakan verður í boði á jólahlaðborði Argentínu.

Vegleg verðlaun
sjá nánar á www.kornax.is

Dacia Logan:

Fjölskyldubíll með ótrúlega mikið farangursrými

Fyrir nokkru auglýsti BL nýjan ódýran Dacia-fólksbíl í heilsíðuauglýsingu með þeim orðum að fjögur golfsett kæmust fyrir langsum í farangursrýminu. Ég sem ánægður eigandi Dacia Duster-jepplings, sem hefur frekar lítið farangursrými, var ekki alveg tilbúinn að trúa þessu.

Eftir reynsluakstur á þessum 90 hestafla, framhjóladrifna bíl tel ég að Dacia Logan sé kjörinn bíll fyrir þá sem ferðast mikið með mikinn farangur, stór fjölskyldubíll á verði sem enginn annar býður.

Margt líkt og í Duster-jepplingnum

Þegar ég settist inn í bílinn kom margt kunnuglegt fyrir sjónir, s.s. flautan ekki í stýrinu (á enda stefnuljósa-rofana), takkinn fyrir akurstölvuna, speglarnir (sem eru aðeins of litlir), sætin, mælaborðið og fl. Sem sagt ekkert verið að hanna neitt nýtt því það er búið að sanna að þetta virkar þótt einfalt sé.

Þrátt fyrir að framsætin líti eins út og í jepplingnum eru þau mun hreyfanlegri í Dacia Logan, bæði fram og aftur, upp og niður. Grillið og afturhlerinn eru ekkert ósvipuð og í jepplingnum í útliti. Bogarnir á toppnum eru langsum eftir öllum bílnum og festir á þrem stöðum og virka sterklegir. Allt rými inni í bílnum er gott bæði í framsætum og aftursætum. Aftast er svo risastórt rými fyrir farangur og mælist 573 lítrar og með aftursætin niðri er rýmið 1518 lítrar (man aðeins einu sinni eftir því að hafa prófað bíl með yfir 550 lítra farangursrými).

Að sjá inn í bílinn að aftan virkar þetta rými eins og á litlum sendibíl, svo er töluvert pláss undir plötu



Dacia Logan.

Myndir / HLJ

þar sem varadekkið á að vera, en ekkert varadekk er í bílnum, aðeins rafmagnspumpa og viðgerðarsett til að bjarga sér.

Mjög stöðugur á malarvegi

Í prufuakstrinum fannst mér 1500cc



Ósköp svipað mælaborð og í jepplingnum, enda engin ástæða til að breyta því sem gott er.

dísilvélin vera löt af stað enda 20 hestöflum minni vél en í jepplingnum frá Dacia, en strax og skipt var í þriðja gír var letin búin og þökkalegt tog dísilvélarinnar nýtur sín, hins vegar hefði fimm gíra kassinn mátt vera sex gíra.

Eftir að hafa núllstillt akurstölvuna og ekið bílnum um 40 km í blönduðum akstri sýndi akurstölvun mér að mín eyðsla var 4,2 á hundraðið af dísilolíu. Inni í þessum akstri voru prófanir á snerpu, þéttur akstur í beygjum og malarvegsprófanir. Á vegi sem ég nota oft til prufuaksturs, þar sem malbik er töluvert skemmt og holótt, fannst mér ég heyra of mikið veghljóð.

Á malarvegi liggur Dacia Logan mjög vel og eflaust er það að hluta til að þakka hversu langt er á milli hjóla á bílnum og fjöðrun er mjög góð, en of mikið malarhljóð er upp af afturhjólnum á bílnum (mætti setja meira magn af ryðvarnargrunni aftan til undir bílinn).

Hagstætt verð gæti skapað vinsældir

Eftir að hafa prófað Dacia Logan var ég ekki ósáttur við margt, en hliðarspeglar mættu vera stærri. Þá



Mikið farangursrými.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.090 kg
Hæð	1.550 kg
Breidd	1.733 mm
Lengd	4.492
Vél:	1500cc dísil, 90 hestöfl, 5 gíra beinskíptur.
Verð frá	2.790.000

er veghljóð bæði á malbiki og frá grjóti á malarvegum, snerpa af stað úr kyrrstöðu mætti vera meiri og það vantar varadekk. Á móti kemur mikið rými alls staðar í bílnum, einfaldleiki, sem ég tel kost helstan þegar bíllinn eldist. Þá er minna af flóknum búnaði sem getur bilað. Bíllinn er eyðslugrannur, en uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 3,8 lítrar á hundraðið. Miðað við mitt



Hæð undir lægsta punkt er 15,3 cm.

aksturslag gæti ég trúað að ég væri að fara með á bilinu 4,3 til 5 lítrar á hundraðið.

Persónulega tel ég þennan bíl henta best þeim sem ferðast mikið og með mikinn farangur. Hann gæti því hentað fyrir bílaleigur, útivistarfolk eins og skíðafólk, golfara, göngufólk og fleiri sem þurfa mikið pláss fyrir farangur sem tengist áhugamálum þeirra. Allavega er verðið á bílnum hagstætt og eldsneytiseyðslan það lítil að rekstrarkostnaður bílsins er lágur. Nánari upplýsingar um Dacia Logan má finna á vefsíðunni www.dacia.is.

Lán til jarðakaupa

Byggðastofnun veitir lán til til að greiða fyrir kynslóðaskiptum og nýliðun í landbúnaði og til að tryggja áframhaldandi búskap á jörðum.

Um er að ræða verðtryggt lán til allt að 25 ára með 5% vöxtum. Möguleiki er að aðeins verði greiddir vextir fyrstu 3 árin. Skilyrði fyrir slíku láni er að á viðkomandi jörð sé stundaður búskapur í atvinnuskyni og að á jörðinni sé föst búseta.



Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Byggðastofnunar

BYGGÐASTOFNUNSími 455 54 00 postur@byggdastofnun.isFax 455 54 99 byggdastofnun.is

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Við festum kaup á jörðinni Stórhóll árið 1999. Voru þá á bænum 120 fjár og 15 hross og var strax farið í að setja vel á til að fjölga fjárstofninum á bænum. Árið 2005 byggðum við fjárhús fyrir 330 fjár og höfum við því pláss fyrir u.þ.b. 700 fjár í dag.

Í desember 2006 greinist hér riða og var því öllum stofninum fargað, þá orðinn um 550 fjár. Árið 2008 kaupum við svo nýjan stofn, sem er að mestu leyti ættaður úr Örafunum, en 503 gimbrar voru keyptar það haustið, þar af um 430 úr Örafunum.

Býli: Stórhóll, Húnaþingi vestra.

Staðsett í sveit: Víðidal.

Ábúendur: Garðar Valur Gíslason, Marianna Eva Ragnarsdóttir og börn þeirra; Ragnar Logi (2000), Kolbrún Hanna (2004), Valgerður Emma (2006).

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Fimm manna fjölskylda eins og áður er upptalið, auk þess búa Djákni, Olli, Týra og Bína, sem eru hundarnir á heimilinu, Tarsan, Bangsi og Lína sem eru kettirnir



og svo tveir hamstrar sem dæturnar eiga. Ef húsmóðirin fengi meiru að ráða væri þessi listi mjög langur.

Stærð jarðar? Tja ... segjum +/- 600 hektarar.

Gerð bús? Sauðfjárbú með smá hrossaívafi.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 630 fjár voru á fóðrum sl. vetur, líklega fjölgar líttillega núna þar sem að gera þarf ráð fyrir því að 2008-árgangurinn fari að detta út, 40 hross eru á bænum, nokkrar endur og dágóður slatti af hænum.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Það er nú árstíðarskipt hvernig vinnudagurinn er, á veturna eru



